


skoðun 14

## 2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Reiðhjól




## Stórt mál fyrir samfélagið
*Inga Lind Karlsdóttir undirbýr heimildarmynd um offitu meðal barna.*

fólk 34




# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
**3. maí 2011**
101. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011


# Tekjur af tölvuleikjum hafa sexfaldast á fjórum árum

**Heildarverðmæti útflutnings tölvuleikja hefur sexfaldast á fjórum árum. Útflutningstekjur voru tveir milljarðar árið 2005 og rúmir 13 milljarðar árið 2009. Um 3% af heildarútflutningi eru afurðir skapandi greina.**

**VIÐSKIPTI** Mesti vöxtur útflutningstekna í skapandi greinum hér á landi hefur verið í útgáfu tölvuleikja. Heildarverðmæti hefur sexfaldast á árunum 2005 til 2009, úr 1,9 milljörðum króna í 13,2 milljarða. Nær öll velta í útgáfu á tölvuleikjum hér á landi telst til útflutnings.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu um hagræn áhrif skapandi greina á Íslandi. Að skýrslunni stóðu dr. Margrét Sigrún Sigurðardóttir, lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, og Tómas Young, verkefnastjóri ÚTÓN. Notuð voru gögn frá Hagstofu Íslands, Fjársýslu ríkisins og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

> **24** milljarðar voru útflutningstekjur skapandi greina árið 2009.

Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri tölvuleikjaframleiðandans CCP, segir þróun í útflutningi tölvuleikja hraðari hér á landi en erlendis, en útflutningur CCP nam 7,5 milljörðum króna árið 2009, sem gerir um 60 prósent af heildarútflutningsverðmæti íslenskra tölvuleikja.

„Þetta hentar Íslendingum vel," segir Hilmar. „Það hefur ekki borið mikið á markaðssetningu í íslensku samfélagi þar sem gert er út á að láta tölvuleiki verða part af útflutningi. En það gerðist og því ber að fagna." Hann bætir við að nú sé orðinn til eins konar sjálfsprottinn klasi af fyrirtækjum sem sinni greininni og slíkt sé ákveðið heilbrigðismerki.

Útflutningstekjur skapandi greina voru um 24 milljarðar árið 2009 eða um 3 prósent af heildarútflutningi þjóðarinnar. Til samanburðar má nefna að tekjur af útflutningi landbúnaðarvara námu um 1,5 prósenti af heildarútflutningstekjum.

- sv / sjá síðu 8



## Ekki fundið þann rétta
*Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, er sextug í dag.*

tímamót 20

## Fyrsta æfing gekk vel
*Vinir Sjonna eru komnir til Düsseldorf þar sem Eurovision-keppnin fer fram.*

fólk 34



## Dramatísk byrjun
*Valur, ÍBV, Grindavík og Keflavík unnu sigra í Pepsi-deild karla í gær.*

sport 30

## veðrið í dag




**SÓL OG BLÍÐA** Í dag verður yfirleitt hæg austlæg eða breytileg átt og bjartviðri, en skýjað með köflum NV-til. Hiti víðast 8-16 stig.

VEÐUR 4



**HVÍTABJÖRN FÉKK EKKI AÐ LIFA** Ísbjörn sem felldur var af öryggisástæðum á Hornströndum í gær var fluttur með þyrlu Landhelgisgæslunnar til Reykjavíkur. Til vinstri stendur Jón Gunnar Ottósson, forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar, sem tók við dýrinu til rannsóknar. sjá síðu 2 og 34 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Alzheimer oft vangreint:

## Lítil þekking á heilabilunum

**HEILSA Heilabilun er oft afskrifuð sem eðlileg minnisglöp vegna vanþekkingar á heilabilunarsjúkdómum. Þetta segir María K. Jónasdóttir, sérfræðingur í klínískri taugasálfræði. Hún hlaut á dögunum styrk frá Vísindasjóði Landspítala til að fara af stað með rannsókn á þekkingu almennings á Alzheimer-sjúkdómnum.**



SVAVA ARADÓTTIR

**Heilabilunarsjúkdómar hrjá um 20 prósent fólks eldra en áttatíu ára. Svava Aradóttir, framkvæmdastjóri Félags áhugafólks og aðstandenda Alzheimer-sjúklinga segir ljóst að fólki með heilabilun muni fjölga verulega á næstu áratugum og sárlega vanti stefnumótum í þessum málaflokki. Þótt þekking á heilabilunarsjúkdómum hafi aukist á undanförnum árum sé enn langt í land.**

- jma / sjá Allt í miðju blaðsins

Osama bin Laden felldur í Pakistan nærri áratug eftir að hann fór í felur:

## Sterk viðbrögð víða um heim

**BANDARÍKIN, AP** Fréttir af láti Osama bin Ladens vöktu sterk viðbrögð víða um heim í gær. Í Bandaríkjunum kom fólk saman og fagnaði tíðindunum, meðal annars við Hvíta húsið í Washington og á staðnum þar sem Tvíburaturnarnir stóðu í New York.

Bin Laden fannst í rammgerðu húsi í borginni Abottabad í Pakistan, nærri áratug eftir árásirnar 11. september. Tveir tugir bandarískra sérsveitarmanna réðust inn í húsið og felldu hann í skotbardaga.



OSAMA BIN LADEN

Þjóðarleiðtogar í Evrópu og víðar um heim sögðu flestir tíðindin ánægjuleg. Einnig fagnaði Hamid Karzai, leiðtogi Afganistans, fréttunum af láti bin Ladens.

Sums staðar í múslimaheiminum kom fólk hins vegar saman og fordæmdi það níðingsverk, sem það sagði Bandaríkjamenn hafa framið.

Bandaríkjamenn hika við að birta myndir af átökunum eða líki bin Ladens, en líklega verður myndefni frá útför hans á hafi úti birt fljótlega.

- gb / sjá síðu 6










## SPURNING DAGSINS



*Björn Valur, mútarðu honum ekki bara til að hætta við?*

„Too late! Ætli maður verði ekki að einbeita sér að dómurunum."

Guðlaugur Þór Þórðarson hefur ákveðið að höfða meiðyrðamál á hendur Birni Val Gíslasyni vegna ásakana um mútuþægni.

Mikil reiði við útför sonar Gaddafís í gær, tveimur dögum eftir að hann féll í árás:

# Mannfjöldinn krafðist hefndar

**LÍBÍA, AP** Meira en tvö þúsund Líbíumenn komu saman í Trípolí í gær við útför næstyngsta sonar Múammars Gaddafís og þriggja barna hans í gær. Mikil reiði var í mannfjöldanum, sem krafðist hefndar.

Seif al-Arab, sonur Gaddafís Líbíuleiðtoga, féll í árás NATO á hús í Trípolí á laugardagskvöld. Börnin þrjú létust einnig, en Gaddafí sjálfur slapp þótt hann hafi verið í húsinu. Elsta barnið var tveggja ára en það yngsta hálfs árs.

Rússnesk stjórnvöld hafa gagnrýnt árásina og Suður-Afríkustjórn sömuleiðis. Rússar krefjast þess að vopnahlé hefjist án tafar. NATO neitar því að tilgangur árásarinnar hafi verið sá, að ráða Gaddafí af dögum.

Tveir aðrir synir Gaddafís, þeir Seif al-Islam og Mohammed, voru viðstaddir útförina, en Gaddafí sjálfur var fjarverandi. Liðsmenn Gaddafís hafa haldið áfram að varpa sprengjum á borgina Misrata, sem er skammt frá Trípólí, en hundruð manna hafa fallið þar síðustu vikurnar. **- gb**



**ÚTFÖR Í TRÍPOLÍ** Fjölmenni var við útför sonar Gaddafís í Trípolí í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hafnarverkamenn mótmæla:

# Geislavirkir bílar frá Japan

**SÍLE, AP** Tollverðir í Síle hafa mælt geislavirkni í bifreiðum frá Hyundai-verksmiðjunum í Japan.

**Um hundrað hafnarverkamenn neita nú að taka þátt í uppskipun bifreiðanna, og segja heilsu sinni ógnað.**

**Geislavirknin er reyndar það lítil, að hún er skaðlaus mönnum, að sögn stjórnvalda í Síle. Hún mældist í 21 bifreið af alls 2.500, sem komu með skipi frá Yokohama til hafnarborgarinnar Iquique. - gb**

Lögreglan handtók dópsala:

# Fann töluvert af maríjúana

**LÖGREGLUMÁL Tveir karlar á þrítugsaldri voru handteknir í Breiðholti fyrir helgina en þeir voru gripnir við sölu á fíkniefnum.**

**Lögreglan hafði fylgst með ferðum þeirra en kaupandinn, karl á fertugsaldri, var sömuleiðis handtekinn.**

**Í bíl fíkniefnasalanna fundust rúmlega 30 grömm af marijúana og var það ætlað til sölu.**

**Mennirnir voru færðir á lögreglustöð en í framhaldinu var farið í húsleit hjá karli á þrítugsaldri, búsettum í Breiðholti, en sá hefur alloft áður komið við sögu hjá lögreglu, meðal annars vegna fíkniefnamála.**

**Þar fannst enn þá meira af marijúana, eða yfir 300 grömm, og einnig hass og nokkuð af amfetamíntöflum. Á sama stað var einnig lagt hald á mikið af þýfi.**

Matjurtarækt á vallarsvæði:

# Nemar í Ásbrú fá skólagarða

**SKÓLAMÁL** Íbúum Ásbrúar á Keflavíkurflugvelli gefst nú kostur á að setja niður kartöflur og aðrar matjurtir í matjurtagörðum á Ásbrú, að því er segir í orðsendingu frá Hjálmari Árnasyni, framkvæmdastjóra Keilis.

„Líklega er það einsdæmi að skólagarðar bjóði námsfólki slíka aðstöðu. Þetta hófst í fyrrasumar í samstarfi Keilis, Háskólavalla, Reykjanesbæjar og Þróunarfélagsins. Margir nýttu sér þetta einstaka tækifæri og uppskáru vel um haustið. Nú hefur íbúum aftur verið boðið að fá reit í þessum matjurtagarði Ásbrúar. Má með sanni tala um eiginlega skólagarða," segir Hjálmar. **- gar**

# Enn einn ísbjörninn felldur

**Hvítabjörn sem sjómenn úti fyrir Hælavík komu auga á í gærmorgun var felldur í Rekavík eftir eltingarleik um Hornstrandir. Mikil yfirferð var á birninum og óttaðist lögregla að missa sjónar á dýrinu í þéttri þoku.**

**UMHVERFISMÁL** Hvítabjörn sem felldur var í Rekavík á Hornströndum í gær var fluttur til Reykjavíkur þar sem Náttúrufræðistofnun mun rannsaka dýrið.

Það voru sjómenn á grásleppuveiðum á bátnum Sædísi sem komu auga á ísbjörninn í Hælavík um klukkan níu. Náðu þeir að komast í fárra tuga metra færi við bjössa sem leitaði þó til lands að nýju og lét sig hverfa inn í þokuna til fjalla. Lýstu skipverjar dýrinu sem afar spræku.

Eftir að þyrla Landhelgisgæslunnar var kominn þangað norður fannst björninn í Rekavík bak Höfn sem er á milli Hælavíkur og Hornvíkur. „Þoka var í efstu brúnum og var mikil yfirferð á dýrinu.

Lögreglan á Ísafirði var með í för og mat aðstæður þannig að ómögulegt væri að vakta dýrið allan sólarhringinn á svæðinu og tryggja þannig að það færi ekki í sjó eða flytti sig um set í átt að byggð. Því var tekin ákvörðun um að fella dýrið af öryggisástæðum," segir í tilkynningu frá Kristni Má Ársælssyni, upplýsingafulltrúa Umhverfisstofnunar. Björninn var hæfður með tveimur skotum úr þyrlu Landhelgisgæslunnar klukkan 14.20.

Hælavíkurbjörninn er fjórði björninn sem felldur er hér á landi á tæpum þremur árum. Í grein dr. Ævars Petersen um komur hvítabjarna hingað til lands segir hann ekkert benda til þess að hvítabjörnum fari fjölgandi né að koma þeirra að sumarlagi bendi til einhverra breytinga fyrir tíð. Segir Ævar „fullljóst að hvítabirnir munu aldrei þrífast hér til lengri tíma vegna ísaleysis og óhentugs ætis".

Nefnd sem skipuð var eftir að tveir ísbirnir komu á land við Skaga í júní 2008 taldi að heppilegast væri að fella slík dýr. Meginrökin fyrir því voru í fyrsta lagi öryggi fólks og búfénaðar. Í öðru lagi að slík flækingsdýr kæmu líklegast frá Norðaustur-Grænlandi þar sem stofninn sé sterkur og í þriðja lagi að mikill kostnaður sé við flutning dýranna til fyrri heimkynna.

Jón Gnarr borgarstjóri kvaðst í gær harma örlög hvítabjarnarins. Framkvæmdastjóri Besta flokksins, segir flokkinn hafa sett á laggirnar söfnun fyrir búnaði til að fanga birni sem villist hingað. „Auk þess viljum við koma upp aðstöðu í Húsdýragarðinum þar sem dýrunum er hjúkrað, þau rannsökuð og svo vonandi á endanum skilað aftur í náttúruleg heimkynni sín," segir Heiða Kristín Helgadóttir.

**gar@frettabladid.is**






**JÚNÍ 1993** Ungt karldýr náðist á sundi skammt frá ísbreiðu, þar sem skipverjar náðu að bregða snöru um háls dýrsins og hengja það.

## Nýlegar ísbjarnakomur

- **Júní 1993:** 60 sjómílur norðaustur af Hornbjargi. Skipverjar á Guðnýju ÍS 266 drápu dýrið með því að bregða snöru um háls þess og hengja það.
- **Júní 2008:** Tveir birnir ganga á land í Skagafirði. Sá fyrri var felldur 3. júní í Þverárhlíð, nálægt bænum Heiði, sá seinni var felldur við bæinn Hraun á þjóðhátíðardaginn.
- **Janúar 2010:** Birna var vegin við bæinn Sævarland í Þistilfirði.



**BJÖRNINN Á STRÖNDUM** Ísbjörninn á Hornströndum fór hratt yfir og ekki þótti forsvaranlegt að missa sjónar af honum lifandi í slæmu skyggni sem var þar á svæðinu í gær. MYND/LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS




Veturinn virðist loks ætla að lina takið og sumarið er handan við hornið:

# Útskriftarnemar borðuðu ís utandyra

**FÓLK** „Það er aldrei að vita en eins og veðrið hefur verið er þó engu að treysta," sagði grafíski hönnuðurinn Bjarki Fannar Atlason aðspurður í gær hvort sumarið sé nú loks komið.

Bjarki brá sér undir bert loft ásamt samnemanda sínum, Guðbjörgu Tómasdóttur, af útskriftarsýningu Listaháskólans í Hafnarhúsinu til að gæða sér á ís og fylgjast með mannlífinu á Ingólfstorgi.

Eftir rysjótt veðurfar undanfarið er ekki ólíklegt að þau geti í dag og morgun borðað ísinn sinn utandyra því samkvæmt Veðurstofu Íslands er spáð björtu veðri þessa daga. Þó á fimmtudag eigi vætutíð að taka við í höfuðborginni er reiknað með að hitinn verði allt að 14 gráðum um næstu helgi. **- gar**



**INGÓLFSTORG Í GÆR** Bjarki Fannar Atlason og Guðbjörg Tómasdóttir nutu veðurblíðunnar á Ingólfstorgi í gær. Hæst komst hitinn í Reykjavík í um 15 stig klukkan fjögur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA
REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is
RÝMUM FYRIR
SUMARVÖRUM
30-50% afsláttur af völdum barna-snjógöllum
VIÐ ERUM AÐ FÁ FULLT AF NÝJUM OG SPENNANDI VÖRUM FYRIR SUMARIÐ OG RÝMUM ÞVÍ TIL Í VERSLUNUM OKKAR
20% afsláttur af STILLONGS barnafatnaði
30-50% afsláttur af völdum skóm
30-50% afsláttur af völdum peysum
30-50% afsláttur af völdum úlpum og snjóbuxum
PIPAR\TBWA • SÍA • 1109470

## GENGIÐ 02.05.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 110,75 | 111,27 |
| Sterlingspund | 184,79 | 185,69 |
| Evra | 164,25 | 165,17 |
| Dönsk króna | 22,024 | 22,152 |
| Norsk króna | 21,063 | 21,187 |
| Sænsk króna | 18,408 | 18,516 |
| Japanskt jen | 1,3585 | 1,3665 |
| SDR | 179,46 | 180,52 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

218,2483

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Einar K. Guðfinnsson segir vinnu innan ESB um fiskveiðistjórn skammt komna:

# Erfitt að vera í Samfylkingunni

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það hlýtur að vera svolítið afkáralegt að vera Samfylkingarmaður um þessar mundir. Verið er að knýja fram inngöngu Íslands í Evrópusambandið á sama tíma og fréttir segja að verið sé að skoða ýmsa þætti úr fiskveiðistjórnun hér á landi og Samfylkingin er sífellt að reka hornin í,“ segir Einar K. Guðfinnsson, þingmaður og fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, og vísar til hugmynda innan framkvæmdastjórnar ESB um að taka upp framseljanlegar aflaheimildir og banna brottkast.



EINAR K. GUÐFINNSSON

Eins og kunnugt er hefur Samfylkingin beitt sér fyrir því að skera upp íslenska kerfið og framsalið er ekki síst undir.

Einar segir hugmyndir innan framkvæmdastjórnarinnar skammt á veg komnar. „Við þekkjum að innan ESB eru mjög skiptar skoðanir um fiskveiðistjórnun og mörg áhrifamikil ríki hafa verið andvíg þessum hugmyndum.“

Einar telur að hugmyndir innan framkvæmdastjórnarinnar breyti engu um aðild Íslands að ESB. Þar sé ekki tekið á þeim stóru pólitísku spurningum sem hér eru uppi. „Þá á ég við spurningar sem lúta að stjórn Íslendinga á fiskveiðilöggjöfinni, stjórn á veiði úr deilistofnum og fleira. Hugmyndirnar kunna að vera skynsamlegar en það er mikil óvissa um niðurstöðuna og þær taka ekki á þeim álitamálum sem þarf að svara í aðildarumsóknarviðræðum,“ segir Einar. - shá

Icelandair víkkar út starfsemi:

# Komið í samstarf við JetBlue

**VIÐSKIPTI** Icelandair og flugfélagið JetBlue Airways kynntu í gær samstarf sem meðal annars felur í sér sölu og farseðlaútgáfu á flugleiðum hvors annars.

Viðskiptavinir Icelandair geta nú keypt einn farseðil frá Íslandi til þeirra tuga bandarísku borga sem JetBlue flýgur til og jafnframt geta viðskiptavinir JetBlue keypt miða til Íslands og Evrópulanda með flugi Icelandair.

Forystumenn félaganna undirritu samninginn í New York og hann tekur gildi í dag.



**NÚ LOKAÐ FRAM Á HAUST** Skíðasvæðið í Bláfjöllum var opið í 63 daga í vetur, en slakasti veturinn er varðar opnun var árið 2003 til 2004, þegar opið var einungis í 25 daga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bláfjöll lokuð fram á haust:

# Opið í 63 daga þennan vetur

**ÚTIVIST** Skíðasvæðinu í Bláfjöllum hefur nú verið lokað eftir veturinn. Flestir opnunardagar voru stakir eða með lítilli samfellu vegna veðurs og kom það niður á gestafjöldanum, að því er segir í tilkynningu. Svæðið var opið í 63 daga og gestir voru 46 þúsund, að undanskildum gönguskíðamönnum.

Veturinn 2007 til 2008 var opið 67 daga í Bláfjöllum. Veturinn 2009 var svæðið opið í 56 daga.

„Þó að nægur snjór hefði verið þá var veðurfarið okkur óhagstætt og sem dæmi þá náðist ekki að hafa opið nema eina heila helgi eftir áramót,“ segir í tilkynningu frá forsvarsmönnum Bláfjalla um veturinn sem var að líða. - sv

**SJÁVARÚTVEGUR**

### Þorskverð hækkar

Á fundi úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna var ákveðið að hækka verð á slægðum og óslægðum þorski, sem ráðstafað er til eigin vinnslu eða seldur til skyldra aðila, um fimm prósent. Verð þetta gildir frá og með 2. maí 2011.

# Áttu engan annan kost en neyðarlögin

## Íslensk stjórnvöld mótmæla því að brotið hafi verið gegn EFTA-tilskipun með setningu neyðarlaganna. Þess er krafist í svari til EFTA að málið verði fellt

**EFNAHAGSMÁL** Íslensk stjórnvöld höfðu ekki annan kost til að verja innstæðueigendur í bankahruninu en að setja neyðarlögin. Með því var ekki brotið gegn tilskipun Evrópska efnahagssvæðisins (EFTA) um að innleiða og framfylgja tilskipun um innstæðutryggingar, að því er segir í formlegu svari stjórnvalda til ESA, eftirlitsstofnunar EFTA.

Með þessu bregðast stjórnvöld við áminningarbréfi sem ESA sendi í maí á síðasta ári. Íslensk stjórnvöld krefjast þess að málið verði látið niður falla hjá stofnuninni.

Í áminningarbréfi ESA kemur fram að það sé skylda íslenskra stjórnvalda að ábyrgjast innstæður breskra og hollenskra eigenda innstæðna á Icesave-reikningum Landsbankans að því ríflega 20 þúsund evra marki sem reglur um innstæðutryggingar kveða á um.

ESA mun fara yfir rök íslenskra stjórnvalda og annaðhvort láta málið niður falla eða gefa út rökstutt álit um brot Íslands. Verði síðari leiðin ofan á þurfa stjórnvöld að svara fyrir afgreiðslu sína á málinu. Fallist ESA ekki á þau rök verður höfðað mál gegn íslenskum stjórnvöldum fyrir EFTA-dómstólnum.

Í svari íslenskra stjórnvalda, sem sendiherra Íslands í Brussel afhenti í gær, segir að innleiðing innstæðutilskipunarinnar hafi átt sér stað með eðlilegum hætti. Því er mótmælt að tilskipunin feli í sér ríkisábyrgð á innstæðum, aðeins sé hægt að krefjast greiðslu þeirra fjármuna sem fyrir séu í Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjármagnseigenda.

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, sagði á fundi með fjölmiðlafólki að íslensk stjórnvöld hefðu tryggt eftir því sem hægt hafi verið að innstæðueigendur fengju eign sína greidda. Það hefðu þau gert með setningu neyðarlaganna svokölluðu, þar sem innstæður hefðu verið gerðar að forgangskröfum í þrotabú föllnu bankanna.

Hann benti jafnframt á að nú væru allar líkur á því að innstæðueigendur fengju kröfur sínar greiddar úr þrotabúi Landsbankans.

Ekkert innstæðukerfi getur staðið af sér algert bankahrun, sagði Árni. Því verði ekki talið að Ísland hafi með nokkrum hætti vanrækt skyldur sínar þó að greiðslur til innstæðueigenda tefjist.

Árni sagði víðtækt samráð hafa verið við vinnslu svars íslenskra stjórnvalda til ESA. Hann sagði sérstaklega ánægjulegt að þeir sem barist höfðu hvað harðast fyrir því að Íslendingar höfnuðu Icesave-samningunum í þjóðaratkvæðagreiðslu hefðu hjálpað til við að finna rök og gögn sem komið hefðu að gagni. Meðal þeirra voru Jóhannes Karl Sveinsson, Peter Dyrberg, Dóra Guðmundsdóttir, Eiríkur S. Svavarsson, Reimar Pétursson og Stefán Már Stefánsson.

brjann@frettabladid.is




**SVARBRÉF** Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, kynnti svar Íslands til ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, í Þjóðmenningarhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Bretland og Holland einnig brotleg

Aðgerðir Breta og Hollendinga eftir hrunið takmörkuðu svigrúm íslenskra stjórnvalda til að bregðast við bankahruninu, sagði Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, í gær. Það hafi til að mynda verið gert með frystingu eigna í Bretlandi og Hollandi. Það var með því að beita ákvæðum hryðjuverkalaga í Bretlandi, eins og frægt er orðið. „Það er algerlega óumdeilt að Bretar og Hollendingar brutu gegn ákvæðum tilskipunar [EFTA] um slit á fjármálafyrirtækjum með einhliða aðgerðum sínum,“ sagði Árni í gær. Það hafi tafið uppgjör á þrotabúi Landsbankans verulega.

Umsóknir um dómarastöður:

# Tveir hæfastir fyrir Hæstarétt

**STJÓRNSÝSLA Eiríkur Tómasson lagaprófessor og Þorgeir Örlygsson, dómari við EFTA-dómstólinn, eru hæfastir af sex umsækjendum til að gegna embætti hæstaréttardómara að mati sérstakrar dómnefndar. Á eftir þeim voru sett í sama flokk þau Benedikt Bogason dómstjóri, Gréta Baldursdóttir héraðsdómari, Helgi I. Jónsson dómstjóri og Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.**

**Upphaflega voru átta umsækjendur um dómaraembættin þrjú en tveir drógu sína umsókn til baka. Í dómnefndinni eru Páll Hreinsson, formaður hennar, Allan V. Magnússon, Brynjar Níelsson, Guðrún Agnarsdóttir og Stefán Már Stefánsson.** - gar

Truflun hjá Iceland Express:

# Þotu snúið við eftir flugtak

**SAMGÖNGUR** Þota Iceland Express til Berlínar í gærkvöld var snúið aftur til lendingar skömmu eftir flugtak frá Keflavík í gær. Ekki tókst að fá upplýsingar um atvikið frá félaginu í gær. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var það gert í öryggisskyni vegna þrýstingsvandamáls um borð.

Farþegi sem var um borð í vélinni sagðist í samtali við Fréttablaðið einnig hafa fengið slíkar skýringar. Hins vegar hafi farþegar engar aðrar upplýsingar fengið um áætlaða framvindu málsins. Þeim hafi þó verið fengnar 1.500 krónur fyrir veitingum. „Það fæst ekkert fyrir 1.500 krónur á Keflavíkurflugvelli,“ sagði farþeginn. Engin hætta mun hafa verið á ferðum og ekki var óskað aðstoðar við lendinguna. - gar




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**MILT OG BJART**
Sól og blíða í allflestum landshlutum í dag og má búast við 8-16°C. Svipað á morgun en kólnar lítillega. Á fimmtudag eru horfur á bjartviðri víðast hvar en þykknar smám saman upp syðra um kvöldið.




**Á MORGUN**
3-8 m/s, en örlítið stífari syðst.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 14° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 23° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 9° |
| París | 17° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

Eignastýring MP banka

# ÁRANGUR OKKAR TALAR SÍNU MÁLI




**Meðalávöxtun er 14,4% á síðustu 8 árum.***

Súluritið sýnir ávöxtun leiðar 1 hjá eignastýringu MP banka 2003-2010.
Leið 1, varfærin stýring, má fjárfesta í skuldabréfum 50-100% og hlutabréfum 0-50%.
Öll innlend hlutabréf leiðarinnar voru seld fyrir mitt árið 2008.
Starfsfólk eignastýringar hefur vakandi auga fyrir nýjum tækifærum sem kunna að myndast á hlutabréfamarkaði á næstunni.
Meðalverðbólga er 6,4% á síðustu 8 árum.

* Nafnávöxtun eignastýringarleiðar 1, 2003-2010 skv. útreikningi MP banka. Ávöxtun miðast við söfn í stýringu allt árið. Ávöxtun er sýnd án þóknana en þær eru mismunandi eftir stærð safna. Um 65% viðskiptavina eignastýringar MP banka eru nú í leið 1. Athugið að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

## 14,4%

### Meðalávöxtun á síðustu 8 árum*

MP banki hefur langa reynslu af eignastýringu fyrir einstaklinga, félög og sjóði. Aðferðafræði eignastýringar MP banka hefur skilað viðskiptavinum framúrskarandi árangri óháð markaðsaðstæðum hverju sinni.

**Kynntu þér eignastýringu MP banka á www.mp.is eða hafðu samband í síma 540 3200.**

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

**FRÉTTASKÝRING:** Osama Bin Laden veginn í gær

# Fannst í Pakistan eftir tíu ára leit

**Bandaríkjamenn fagna vígi Osama bin Laden. Bæði ljósmyndir af líkinu og rannsóknir á lífsýnum úr því eru sagðar staðfesta að hann sé í reynd látinn. Bandaríkjamenn telja hann hafa notið velvilja einhverra afla í Pakistan.**

Víða í Bandaríkjunum kom fjöldi fólks saman til að fagna dauða Osama bin Laden, meðal annars fyrir utan Hvíta húsið í Washington og á staðnum þar sem Tvíburaturnarnir stóðu í New York. Meðal annars komu þar saman margir ættingjar og aðrir aðstandendur þeirra sem létu lífið í árásunum 11. september 2001.

„Þetta er sælutilfinning, þótt ekki sé þetta hamingja af því tagi sem fær mann til að hoppa af gleði,“ sagði Charles Wolf, íbúi í New York, sem missti eiginkonu sína í árásunum þar.

Bandaríkjamenn höfðu í gær hvorki birt myndir af því sem gerðist né annað sem fært gæti sönnur á dauða bin Ladens.

Bandaríkjamenn segjast þó hafa tekið myndir og gert rannsóknir á lífsýnum úr líkinu, sem staðfesti að sá látni hafi verið bin Laden. Þá segja þeir að eiginkona hans, sem var á staðnum, hafi nefnt hann með nafni áður en hann lést.

Myndbirting hefur ekki verið útilokuð, en vega þurfi og meta kosti þess og ókosti að dreifa myndum af líki hans.

Bandaríkjamenn segja Osama bin Laden hafa skotið á bandarísku hermennina þegar þeir réðust inn í bygginguna. Hann hafi orðið fyrir skotum þeirra og látist eftir langan bardaga. Ekki hafi reynst mögulegt að ná honum lifandi, þótt vilji hafi verið til þess. Fyrirfram hafi verið búist við því að hann myndi grípa til vopna frekar en að láta ná sér lifandi.

Alls er aðgerðin sögð hafa tekið um 40 mínútur, frá því að hermennirnir réðust inn á lóðina þangað til allt var yfirstaðið.

Bandaríkjamenn segjast hafa farið með líkið af honum út á haf og sökkt því þar, eftir að hafa búið líkið undir útför að íslömskum sið. Meðal annars var líkið þvegið og vafið inn í hvítt klæði.

Alls tóku 24 bandarískir sérsveitarmenn þátt í aðgerðinni. Þeir fóru á fjórum þyrlum að húsinu, þar sem bin Laden hafðist við í bænum Abottabad, sem er langt inni í landi um það bil hundrað kílómetra norður af höfuðborginni Islamabad.

Húsið er aðeins í 800 metra fjarlægð frá Kakul-herskólanum, sem er virtasti herskóli Pakistans. Fjölmargar lykilstofnanir pakistanska hersins eru einnig í borginni Abottabad, sem er vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Íbúar þar eru um 400 þúsund.

John Brennan, helsti ráðgjafi Obama í hryðjuverkamálum, segir óhugsandi annað en bin Laden hafi notið velvildar einhverra afla í Pakistan. Bæði Bandaríkjamenn og Indverjar hafa lengi sakað pakistönsk stjórnvöld um margvísleg tengsl við hryðjuverkamenn, þrátt fyrir að Pakistanar hafi í kjölfar 11. september veitt Bandaríkjamönnum margvíslega aðstoð við að leita uppi hryðjuverkamenn.

Bandarískir embættismenn segja upplýsingar, sem fram komu við yfirheyrslur grunaðra hryðjuverkamanna, hafa orðið til þess að á endanum komust þeir á sporið.

Meðal annars hafi bæði Khalid Sheikh Mohammed, maðurinn sem skipulagði árásirnar 11. september, og Abu Faraj al-Libi, sem tók við af Mohammed eftir að hann var handtekinn, nefnt á nafn einn helsta aðstoðarmann bin Ladens. Báðir máttu þeir sæta pyntingum af hálfu bandarísku leyniþjónustunnar, eða „harkalegum yfirheyrsluaðferðum“ eins og það er nefnt, þegar þeir voru hafðir í haldi í leynilegum fangelsum í Póllandi og Rúmeníu áður en þeir voru fluttir til Guantanamo-búðanna á Kúbu.

Það var George W. Bush, þáverandi forseti Bandaríkjanna, sem gaf leyniþjónustunni heimild til að beita þessum yfirheyrsluaðferðum, en Barack Obama lét loka leynifangelsunum.



**HARMDAUÐI** Félagar í stjórnmálaflokknum Jamiat Ulema-i-Islam Nazaryati, sem styður talibanahreyfinguna, komu saman í bænum Quetta í Pakistan í gær til að mótmæla því níðingsverki, sem þeir segja Bandaríkjamenn hafa framið. NORDICPHOTOS/AFP

## Er lífsmark með Al Kaída?

Óvíst er hvaða áhrif lát bin Ladens mun hafa á Al Kaída, samtökin sem undir hans stjórn báru ábyrgð á árásunum 11. september. Óljóst er reyndar hvað er eftir af þessum samtökum og hversu skipulögð þau hafa verið. Jafnvel hafa heyrst efasemdir um að þau hafi nokkurn tímann verið til.

Ljóst þykir þó að á meðan bin Laden hafðist við í Afganistan í skjóli talibanastjórnarinnar í nokkur misseri fram til haustsins 2001 rak hann þar þjálfunarbúðir fyrir hryðjuverkamenn og stóð að skipulagningu hryðjuverka víða um heim.

Nafnið „Al Kaída“ þýðir einfaldlega bækistöð, og átti líklega við um bækistöðvar bin Ladens og félaga hans í Afganistan og Pakistan. Þeim bækistöðvum tengdust lauslega skoðanabræður hans víðs vegar um heiminn, sem bæði þá og síðar hafa staðið að hryðjuverkum í nafni samtakanna, þótt óljóst sé hvort eða að hve miklu leyti bin Laden sjálfur og nánustu samstarfsmenn hans hafi verið með í skipulagningu þeirra.

Búast má við að einhverjir þessara skoðanabræðra hans muni reyna að hefna fyrir dauða hans með einhverjum hætti. Bandaríkjastjórn segist þó vonast til að með dauða bin Ladens muni sá lífskraftur, sem hugsanlega er enn eftir í Al Kaída, smám saman fjara út.




**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is


## Helstu árásir tengdar Al Kaída

| | |
|---|---|
| **7. ágúst 1998** | Sprengjuárásir á sendiráð Bandaríkjanna í Keníu og Tansaníu urðu 200 manns að bana og beindu athygli heimsins að Osama bin Laden og Al Kaída. |
| **12. október 2000** | Árás á bandaríska tundurspillinn USS Cole í Jemen kostar 17 sjóliða lífið. |
| **11. september 2001** | Árásir á Tvíburaturnana í New York og Pentagon í Washington ásamt hrapi þotu í Pennsylvaníu kosta nærri 3.000 manns lífið. |
| **11. apríl 2002** | Sprengja í bænahúsi gyðinga í Túnis kostar 19 manns lífið. Flestir þeirra voru þýskir ferðamenn. |
| **12. október** | Sprengjuárás á diskótek á Balí kostar 202 manns lífið. Margir þeirra voru vestrænir ferðamenn. |
| **28. nóvember** | Sjálfsvígsárás á ísraelskt hótel í Mombasa í Keníu kostar 16 manns lífið. |
| **12. maí 2003** | Sjálfsvígsárásir á íbúðarhús Vesturlandabúa í Ríad í Sádi-Arabíu kosta 35 manns lífið. |
| **16. maí** | Sjálfsvígsárásir í Casablanca í Marokkó kosta 45 manns lífið. |
| **5. ágúst** | Bílasprengjur utan við Marriott-hótel í Djakarta kosta 12 manns lífið. |
| **8. nóvember** | Sjálfsvígsárás á íbúðarhúsnæði í Ríad kostar 17 manns lífið. |
| **15. desember** | Tvær sjálfsvígsárásir á bænahús gyðinga í Istanbúl kosta 23 manns lífið. |
| **20. desember** | Tvær árásir á breskar eignir í Istanbúl kosta 27 manns lífið. |
| **11. mars 2004** | Sprengjuárásir á járðlestir í Madríd á Spáni kosta 191 mann lífið. Meira en 1.800 særðust. |
| **17. maí** | Leiðtogi bráðabirgðastjórnar Íraks myrtur í sjálfsvígsárás í Bagdad. Árásin skipulögð af Abu Musab al Sarkaví, sem talinn var yfirmaður Al Kaída í Írak. |
| **29. maí** | Árásir á olíustöðvar í Sádi-Arabíu kosta 27 manns lífið. |
| **7. október** | Árásir á þrjú hótel í Egyptalandi kosta 34 menn lífið. |
| **7. júlí 2005** | Árásir á jarðlestir og strætisvagna í London kosta 52 manns lífið. 700 manns særðust. |
| **23. júlí** | Þrjár sprengjuárásir á ferðamannastaðnum Sharm el Sheikh við Rauðahafið kosta 88 manns lífið. |
| **1. október** | Þrjár sjálfsvígsárásir á Balí kosta 23 menn lífið. |
| **9. nóvember** | Sjálfsvígsárásir á þremur hótelum í Amman í Jórdaníu kosta 60 manns lífið. |
| **11. apríl 2007** | Tvær sprengingar í Algeirsborg, höfuðborg Alsírs, kosta að minnsta kosti 23 manns lífið. Al Kaída í arabaríkjum Norður-Afríku lýsir yfir ábyrgð. |




ILVA

einfaldlega betri kostur

# RÝMINGARSALA

## RÝMUM FYRIR NÝJUM SÓFUM OG SÓFASETTUM



# 20-60%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÓFUM OG SÓFASETTUM



## OG VIÐ MEINUM ÖLLUM!



3. - 8. MAÍ

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30




Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is



Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


# Vöxturinn mestur í sölu á tölvuleikjum

**Skapandi greinar eru um 3 prósent af heildarútflutningi landsins og veltu alls um 189 milljörðum hér á landi árið 2009. Heildarverðmæti á útflutningi tölvuleikja sexfaldaðist á árunum 2005 til 2009, úr tveim milljörðum í rúma þrettán.**

**VIÐSKIPTI** Mesti vöxtur útflutningstekna í skapandi greinum hér á landi hefur verið í útgáfu tölvuleikja. Heildarverðmæti hafa sexfaldast á árunum 2005 til 2009, úr 1,9 milljörðum króna í 13,2 milljarða. Nær öll velta í útgáfu á tölvuleikjum hér á landi telst til útflutnings.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu um hagræn áhrif skapandi greina á Íslandi. Að skýrslunni stóðu dr. Margrét Sigrún Sigurðardóttir, lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðva skapandi greina, og Tómas Young, verkefnastjóri hjá Útón. Fimm ráðuneyti og Íslandsstofa komu einnig að rannsókninni, sem nær yfir árin 2005 til 2009. Notast var við gögn frá Hagstofu Íslands, Fjársýslu ríkisins og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Skapandi greinar veltu í heild 189 milljörðum hér á landi árið 2009. Hlutur hins opinbera af heildarveltu greinanna er um 12,5 prósent og voru ársverkin, eða störfin sem greinarnar sköpuðu, 9.371 talsins.

Útflutningstekjur skapandi greina voru um 24 milljarðar árið 2009 eða um þrjú prósent af heildarútflutningi þjóðarinnar. Til samanburðar má geta þess að útflutningstekjur landbúnaðarvara voru um 1,5 prósent af heildarútflutningi.

Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri tölvuleikjaframleiðandans CCP, segir þróun í útflutningi tölvuleikja hraðari hér á landi heldur en erlendis, en útflutningur CCP nam 7,5 milljörðum króna árið 2009, sem gerir um 60 prósent af heildarútflutningsverðmætum íslenskra tölvuleikja.

## Útflutningur skapandi greina eftir atvinnugreinaflokkum




## Nýtt af nálinni

Hugmyndin um skapandi greinar (e. Creative industry) var fyrst notuð í Ástralíu árið 1996 í tengslum við opinbera stefnumótun. Eftir að Verkamannaflokkurinn komst til valda í Bretlandi árið 1998 tók hann að líta á skapandi greinar sem hluta af atvinnulífinu og mikilvægan þátt í þjóðarframleiðslu. Var það einkum gert í ljósi vaxandi mikilvægis stafrænna miðla, tölvuforrita og tölvuleikja, að því er kemur fram í skýrslunni.

Þeir flokkar innan FCS-rammans sem notaður var til þess að skilgreina skapandi greinar hér á landi eru eftirfarandi:

- Menningar- og náttúruarfleifð
- Sviðslistir og hátíðarhöld
- Sjónræn list og handverk
- Bækur og fjölmiðlun
- Hljóð, mynd og gagnvirkir miðlar
- Hönnun og skapandi þjónustugreinar
- Óáþreifanleg menningararfleifð.

Hilmar segir skrásetningu sem sé í skýrslunni vera nauðsynlega til þess að sýna fram á tækifærin sem fram undan eru innan þeirra fyrirtækja sem starfa í skapandi greinum. Mikið hafi vantað upp á að það markaðsumhverfi sé skráð af sama krafti og almennur vöruútflutningur og framleiðsla.

Þetta er í fyrsta sinn sem umfang skapandi greina á Íslandi hefur verið kortlagt. Markmið kortlagningarinnar er að gefa vísbendingu um hagrænt umfang greinaflokksins í landinu. Skýrslan verður kynnt í heild sinni á málstofu í Háskóla Íslands í dag klukkan 12.

sunna@frettabladid.is


ENNEMM / SÍA / NM46485

Við erum með réttu leiðina fyrir þig

Komdu til okkar eða hafðu samband og við aðstoðum þig við að finna hagstæðustu leiðina.

Ódýrari mínútur
Hringdu á 0 kr. í 1 GSM vin hjá Símanum*
Aðeins 11,9 kr. mín. í alla innanlands
590 kr. mánaðargjald
*1.000 mín./ 500 SMS á mán.

3 vinir og 300 SMS
Hringdu á 0 kr. í 3 vini óháð kerfi* og sendu 300 SMS á alla hina
Eitt mínútuverð í alla innanlands
1.390 kr. mánaðargjald
*600 mín./ 300 SMS á mán. 300 MB á mán. fylgir til áramóta.

6 vinir óháð kerfi
Hringdu á 0 kr. í 6 vini óháð kerfi*
Eitt mínútuverð í alla innanlands
2.190 kr. mánaðargjald – Veldu áskrift eða Frelsi
*Áskrift 1.000 mín./500 SMS á mán. Frelsi 60 mín./60 SMS á dag.

1000 mínútur
Hringdu á 0 kr. í alla GSM og heimasíma á Íslandi*
Frábær leið fyrir þá sem nota GSM símann mikið
7.990 kr. mánaðargjald
*1.000 mín./ 500 SMS á mán.

Ring
Fyrirframgreidd þjónusta – fyrir þá sem vilja afgreiða sig sjálfir
0 kr. innan Ring
990 kr. mánaðargjald
eða
0 kr. innan kerfis Símans
1.990 kr. mánaðargjald*
*1.500 mín./ SMS á mán.

siminn.is
Síminn

Greidd eru mánaðargjöld og upphafsgjöld skv. verðskrá. Ekki eru greidd upphafsgjöld af símtölum í vinanúmer. Nánar á siminn.is

# NÝ LÍNA AF KING KOIL

## RÚMUM KOMIN Í HÚS ÁRGERÐ 2011

SÍÐAN ÁRIÐ 1898 HEFUR KING KOIL VARIÐ MIKLUM TÍMA OG FJÁRMUNUM Í AÐ ÞRÓA OG BÆTA FRAMLEIÐSLU SÍNA. ÞETTA ER EIN AF GRUNDVALLARÁSTÆÐUM ÞESS AÐ KING KOIL RÚMIN ERU MEÐAL ÞEIRRA FREMSTU Í HEIMINUM. **Í ÁR ER EINGIN UNDANTEKNING OG NÚ KYNNUM VIÐ STOLT NÝJA OG ENN BETRI LÍNU AF HÁGÆÐA HEILSU-RÚMUNUM FRÁ KING KOIL.**



15%
KYNNINGAR-
AFSLÁTTUR
Á NÝJU LÍNUNNI

# 30% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM ELDRI KING KOIL LÍNUM ÞAR TIL BYRGÐIR KLÁRAST



KING KOIL
HEILSURÚM FRÁ
99.000 KR.

rekkjan

HEILSURÚM

ARGH!!! 030511

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

# KYNNINGARFUNDUR
## UM AÐALSKIPULAG KÓPAVOGS

Skipulagsnefnd Kópavogs boðar til fundar um endurskoðun aðalskipulags bæjarins og Staðardagskrár 21.

**Fundurinn verður haldinn í Hörðuvallaskóla við Baugakór fimmtudaginn 5. maí nk. kl. 17.00–18.30.**

Á fundinum verða forsendur aðalskipulagsvinnunnar kynntar, fyrirliggjandi stefna í gildandi aðalskipulagi og nýjar áherslur. Þá verða möguleg breytingarsvæði tilgreind og helstu efnisþættir nýs aðalskipulags. Einnig verður upplýst hvernig samráði við íbúa sem og aðra lögboðna aðila verður háttað og helstu áfangar í fyrirhuguðu vinnuferli raktir.

Það er full ástæða fyrir íbúa í Kópavogi sem og aðra hagsmunaaðila að mæta á fundinn og taka þátt í verkefninu frá upphafi.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

KÓPAVOGSBÆR

Allar nánari upplýsingar á **kopavogur.is**




**STARFSMANNAFUNDUR** Hjá nýju félagi, Útgerðarfélagi Akureyrar, munu um 150 fyrrverandi starfsmenn Brims starfa. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Tengist ekki skuldauppgjöri

**Kaup Samherja á eignum Brims á Akureyri um helgina voru einfaldlega viðskipti þar sem báðir aðilar voru sáttir, segir forstjóri Brims. Breytt eignarhald hefur ekki teljandi áhrif á starfsmannahald.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Kaup Samherja á eignum Brims hf. á Akureyri tengjast ekki skuldauppgjöri Brims við Landsbankann, að sögn Guðmundar Kristjánssonar forstjóra. Breytt eignarhald hefur ekki teljandi áhrif á starfsmannahald og rekstur.

„Þetta eru einfaldlega viðskipti. Við vorum búnir að eiga þetta í sjö ár og komumst að samkomulagi við heimamenn um sölu á þessum eignum. Við vorum sáttir við verðið og kveðjum Akureyri sáttir,“ segir Guðmundur.

Sala eignanna á Akureyri tengist ekki stöðu Brims innan Landsbankans, að sögn Guðmundar sem er aðaleigandi félagsins. Skuldastaða Brims hefur verið nokkuð til umfjöllunar í fjölmiðlum eftir efnahagshrunið 2008. Í Kastljósi í febrúar 2010 sagði að skuldir Brims og Guðmundar Kristjánssonar og tveggja eignarhaldsfélaga sem tengjast Brimi voru samtals 24 milljarðar króna í Landsbankanum sumarið 2008.

Ekki fengust upplýsingar um skuldastöðu Brims hjá Landsbankanum í gær. Hins vegar fékkst staðfest að bankinn beitti engum þrýstingi og frumkvæði að viðskiptunum kom frá Brimi.

Viðskiptin um helgina eru þau stærstu í íslenskum sjávarútvegi um árabil. Kaupverðið er 14,5 milljarðar króna og til nýs dótturfélags, Útgerðarfélags Akureyrar, gengur fiskvinnsla á Akureyri og Laugum, ísfisktogararnir Sólbakur og Mars auk 5.900 tonna aflaheimilda í þorski, ýsu, steinbít og skarkola. Samherji leggur fram 3,6 milljarða en Landsbankinn fjármagnar tæpa 11 milljarða af kaupverðinu og verður viðskiptabanki ÚA.

Guðmundur segir að frá 2008 virðist hafa gleymst að menn verði að hafa viðskipti. „Hér eru báðir aðilar sáttir og við fögnum því að heimamenn koma aftur að þessu.“ Spurður um hvort hann hafi hagnast á viðskiptunum segir Guðmundur að eftir bankabóluna taki hann öllum fregnum um tap og hagnað með fyrirvara. Hann segir Brim munu einbeita sér að útgerð og sjófrystingu en félagið er áfram eitt stærsta sjávarútvegsfélag landsins.

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, og Guðmundur héldu sameiginlega starfsmannafund í gær. Þar kom fram að starfsfólk þyrfti ekki að kvíða, enda væru engar miklar breytingar í farvatninu hvað varðar rekstur eða starfsmannahald.

svavar@frettabladid.is




# Námskeið um réttindi lífeyrisþega

**5. maí:** Útibúið í Breiðholti, Álfabakka 10
**12. maí:** Útibúið í Hamraborg, Hamraborg 8
**19. maí:** Útibúið á Selfossi, Austurvegi 20

Farið verður yfir núgildandi reglur á réttindum og greiðslum lífeyrisþega hjá Tryggingastofnun.

Skráning og nánari upplýsingar á vef bankans og í síma 410 4000.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

# Festingavörur
## á frábæru verði!




Chemfix teinalím 345 ml **1.995 kr.**

Deka festifrauð 750 ml **985 kr.**

Reykjavík - Reykjanesbæ Akureyri - Húsavík Vestmannaeyjum

Meiri gæði – Lægra verð

**MÚRBÚÐIN** – Afsláttur eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

# MEIRI ÍÞRÓTTIR
**Meiri Vísir.** vísir




# Stillanlegt og þægilegt



## Stillanlegir dagar í maí. 6 mánaða vaxtalausar* greiðslur í boði !

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er. Með öðrum takka færð þú nudd sem þú getur stillt eftir eigin þörfum og látið þreytuna eftir eril dagsins líða úr þér. Með stillanlegu rúmunum frá Tempur er allt gert til þess að hjálpa þér að ná hámarks slökun og þannig dýpri og betri svefni.

Vaknaðu upp endurnærð(ur) og tilbúin(n) í átök dagsins.



TEMPUR WARRANTY 15 YEARS LIMITED WARRANTY MATTRESSES

AÐEINS FRÁ TEMPUR® ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY
EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF NASA OG VOTTUÐ AF GEIMFERÐASTOFNUNINNI

Eitt mesta úrval landsins af stillanlegum heilsurúmum!

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

* 3% lántökugjald er á vaxtalausum samningi.

Aðalfundur Grafarholtssóknar

Aðalsafnaðarfundur Grafarholtssóknar verður haldinn 10. maí kl. 18 í Guðríðarkirkju. Venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknarnefnd Grafarholtssóknar.

# Boða sátt um veiðar

**Stjórnvöld voru tilbúin til að ganga talsvert langt til að tryggja að kjarasamningar til þriggja ára næðust á almennum vinnumarkaði. Boðuðu þrettán milljarða króna fjárfestingar og samráð til að ná sátt um rekstur sjávarútvegsfyrirtækja.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hverju eru stjórnvöld tilbúin til að lofa aðilum vinnumarkaðarins takist þeim að semja til þriggja ára?

Stjórnvöldum var talsvert í mun að gera sitt til að aðilum vinnumarkaðarins tækist að gera kjarasamninga til þriggja ára, þótt ekki vildu þau ganga svo langt að láta undan kröfum Samtaka atvinnulífsins (SA) þegar kæmi að endurskoðun fiskveiðistjórnarkerfisins.

Ríkisstjórnin sendi SA og ASÍ lokatilboð síðastliðið fimmtudagskvöld þar sem tíundaðar eru þær aðgerðir sem stjórnvöld voru tilbúin til að lofa ef samningar til þriggja ára tækjust. Skýrt er tekið fram í tilboðinu að það sé háð því að semjist til þriggja ára. Gerist það ekki telja stjórnvöld sig óbundin af því sem þar kemur fram.

Í tilboðinu, sem er kallað drög að yfirlýsingu, eru ýmsir þættir taldir til, allt frá efnahagsstefnu að menntamálum. Eftir tvennu var þó beðið sérstaklega: fyrirhuguðum stórframkvæmdum ríkisins og margboðuðum breytingum á lögum um stjórnun fiskveiða.

**13** milljarðar króna er sú upphæð sem ríkið ætlar að verja til framkvæmda umfram það sem áformað var fram til lok næsta árs.

Í yfirlýsingunni lofa stjórnvöld að auka opinberar fjárfestingar, þótt tekið sé fram að þær takmarkist af þröngri stöðu ríkissjóðs. Taldar eru upp ýmsar aðgerðir, sem koma raunar fáum á óvart sem fylgst hafa með áformum ríkisstjórnarinnar í þessum efnum.

Meðal þess sem talið er upp er bygging nýs Landspítala, en kostnaður við hana á að nema 3,1 milljarði króna á þessu ári og því næsta. Þá er tiltekin bygging nýrra hjúkrunarheimila fyrir fimm milljarða króna og gerð Vaðlaheiðarganga sem kosta á tíu milljarða króna á þremur árum.

Þá er talað um átak í opinberum viðhaldsframkvæmdum, auknar framkvæmdir á vegum Ofanflóðasjóðs, útboð á nýju fangelsi og aukin fjárframlög til vegaframkvæmda á Vestfjörðum.

Þessar framkvæmdir fela í sér rúmlega 13 milljarða króna aukafjárútlát til loka næsta árs.

Þessu til viðbótar er í drögunum fjallað um framkvæmdir sem fjármagna á með öðrum hætti en beinum fjárframlögum frá ríkinu. Í þessu samhengi er vísað til mögulegra vegaframkvæmda á Suðvesturlandi. Í drögunum er talað um að stofna starfshóp með fulltrúum SA, ASÍ og fleirum sem reyni að finna útfærslur á þessum málum fyrir lok maí.

Í sérstakri bókun aftan við drög að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjallað um það mál sem þykir hafa hleypt kjarasamningagerð í hnút – breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Fjallað var um frumvarp sjávarútvegsráðherra um kvótakerfið á ríkisstjórnarfundi á föstudag. Í drögum að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að frumvarpið verði kynnt hagsmunaaðilum, og því næst verði unnin á því hagfræðileg greining. Að því loknu verði farið yfir greininguna í hópi með fulltrúum stjórnarflokkanna, SA og ASÍ.

Í bókuninni segir að þetta sé gert „í því skyni að leita leiða til að ná frekari sátt um útfærslu sem tryggi sjávarútveginum góð rekstrarskilyrði“. Niðurstöður þeirrar vinnu eiga að liggja fyrir um næstu mánaðamót.

brjann@frettabladid.is



**ENDURSKOÐUN** Óvissa hefur verið um framtíðarfyrirkomulag fiskveiða við landið frá því að ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna boðaði endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is



Ný nálgun við mataraðstoð

Hjálparstarf kirkjunnar ætlar að hverfa frá matargjöfum í poka og veita í staðinn barnafólki mataraðstoð með inneignarkortum í verslunum.

Valgreiðsla hefur verið send í heimabanka þinn. Með því að greiða hana styður þú innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar og hjálpar til sjálfshjálpar.

Einnig er hægt að hringja í söfnunarsímann 907 2002, gefa framlag á framlag.is, gjofsemgefur.is eða á söfnunarreikning 0334-26-886, kt. 450670-0499.

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, Sími 528 4400

PIPAR\TBWA • SÍA • 111093

Hefur falið lögmanni sínum að útbúa stefnu:

# Guðlaugur Þór mun stefna Birni Val

**STJÓRNMÁL** Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur ákveðið að stefna Birni Val Gíslasyni, þingmanni Vinstri grænna, fyrir meiðyrði.

Björn Valur skrifaði á vef sinn í fyrra að Guðlaugur hefði þegið mútur og setið í krafti þeirra sem ráðherra.

Guðlaugur bauð Birni Val að draga ummælin til baka og biðjast afsökunar innan tilskilins frest, ellegar færi hann í mál.

Björn Valur tilkynnti lögmanni Guðlaugs það bréfleiðis á sunnudag að hann hygðist ekki þekkjast boðið. Í kjölfarið fól Guðlaugur lögmanni sínum að útbúa stefnu.

Guðlaugur hefur ekki ákveðið hvaða fjárhæðar hann mun krefjast í miskabætur. Í samtali við Vísi í gær sagði hann að peningar hefðu ekki verið sér efstir í huga þegar hann tók ákvörðunina.

Hann vilji ekki búa í þjóðfélagi þar sem menn geti leyft sér að bera glæpsamlegar sakir á menn og komist upp með það. - sh



BJÖRN VALUR GÍSLASON

GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands kynnir:

hjólað í vinnuna UM ALLT LAND

4.-24. maí

Vinnustaðakeppni

Nú látum við hjólin snúast um allt land!

Keppt er um:
- Flesta þátttökudaga
- Flesta kílómetra

Skráning og nánari upplýsingar á vefsíðunni: hjoladivinnuna.is

Vertu með!

Ísland á iði Hreyfa sig!

Ólympíufjölskyldan

Íslandsbanki
ICELANDAIR
SJÓVÁ
VALITOR VISA

Samstarfsaðilar

SKÝRR
LÝÐHEILSUSTÖÐ
ÖRNINN
RÁS 2
LHM

# GÁÐU HANDAN VIÐ HORNIÐ

■ Bíldshöfði 8

Brimborg lofar að einbeita sér að því að aðstoða þig
við að kaupa vöru, þjónustu og hugarfar Brimborgar

**Kafaðu dýpra** þegar þú kaupir notaðan bíl. Gerðu ríkar kröfur. Gáðu hvað er handan við kaupverðið. Hafðu í huga að þú kaupir miklu meira en bara bílinn. Brimborg lofar að einbeita sér að því að hjálpa þér að kaupa. Þannig færðu meira en bara bíl. Þú færð alla þá þjónustu og öryggi sem þú krefst. Þú velur ábyggilega öruggan stað að vera á. Bíldshöfði 8 er því sannkallað sæluhús. Og mundu, handan við hornið eru tvö önnur sæluhús, Ford og Volvo, Bíldshöfða 6 og Brimborg Akureyri, Tryggvabraut 5.

## Gerðu kröfur til okkar
## Komdu í Brimborg í dag

Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is



**Mazda 3 Touring (SZ391)**
1,6i bensín 105 hö
5 dyra 5 gíra beinskiptur
Skrd. 04/2007. Ek. 67.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 162 g/km
**Gáðu: 1.610.000 kr.**



**Mazda 3 Touring Plus (SPG05)**
1,6i bensín 105 hö
4 dyra sjálfskiptur
Skrd. 06/2008. Ek. 55.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 179 g/km
**Gáðu: 2.100.000 kr.**



**Mazda 6 Sport (LPT39)**
2,3i bensín 165 hö
4 dyra sjálfskiptur
Skrd. 9/2007. Ek. 41.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 212 g/km
**Gáðu: 2.640.000 kr.**

mazda



**Mazda 5 Advance (TXD82)**
2,0i bensín 146 hö
7 sæta sjálfskiptur
Skrd. 06/2008. Ek. 45.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 198 g/km
**Gáðu: 2.590.000 kr.**



**Mazda 6 Advance (AMS64)**
2,0i bensín 146 hö
5 dyra sjálfskiptur
Skrd. 07/2008. Ek. 60.000 km
Koltvísýringur CO2 182 g/km
**Gáðu: 2.980.000 kr.**

Spyrðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar

Með þér
alla leið

Bíll er ekki bara bíll. Bíllinn þinn er miklu meira en vélknúið ökutæki. Bíllinn er staður tómstunda, ævintýra eða jafnvel vinnu. Þú reiðir þig á að bíllinn sé í lagi. Bíll er ekki bara bíll. Bíll þarf umhirðu, viðhald, þjónustu, bílastæði og margt fleira. Brimborg er hinsvegar með þér alla leið. Þú færð bílinn, þjónustuna, þrifin, dekkin, viðgerðir og ráðgjöf um hvað hentar þér. Þú færð... tækifæri til að sinna þínu lífi. Við sinnum bílnum. Fyrir þig.

CITROËN



**Citroën C3 SX (SO553)**
1,4i bensín 75 hö
5 dyra 5 gíra beinskiptur
Skrd. 11/2006. Ek. 63.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 145 g/km
**Gáðu: 1.170.000 kr.**



**Citroën C5 SX (UR847)**
2,0i bensín 143 hö
5 dyra sjálfskiptur
Skrd. 01/2006. Ek. 108.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 190 g/km
**Gáðu 1.420.000 kr.**



**Citroën C8 SX (PL092)**
2,0i bensín 143 hö
7 sæta sjálfskiptur
Skrd. 03/2007. Ek. 74.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 229 g/km
**Gáðu: 2.490.000 kr.**



**Citroën Berlingo MSP (ZS790)**
1,6i bensín 110 hö
5 dyra beinskiptur
Skrd. 12/2006. Ek. 82.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 177 g/km
**Gáðu: 1.390.000 kr.**



**Citroën C4 Comfort (PZ618)**
1,6i bensín 110 hö
5 dyra beinskiptur
Skrd. 08/2005. Ek. 80.000 km
Koltvísýringur CO2 169 g/km
**Gáðu: 1.050.000 kr.**

Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is

Finndu okkur
á fasbókinni

Brimborg | Max1 | Vélaland | Saga bílaleiga | Dollar bílaleiga | Thrifty bílaleiga
komdu í hópinn | Volvo á Íslandi | Ford á Íslandi | Citroën á Íslandi | Mazda á Íslandi | Ford Truck á Íslandi

**Komdu í dag!**
**Opið virka daga kl. 9:00 - 17:00**
**og laugardaga kl. 12:00 - 16:00**
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka
einnig opin á laugardögum

vistvæn skref
með Brimborg

**Við hjálpum þér að kaupa bíl í dag.**
**Gáðu að verði. Komdu í Brimborg.**

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | notadir.brimborg.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Beint lýðræði þarf að vera takmörkunum háð:

# Önnur Kalifornía?

Beint lýðræði er í sókn víða um heim, einkum á Vesturlöndum. Yfir helmingur þjóðaratkvæðagreiðslna, sem efnt hefur verið til frá frönsku byltingunni, hefur átt sér stað á undanförnum 25 árum. Nýlega ákváðu íbúar í Suður-Súdan í þjóðaratkvæðagreiðslu að stofna eigið ríki og Bretar ganga senn að kjörborðinu og greiða atkvæði um hvort breyta eigi kosningakerfinu, svo dæmi séu nefnd.

Íslendingar hafa á rúmu ári efnt til tveggja þjóðaratkvæðagreiðslna, þeirra fyrstu á lýðveldistímanum. Nú situr stjórnlagaráð og mótar tillögur um hvernig megi efla frekar beint lýðræði á Íslandi og beita þjóðaratkvæðagreiðslum í auknum mæli. Um það virðist jafnframt vera þverpólitísk samstaða.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Hið virta tímarit *The Economist* hefur barizt ötullega fyrir beinu lýðræði. Ýtarleg úttekt um efnið birtist þar í árslok 1996 og hafði mikil áhrif á umræður víða, einnig hér á landi. Það sætir því tíðindum þegar *The Economist* birtir nýja úttekt og virðist hafa fengið talsverða bakþanka, eins og rakið var í grein í helgarblaði Fréttablaðsins.

Efasemdir blaðsins eru einkum til komnar vegna reynslunnar af tíðum þjóðaratkvæðagreiðslum í Kaliforníu, en þar rambar ríkið á barmi gjaldþrots, meðal annars vegna mislukkaðra ákvarðana, sem teknar hafa verið í þjóðaratkvæðagreiðslum, að sögn *The Economist*. Þannig hafa almennir kjósendur bæði ákveðið að lækka skatta og greitt góðum málum sem auka útgjöld atkvæði sitt. Það getur bara endað illa.

Í ríkinu er framkvæmdarvaldið sagt veikburða og löggjafarvaldið nánast lamað vegna þess hversu auðvelt er að efna til almennra atkvæðagreiðslna. Beint lýðræði er ekki lengur öryggisventill eins og það átti upphaflega að vera og ekki heldur aðhald með elítuhópum, heldur geta sérhagsmunahópar nýtt sér það til að koma sínum málum inn í löggjöf sem er oft gríðarlega flókin og hefur furðulegar afleiðingar, segir tímaritið.

*The Economist* segir að beint lýðræði eigi að vera sá öryggisventill sem upphaflega var lagt upp með. Tillögur eigi að vera stuttar, skýrar og skiljanlegar, tilgreint hvað þær kosti og hvernig eigi að fjármagna þær. Þá eigi þjóðþingið að geta gert breytingar á tillögum.

Allt þetta og margt fleira sem er að finna í úttekt *The Economist* er umhugsunarefni, nú þegar rætt er um að virkja beint lýðræði í meiri mæli á Íslandi. Umræðan um beint lýðræði hefur því miður talsvert einkennzt af því að fólk telji það einhverja töfralausn og það eigi ekki að vera neinum takmörkunum háð. Alls konar málsmetandi fólk vill til dæmis endilega láta þjóðina kjósa um fiskveiðistjórnunarkerfið, án þess að láta þess að nokkru getið hvernig hin einfalda og skiljanlega spurning á kjörseðlinum eigi að hljóða. Og furðu margir sáu ekkert að því að greiða í tvígang atkvæði um hugsanleg ríkisútgjöld í Icesave-málinu. Það mál er um margt sérstakt, en ætti ekki að verða fordæmi fleiri slíkra atkvæðagreiðslna um fjárhagsmálefni.

Ef ekki er hugað að nauðsynlegum takmörkunum á beinu lýðræði og áframhaldandi meginhlutverki Alþingis í lýðræðisferlinu getur Ísland endað sem önnur Kalifornía. Viljum við það nokkuð?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Össur með hausinn á

Það var grátlegt að fylgjast með ofsafengnu gleðiviðbragði Vesturlanda þegar fregnir bárust af því í gærmorgun að Bandaríkjaher hefði drepið hryðjuverkaleiðtogann Osama bin Laden. Flestir hefðu haldið að það væri keppikefli siðaðra manna að klófesta óbermi á borð við hann lifandi og rétta yfir þeim. Því var ánægjulegt að heyra að utanríkisráðherra Íslands, ólíkt mörgum starfsbræðrum sínum erlendis, er enn með hausinn skrúfaðan sæmilega rétt á. Hann féllst á að andlátið markaði tímamót, en sagði að sér hefði verið kennt í æsku að gleðjast ekki yfir dauða nokkurs manns. Það var skynsamlega mælt.



### 180°

Einu sinni sögðu stjórnvöld að við þyrftum að semja um Icesave af því að allar líkur væru á að Íslendingar myndu tapa máli fyrir EFTA-dómstólnum. Það dugði ekki til. Nú segja stjórnvöld blasa við að rétturinn sé okkar megin. Vísa beri málinu frá. Þetta er ekki sannfærandi.

### Eftirmenn sáttarinnar

Í dag verður kjörinn nýr forseti og varaforseti borgarstjórnar. Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og Sóleyju Tómasdóttur kom ekki nógu vel saman við meirihlutann til að geta hugsað sér að sinna störfunum lengur. Það kom ekki á óvart. Nú þarf að finna eftirmenn þeirra. Fregnir herma að það verði þó ekki næstu menn á lista meirihlutaflokkanna utan borgarstjóra og formanns borgarráðs, þau Oddný Sturludóttir og Einar Örn Benediktsson. Býsna líklegt er að Björk Vilhelmsdóttir fái aðra stöðuna. Hún hefur jú verið þriðji forseti.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Alþjóðadagur tjáningarfrelsis

Mannréttindi



Luis Arreaga
sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi

Sameinuðu þjóðirnar efndu til Alþjóðadags tjáningarfrelsis, sem haldinn er hátíðlegur á hverju ári um allan heim 3. maí, til að vekja athygli á meginreglum frjálsrar fjölmiðlunar og minnast þeirra sem hafa barist og látið lífið við að reyna að framfylgja þeim. Á þessu ári taka Bandaríkin höndum saman við Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og halda alþjóðadag tjáningarfrelsis hátíðlegan í fyrsta skipti í Washington, D.C.

Yfirskrift þessa árs, „Fjölmiðlar 21. aldar – Nýir miðlar, nýjar hindranir“ endurspeglar þær miklu breytingar á aðgengi að upplýsingum sem stafræna tæknin hefur gert mögulegar. Internetið er alþjóðlegt tæki sem hefur magnað kröfur um tjáningarfrelsi og önnur alhliða mannréttindi, auðveldað líflegar og opnar umræður um fjölbreytt málefni og myndað tengsl á milli borgara innan ríkja og á milli fólks úti um allan heim.

Íslendingar og Bandaríkjamenn hafa skuldbundið sig til að styðja fjölmiðlafrelsi. Við vitum að það er nauðsynlegt að stofna og hlúa að sjálfstæðum, fjölbreyttum og frjálsum fjölmiðlum til að siðuð og lýðræðisleg þjóðfélög geti þróast bæði heima fyrir og annars staðar í heiminum. Blaðamenn gegna lykilhlutverki við að greina stefnur og strauma, viðhalda trúverðugleika og segja fréttir almenningi til hagsbóta. Í frjálsum samfélögum starfa fjölmiðlar óttalaust og ákveða innihald sitt, bæði hvað fréttir varðar og annað efni eins og menningarumfjöllun, án takmarkana eða lagasetninga yfirvalda.

Við stöndum frammi fyrir þýðingarmiklum breytingum í sögu heimsins. Um allan heim krefst fólk frelsis, gegnsæis og sjálfsákvörðunarréttar. Ný stafræn tækni styður þennan málstað á hraðvirkari og víðtækari hátt en nokkru sinni fyrr, og blaðamenn gegna lykilhlutverki í þessum málum. Til allrar óhamingju hafa margir þeirra látið lífið eða slasast þegar þeir hafa leitast við að segja fréttir af þeim alvarlegu viðfangsefnum sem við stöndum nú frammi fyrir. Á Alþjóðadegi tjáningarfrelsis heiðrum við arf þeirra og fórnir sem þeir færðu til að tryggja að allir, alls staðar fengju notið grundvallarréttar til frjálsrar fjölmiðlunar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Sorgarsaga almenninganna

Fiskveiðistjórn – Grein II



Tryggvi Þór Herbertsson
prófessor í hagfræði og alþingismaður

Í efnahagslegu tilliti eru fiskveiðar frábrugðnar öðrum atvinnugreinum. Við rétt skilyrði er ekki einungis um hefðbundinn hagnað að ræða af útgerð heldur gefur auðlindin af sér svo kallaðan auðlindaarð eða auðlindarentu. En til þess að þessi arður myndist þurfa að ríkja ströng skilyrði. Aðgangur að auðlindinni þarf að vera takmarkaður (til að hver sem er geti ekki sótt í auðlindina), rétturinn til að nýta hana þarf að vera því sem næst varanlegur (til að hann myndi verðmæti) og hann þarf að vera framseljanlegur (til að hagkvæmar útgerðir geti keypt út þær óhagkvæmu). Fiskihagfræðingar hafa metið að auðlindaarðurinn af íslenskum fiskveiðunum geti numið allt að 30% til 40% af heildaraflaverðmæti. Það myndi jafngilda um 40 til 55 milljörðum ef horft er til aflaverðmætis síðasta árs. Það er því eftir miklu að slægjast fyrir alla Íslendinga að arðinum sé ekki sóað. Sá auðlindaarður sem nú er í fiskveiðum við Ísland skiptist milli útgerða, sjómanna (vegna hlutaskiptakerfisins) og ríkisins í nokkuð jöfnum hlutum.

Auðlind sem allir þjóðfélagsþegnar hafa jafnan rétt til að nýta er dæmd til að vera ofnotuð ef afrakstur hennar er nægilega eftirsóknarverður – auðlindarentunni er sóað. Sóunin felst í að of margir sjómenn munu fjárfesta í of miklum fjármunum í viðleitni sinni við að ná til sín auðlindarentunni. Þetta er það sem kallað hefur verið sorgarsaga almenninganna. Þannig verður sjálfstortíming í raun það sem allir keppa að. Hver útgerðarmaður hugsar aðeins um eigin hag. Frelsi í almenningum leiðir því að lokum tortímingu yfir alla þátttakendur. Þetta er bitur reynsla okkar Íslendinga sem við virðumst vera tilbúnir til að endurtaka aftur og aftur. Spyrjið þá sem voru í krókamarkskerfinu. Spyrjið þá sem voru í sóknarmarkinu. Spyrjið þá sem nú stunda strandveiðar.

Árið 1983 var Svarta skýrslan alræmda gefin út af Hafrannsóknastofnun. Skýrslan greindi frá því að ástandi fiskistofna við Ísland væri þannig háttað, vegna ofveiði og rányrkju, að ekki mætti svo við búa. Íslendingar gætu ekki að óbreyttu búist við því að sjávarútvegur yrði undirstöðu atvinnuvegur þjóðarinnar til framtíðar. Nú voru góð ráð dýr. Til að komast hjá ofveiði, offjárfestingu í fiskiskipum og sóun fiskveiðiarðsins þurfti að koma á fiskveiðistjórnarkerfi sem tekur á vanda almenninga.

Fyrir réttum hundrað árum gerði Daninn Jens Warming merka uppgötvun þegar hann skoðaði álagildruveiðar í Danmörku. Innsæi Warmings byggðist á að þar sem fiskimenn þurftu ekki að greiða fyrir aðgang að fiskimiðunum gátu þeir nýtt álastofnana án tillits til afrakstursgetu þeirra og þannig á endanum ofnýtt þá, offjárfest í búnaði til veiðanna og eytt fiskveiðiarðinum. Þessa uppgötvun nýttu Íslendingar sér árið 1984 þegar kvótakerfið var innleitt í fiskveiðar hér við land.

Í stað þess að greiða fyrir aðgang að fiskimiðunum eins og Warming lagði til var tekin ákvörðun um að þeim sem hefðbundið hefðu stundað fiskveiðar við Ísland yrði úthlutað einkarétti til að nýta fiskiauðlindina. Var sú leið sennilega farin þar sem öll útgerð á Íslandi var á hausnum vegna offjárfestingar og ekkert svigrúm til að greiða fyrir afnotin. Jafnframt ríkti mjög takmarkaður skilningur á hugtakinu auðlindaarður á þeim tíma eins og sést á því að enginn gerði þá alvarlegar athugasemdir við fyrirkomulagið. Árið 1990 var framsal á kvótum lögleitt með atkvæðum vinstrimanna en mótatkvæðum Sjálfstæðisflokksins á Alþingi. Það voru mistök hjá sjálfstæðismönnum. Þess má geta að einkaleyfi til veiða með framsali – kvótakerfi – er jafngilt því að heimta aðgangsgjald af fiskimönnum líkt og Warming lagði til. Munurinn felst í hver fær upphaflegu auðlindarentuna.

> Auðlind sem allir þjóðfélagsþegnar hafa jafnan rétt til að nýta er dæmd til að vera ofnotuð ef afrakstur hennar er nægilega eftirsóknarverður – auðlindarentunni er sóað.

Með því að gera kvótann framseljanlegan var skilyrðum til að innheimta auðlindarentuna fullnægt. Þetta gerðist þó ekki í einni svipan. Ferlið úr óhagkvæmu fyrirkomulagi yfir í hagkvæmt tók mörg ár og alls óvíst að því sé lokið. Þetta var efnahagslega sársaukafullt fyrir marga einstaklinga, fyrirtæki og jafnvel byggðarlög þótt flutninga kvótans frá sumum byggðum yfir til annarra megi þó fremur rekja til tækniframfara en kvótakerfisins eins og ég mun víkja að síðar. Kvótakerfið innleiddi hagkvæmni í íslenskar fiskveiðar og sóun auðlindaarðsins var stöðvuð. Fréttaflutningur af núllstillingu gengis og gjaldþrota útgerðum hætti.

Í næstu grein mun ég fjalla um nýliðun í fiskveiðum og hvort réttlætanlegt sé að nota auðlindarentuna til að mynda störf.

## AF NETINU

### Styrkur eða mútur

Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður fékk 25 milljónir í prófkjör sitt. Útvegaði þar á ofan tugi milljóna frá bönkunum til Sjálfstæðisflokksins. Björn Valur Gíslason alþingismaður kallar þetta mútur. Peningavaldið borgi Guðlaugi fyrir að gæta hagsmuna þess í pólitíkinni. Mikið er til í þessu, þótt ekki sé sjálfgefið, að styrkur feli í sér mútur. En þetta eru svo háar upphæðir, að óvenjulegar hljóta að teljast. Eðlilegt er því, að grunsemdir vakni. Fjármagn Guðlaugs hefur sérstöðu og hlýtur því að sæta illu umtali. Ég sé ekkert athugavert við, að Björn Valur neiti að biðjast afsökunar.

jonas.is

**Jónas Kristjánsson**

### Blóðbaði fagnað

Viðbrögð við dauða Osama Bin Laden hafa stappað nærri sturlun. Í árásinni létust fleiri en Bin Laden, meðal annars kona sem var notuð sem „skjöldur" eins og það er orðað. Fyrir utan Hvíta húsið og víðar í Bandaríkjunum safnast risastórir hópar fólks saman og öskra USA USA og fagna eins og sigur hafi unnist á stærsta íþróttaviðburði sögunnar. Gleðiöskur, fánabrjálæði og söngvar um yfirburði Bandaríkjanna í heiminum. Meðvitundarleysið er algjört. Sirkusinn fullkomnaður.

Meira en eitt hundrað þúsund manns hafa látið lífið í stríðum sem Bandaríkjamenn stofnuðu til eftir 11. september árið 2001. Það staðfesta nýleg gögn frá Wikileaks, sem áttu ekki að líta dagsins ljós. 40 fyrir hvern 1 sem féll í árásunum á tvíburaturnana.

Væri ekki virðingarvert að sýna eilítið önnur viðbrögð til minningar um alla þá sem látið hafa lífið í kolbrjáluðu tafli valdabaráttu, þjóðernishyggju og grimmdar undanfarinn áratug. Þegar hópar manna fagna dauða annarra manna eins og brjálæðingar er eitthvað mikið að. Alveg óháð trúarbrögðum, litarhætti eða þjóðerni.

pressan.is/pressupennar

**Sölvi Tryggvason**

DEKK
arctictrucks.is
Mikið úrval
af jeppadekkjum
í stærðum 33-44".
Ódýr og góð
þjónusta - lítil bið.
Kíktu í heimsókn!
MÍKRÓSKURÐUR!
kr. 7.900,- GANGURINN
STÆRÐIN SKIPTIR EKKI MÁLI!
Gildir þegar keyptur er dekkjagangur




Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík
Sími 540 4900 | www.arctictrucks.is

# Fjármagnstekjuskattur

Tímabilið 1. janúar - 31. mars




**20% staðgreiðsla**

Frá 1. janúar 2011 ber bönkum og öðrum fjármálastofnunum að reikna og halda eftir 20% staðgreiðslu af vaxtatekjum og innleystum gengishagnaði ársfjórðungslega. Sama gildir um arð sem greiddur er til eigenda af eignarhlutum í félögum.

Athygli er vakin á breyttum reglum um úthlutaðan arð sem fer umfram 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé viðkomandi félags í lok viðmiðunarárs hjá þeim sem skylt er að reikna sér endurgjald vegna starfa í þágu félagsins.

**Rafræn skil á fjármagnstekjuskatti**

Nú er hægt að gera skil á fjármagnstekjuskatti á rafrænan hátt. Farið er á þjónustusíðu ríkisskattstjóra, skattur.is, með kennitölu og aðallykli eða skilalykli. Síðan er valið **vefskil > staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts** og opnast þá form útfyllingar. Fylgja þarf leiðbeiningum til enda og verður þá til krafa í heimabanka gjaldanda. Hafi ekki verið um að ræða neinar skattskyldar greiðslur arðs og vaxtatekna á tímabilinu skal gera grein fyrir því.

**Gjalddagar**

Fjármagnstekjuskattur er 20% frá 1. janúar 2011.
Gjalddagar afdreginnar staðgreiðslu eru 20. apríl, 20. júlí og 20. október 2011 og 20. janúar 2012. Eindagi er 15 dögum síðar.

**Gjalddagi afdreginnar staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts á fyrsta ársfjórðungi 2011 er 20. apríl en eindagi er 5. maí.**

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...

# Menntun kvenna lykill að velferð barna

Menntamál

Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra



Fyrir margar konur í hinum vestræna heimi er fæðing barns tilhlökkunarefni enda er víðast hvar, sem betur fer, hægt að treysta á góðan aðbúnað og aðstoð fagfólks, hvort sem er ljósmæðra eða lækna. Mæðravernd og ungbarnaeftirlit á Íslandi hefur skilað okkur gríðarlegum árangri – dánartíðni ungbarna er hvergi minni í heiminum en á Íslandi samkvæmt alþjóðlegum rannsóknum (á árinu 2009 var það 1,8 barn af 1000 fæddum) og það getum við vafalítið þakkað öflugu heilbrigðiskerfi og vel menntuðu fagfólki fyrir utan almenn lífskjör og aðstæður.

Svo gott er það ekki alls staðar – fyrstu fjórar vikurnar eftir fæðingu eru hættulegur tími í lífi marga barna en þá deyja um 40% allra þeirra barna í heiminum sem deyja fyrir fimm ára aldur, samkvæmt skýrslu Barnaheilla – Save the Children, State of the World Mother's Report 2011, sem kynnt er í dag. Samkvæmt sömu skýrslu deyja ríflega 8 milljónir barna árlega áður en þau ná fimm ára aldri. Sami tími reynist líka mæðrunum skeinuhættur en árlega fæða um 48 milljónir kvenna börn sín án nokkurrar hjálpar heilbrigðisstarfsmanna.

Í skýrslu Barnaheilla – Save the Children eru settar fram tillögur um hvernig megi fjölga þeim börnum og mæðrum sem lifa af. Þar er ábyrgð stjórnvalda um heim allan mikil en eitt mikilvægasta skrefið til að ná árangri í þessum efnum er að tryggja öllum aðgang að lágmarks heilbrigðisþjónustu í nærsamfélaginu, ekki síst aðstoð ljósmæðra.

> Mæðravernd og ungbarnaeftirlit á Íslandi hefur skilað okkur gríðarlegum árangri – dánartíðni ungbarna er hvergi minni í heiminum

Eitt af lykilatriðunum til að ná þessu markmiði er að tryggja menntun kvenna – bæði menntun á heilbrigðissviði en líka almenna menntun mæðra sem geta þá orðið hæfari til að tryggja aðbúnað sinn og barna sinna. Íslendingar geta lagt sitt af mörkum, með því að vinna áfram að góðum árangri hér á landi, en líka með því að styrkja þróunarlöndin til að efla mennta- og heilbrigðiskerfi sitt og þar með búa mæðrum og börnum betri lífsskilyrði.










# Almenn vaxtaniðurgreiðsla til stuðnings íbúðaeigendum

Húsnæðismál

Steingrímur J. Sigfússon
fjármálaráðherra



Hátt í þriðjungur landsmanna varð þess var nú um mánaðamótin að lögð var inn á bankareikning þeirra sérstök vaxtaniðurgreiðsla. Þann 1. maí voru greiddar út sérstakar bætur til tæplega 97 þúsund einstaklinga og var útgjöld ríkissjóðs vegna útgreiðslunnar um 3 mia. kr. (um 5% af heildargreiðslum heimilanna á ári vegna íbúðalána). Síðari hluti útgreiðslu þessa árs verður greiddur út í ágústmánuði. Að hámarki nemur endurgreiðslan vegna sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu 200 þ. kr. hjá einstaklingum en 300 þ. kr. hjá einstæðum foreldrum og hjónum/sambýlisfólki. Þessar greiðslur eru hluti af og í samræmi við þær aðgerðir, sem kynntar voru af hálfu ríkisstjórnar, fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða þann 3. desember 2010, til að mæta skuldavanda heimilanna í kjölfar efnahagshrunsins. Viðræður standa nú yfir milli ríkisins, fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða um leiðir til að tryggja fjármögnun hinna síðartöldu á þessum greiðslum í samræmi við desembersamkomulagið.

Við gerð samkomulagsins var litið til þess að nauðsynlegt væri í kjölfar efnahagshrunsins að koma til móts við fólk með lán vegna húsnæðisöflunar með almennum hætti. Vandi fjölmargra húsnæðiseigenda til skamms tíma er greiðsluvandi og er því aukin útgreiðsla vaxtabóta afar áhrifarík leið til að mæta þeim vanda.

Í heild er gert ráð fyrir að kostnaður vegna vaxtabóta í ár verði um 18 mia. kr. Það þýðir að niðurgreiðsla ríkissjóðs á kostnaði heimilanna vegna húsnæðislána er nálægt 1/3 af gjöldunum (í heild er hann 60 mia. kr.). Ísland er því fremst í flokki OECD-ríkja þegar kemur að vaxtaniðurgreiðslu húsnæðislána, en afar

> Við gerð samkomulagsins var litið til þess að nauðsynlegt væri í kjölfar efnahagshrunsins að koma til móts við fólk með lán vegna húsnæðisöflunar með almennum hætti.

fá, ef nokkur önnur ríki innan OECD eyða rúmlega 1% af landsframleiðslu sinni í slíkar niðurgreiðslur.

Eins og fram hefur komið eru hinar nýju bætur greiddar út til mikils fjölda húsnæðiseigenda. Hinn hefðbundni hluti vaxtabótakerfisins er annars eðlis þar sem í þeim hluta eru innbyggðar tekjuskerðingarreglur. Það þýðir að lág- og millitekjuhópar njóta góðs af honum en í tilviki tekjulægstu hópanna mun vaxtaniðurgreiðsla ríkisins nema um 80% af heildarvaxtagjöldum viðkomandi. Hjá hjónum getur hámarksgreiðsla vaxtabóta numið 900 þúsund krónum en áður en farið var út í skuldaaðgerðir ríkisstjórnarinnar gat sú upphæð að hámarki verið 400 þúsund krónur. Þetta er því meiri en 120% aukning á hæstu útgreiðslu vaxtabóta. Ásakanir þess efnis að ekkert hafi verið komið til móts við skuldsetta íbúðaeigendur eru því harla innistæðulitlar þegar þessar staðreyndar eru ljósar.

Hinar sérstöku vaxtaniðurgreiðslur verða við lýði á árunum 2011 og 2012. Eftir þann tíma er gert ráð fyrir að skuldaúrvinnsluaðgerðum, sbr. hin fjölþættu úrræði sem í boði eru, verði almennt lokið, húsnæðisverð verði þá tekið að hækka og hagvöxtur að skila meiri tekjum og auknum kaupmætti. Þá skiptir ekki litlu máli sá árangur sem náðst hefur við að ná niður vöxtum og verðbólgu, en hvort tveggja mældist um 18% þegar núverandi ríkisstjórn tók við. Þessir tveir þættir, háir vextir og mikil verðbólga, reyndust íbúðaeigendum mjög íþyngjandi. Húsnæðis- og bílakaupalán í erlendri mynt eða með gjaldeyrisviðmiðun eru svo kapítuli út af fyrir sig. Í því tilviki er einnig að greiðast úr málum og því ríkar ástæður til að ætla að erfiðasta tímabil efnahagshrunsins fyrir íbúðaeigendur sé senn að baki. Er það vel.

# Hvað felst í „faglegri ráðningu“?

Ráðningar

Gunnar Haugen
framkvæmdastjóri Capacent ráðninga



Í umræðu um opinberar ráðningar hefur hugtakið „fagleg ráðning“ verið áberandi. Það hefur borið við að skilningur mannauðsfræðanna og skilningur stjórnsýslunnar á faglegum ráðningum sé ekki sá sami. Mannauðsfræðin notar hugtakið með þeim hætti að framkvæmd sé starfsgreining og notuð séu vísindalega viðurkennd tæki og aðferðir sem best spá fyrir um frammistöðu einstaklings í nýju starfi. Stjórnsýslan notar hinsvegar hugtakið í þeirri merkingu að farið sé eftir þeim lögum og reglum sem gilda í ráðningum hins opinbera án tillits til þess að aðferðirnar spá ekki endilega fyrir um frammistöðu í starfi. Þegar einungis önnur faglega krafan er uppfyllt má segja að ekki sé um að ræða fullkomlega faglega ráðningu, sem skapar hættu á að hæfasti umsækjandinn sé ekki valinn.

Bestu opinberu ráðningarnar eru þar sem faglegar kröfur beggja sjónarmiðanna eru uppfylltar – enda ekkert því til fyrirstöðu. Í stjórnsýslunni er gerð rík krafa um gagnsæi, rökstuddar ákvarðanir, upplýsingagjöf, jafnræði, andmælarétt og réttmætisreglu. Fyrir utan kröfu um nafnabirtingar umsækjenda og opnar umsagnir, eru reglurnar aðeins til þess fallnar að styðja við gott ráðningarferli. Vandinn er að í mörgum tilvikum er aðferðum mannauðsfræðanna ekki beitt.

### Hæfnisgreining

Oft má framkvæma betri hæfnisgreiningar en lögin kalla eftir. Þ.e. fara dýpra í hvaða hæfnisþætti einstaklingurinn í starfinu þarf að uppfylla. Starfsgreining getur verið tímafrek og stundum er vinnslu hennar ábótavant og oft ekki unnin eftir líkani um starfið. Starfsgreining kemur ávallt til viðbótar við það sem talið er upp í lögum um starfið.

### Öflun umsækjenda

Strax við öflun umsækjenda hefst leitin að hæfasta einstaklingnum. Umsækjenda er fyrst og fremst aflað með auglýsingu í þeim tilgangi að fá sem stærstan hóp hæfra umsækjenda. Lög um opinbera nafnabirtingu draga hins vegar úr líkunum á að bestu umsækjendurnir fáist til að taka þátt í ráðningarferlinu. Það er mat okkar hjá Capacent ráðningum að

> Það torveldar valið á hæfasta umsækjandanum að ekki má heita trúnaði við öflun umsagna. Forspárgildi umsagna er að öllu jöfnu frekar lítið – og hætt við að forspárgildið rýrni enn frekar þegar líkur eru á að umsagnir verði gerðar opinberar.

um 15%-20% umsækjenda dragi umsókn sína til baka þegar birta á nafnalista opinberlega. Oft er mikil eftirsjá að þeim sem draga sig til baka. Þessa kröfu þarf löggjafinn að endurskoða enda ætti ekki að vera mjög erfitt að finna leið til að uppfylla tilgang laganna með öðrum hætti en nafnabirtingu.

### Mat á hæfni

Að meta hlutlægt sem flesta þætti í fari einstaklings með réttum tækjum og tölum er áreiðanlegasta aðferðin til að uppfylla réttmætisreglu stjórnsýslunnar. Mannauðsfræðin hefur rannsakað þessi mál í meira en 70 ár og hefur yfir að ráða aðferðum sem eru óyggjandi betri en hyggjuvit stjórnenda. Mat á hæfni er framkvæmt með margs konar hætti. Umsækjendur gætu þurft að leysa starfstengt verkefni, taka stöðluð og réttmæt getupróf og síðast en ekki síst er persónuleikapróf notað til að leggja mat á það hvaða mann umsækjandi hefur að geyma. Til viðbótar eru notuð stöðluð viðtöl og umsagna er aflað.

### Umsagnir

Það torveldar valið á hæfasta umsækjandanum að ekki má heita trúnaði við öflun umsagna. Forspárgildi umsagna er að öllu jöfnu frekar lítið – og hætt við að forspárgildið rýrni enn frekar þegar líkur eru á að umsagnir verði gerðar opinberar. Þetta er flókið lagalegt úrlausnaratriði en til að ná markmiðinu um ráðningu þess hæfasta er nauðsynlegt að huga að lausn.

### Útvistun

Umræða hefur verið um stofnun ráðningastofu ríkisins sem sæi um að meta hæfni umsækjenda og fylgja verkferlum eftir. Það er ekkert í verkferlum ráðninga hins opinbera sem ekki er hægt að sinna jafnvel eða betur af einkafyrirtækjum. Þetta snýst um þá pólitísku spurningu hvort að ríkið eigi að sinna öllum málum eða hvort fyrirtæki á almennum markaði megi þjónusta hið opinbera þegar við á.

Það að standa faglega að ráðningum snýr fyrst og fremst að aðferðafræði; að uppfylla lagaskilyrði en tryggja jafnframt að viðurkenndum en ekki handahófskenndum aðferðum sé beitt við leitina að þeim hæfasta.

# ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR og UPPÞVOTTAVÉLAR

ÞVOTTA DAGAR



ORMSSON

## Gerið hreinlega *frábær kaup* á eðal heimilistækjum!

### Þvottavél LAVAMAT 62840
1200 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók

Listaverð:
119.900,-
***Þú sparar: 20.000,-***

TILBOÐSVERÐ – **99.900,-**

### Þvottavél LAVAMAT 64840
1400 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók

Listaverð:
129.900,-
***Þú sparar: 20.000,-***

TILBOÐSVERÐ – **109.900,-**

### Uppþvottavél FAVORIT 55030-W/M
Tekur 12 manna stell
5 þvottakerfi
Turbo-þurrkun
Hljóðlát vél: 47db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A

Listaverð:
HVÍT 134.900,-
STÁL 155.900,-

TILBOÐSVERÐ – **107.920,-** HVÍT **124.720,-** STÁL

### Þvottavél LAVAMAT 74850
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

1400 snúninga
Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók

Listaverð:
169.900,-
***Þú sparar: 25.485,-***

TILBOÐSVERÐ – **144.415,-**

### Þvottavél LAVAMAT 76850
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

1600 snúninga
Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók

Listaverð:
179.900,-
***Þú sparar: 26.985,-***

TILBOÐSVERÐ – **152.915,-**

### Þurrkari LAVATHERM T56740
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 7 kg
Íslensk notendahandbók

Listaverð:
139.900,-
***Þú sparar: 20.985,-***

TILBOÐSVERÐ – **118.915,-**

### Uppþvottavél FAVORIT 45000W
FRÍSTANDANDI MEÐ TOPPPLÖTU

Tekur 12 manna stell
4 þvottakerfi
4 hitastillingar
Framvinduskjár
Hljóðlát vél
– 49db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A
Íslenskar leiðbeiningar

TILBOÐSVERÐ – **89.900,-**

### Þvottavél TF 1465E
1400 snúninga vél
Tekur 6 kg af þvotti
Öll hugsanleg þvottakerfi
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A+
Sænskt stjórnborð
Íslenskar leiðbeiningar

TILBOÐSVERÐ – **99.900,-**

### Uppþvottavél DI 8526
Tekur 12 manna stell
5 þvottakerfi
4 hitastillingar
Framvinduskjár
Hljóðlát vél:
– 47db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A
Íslenskar leiðbeiningar

DI 9125X
STÁL

TILBOÐSVERÐ – **79.900,-** HVÍT **89.900,-** STÁL

### Þvottavél & þurrkari *PAR 1*
LAVAMAT 62840 & LAVATHERM T55460

**ÞVOTTAVÉL**
1200 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Listaverð: 119.900,-

**ÞURRKARI**
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 6 kg
Listaverð: 119.900,-

Listaverð á PARINU:
239.800,-
***Þú sparar: 40.000,-***

TILBOÐSVERÐ – *PARIÐ* **199.800,-**

### Þvottavél & þurrkari *PAR 2*
LAVAMAT 74850 & LAVATHERM T58840

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

**ÞVOTTAVÉL**
1400 snúninga · Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 169.900,-

**ÞURRKARI**
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 7 kg
Stafrænn framvinduskjár
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 149.900,-

ÞURRKGRIND FYRIR SKÓ OG VIÐKVÆMAN FATNAÐ

Listaverð á PARINU:
319.800,-
***Þú sparar: 63.465,-***

TILBOÐSVERÐ – *PARIÐ* **256.335,-**

KVIKA

Umboðsmenn um land allt

ORMSSON

LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR Í NÍU MÁNUÐI

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 |

# Mannréttindi í stjórnarskrá


Stjórnarskrá

Oddný Mjöll Arnardóttir
prófessor við Háskólann í Reykjavík og formaður stjórnar Mannréttindaskrifstofu Íslands




Mannréttindum er almennt skipt upp í tvo meginflokka. Hinn fyrri er flokkur borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda. Í fyrsta lagi beinast þau að því að vernda líf, frelsi og öryggi borgaranna og eru t.d. tjáð í réttinum til lífs, banni við þrælkun og pyntingum og vernd friðhelgi einkalífs. Í öðru lagi lúta þessi réttindi að gangverki réttarríkisins og tryggja borgurunum t.d. rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstólum. Í þriðja lagi beinast þessi réttindi að gangverki lýðræðislegs samfélags og tryggja þátttöku borgaranna í opinberu lífi með réttindum svo sem trú- og lífsskoðanafrelsi, tjáningarfrelsi, fundafrelsi og félagafrelsi sem og rétti til að taka þátt í frjálsum kosningum. Annar flokkur réttinda er síðan flokkur efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda sem lýtur fremur að því að tryggja forsendur þess að allir njóti ákveðinnar lágmarksvelferðar. Helstu réttindi sem tilheyra þessum flokki eru t.d. réttur til atvinnu, réttur til réttlátra starfsskilyrða, réttur til almannatrygginga, réttur til heilsu, réttur til menntunar, réttur til viðunandi lífsskilyrða og réttur til að taka þátt í menningarlífi.

Í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna er ekki gerður neinn greinarmunur á þessum tveimur flokkum réttinda en þegar kom að því árið 1966 að útfæra réttindin í lagalega skuldbindandi alþjóðasáttmála var þeim skipt upp í tvo sáttmála. Ástæðan var hugmyndafræðilegur ágreiningur á milli austurs og vesturs, þar sem austantjaldsríkin vildu leggja áherslu á efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, en vestræn ríki vildu leggja meiri áherslu á borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Svipuð leið var farin í Evrópu með því að aðskilja Mannréttindasáttmála Evrópu og Félagsmálasáttmála Evrópu. Flokkunin er þó engan veginn einhlít. Af þessari þróun spratt samt sem áður ákveðin tvíhyggja sem lengi ríkti í fræðilegum og pólitískum orðræðum um mannréttindi.

Ljóst er að mörg efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, s.s. réttur til menntunar og réttur til heilbrigðisþjónustu, leggja skuldbindingar á ríki sem kosta töluverð fjárútlát. Þess vegna eru efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi almennt útfærð með þeim hætti í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum að ríki skuli vinna að því að veita þessi réttindi að því marki sem bæði efnahagslegar og aðrar forsendur leyfa hverju sinni. Aftur á móti eru borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi vernduð með ákveðnari hætti og kveðið á um það að ríkjum beri að virða þau og tryggja þegar í stað.

Umrædd tvíhyggja nærðist á þessum blæbrigðamun og byggðist á því að borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi voru talin „lagaleg réttindi“ sem legðu neikvæðar athafnaleysisskyldur á ríki, væri hægt að framfylgja fyrir dómi og fælu ekki í sér víðtækar skuldbindingar varðandi félagslega stefnumörkun eða fjárútlát. Á móti voru efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi talin „stefnuyfirlýsingar“ sem tilheyrðu sviði stjórnmálanna þar sem þau legðu jákvæðar athafnaskyldur á ríki og væru ekki þess eðlis að þeim væri hægt að framfylgja fyrir dómi m.a. vegna þess að þau væru kostnaðarsöm. Það er skemmst frá því að segja að þessar forsendur tvíhyggjunnar hafa allar verið hraktar á síðari tímum. Dómaframkvæmd á grundvelli Mannréttindasáttmála Evrópu hefur t.d. sýnt fram á það með afgerandi hætti að borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi fela einnig í sér jákvæðar athafnaskyldur sem geta kallað á félagslega stefnumörkun og fjárútlát. Þá er augljóst að mörg borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi eru kostnaðarsöm, s.s. rekstur réttarkerfis og lýðræðislegra stjórnarhátta.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur einnig mikið starf verið unnið að því að skýra inntak þeirrar skuldbindingar sem efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi fela í sér. Þannig hefur það verið leitt skýrt í ljós að sá flokkur réttinda felur bæði í sér neikvæðar athafnaleysisskyldur og ákveðinn lágmarkskjarna sem framfylgt verði þegar í stað fyrir dómstólum, þótt aðrir þættir þeirra lúti lögmálum þess að vera meira yfirlýsingar um stefnumið sem eru um útfærslu háð ytri aðstæðum hverju sinni. Þá má nefna að réttindaskrá Evrópusambandsins inniheldur ítarleg ákvæði um réttindi af báðum flokkum. Það er því ljóst að þótt á þessum tveimur flokkum réttinda sé ákveðinn blæbrigðamunur er ekki um eðlismun að ræða.

Endurskoðun mannréttindakafla stjórnarskrárinnar árið 1995 var að mörgu leyti mikið framfaraskref og ákvæðin hafa reynst vel í framkvæmd. En þrátt fyrir þróun í átt frá tvíhyggjunni sem þá þegar hafði átt sér stað endurspeglast hún afar skýrt í mannréttindakaflanum. Það sést af því að þar er lögð afgerandi áhersla á borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi á meðan mörgum mikilvægum réttindum af flokki efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda er gert síður hátt undir höfði. Engin efnisleg rök standa til þess að gera efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum ekki góð skil í íslensku stjórnarskránni. Báðir flokkar mannréttinda fela í sér mikilvæg grundvallarréttindi sem Ísland á að hafa metnað til að tryggja þegnum sínum í stjórnarskrá. Íslenska ríkið er auk þess að sjálfsögðu jafn bundið af öllum þeim alþjóðlegu mannréttindasáttmálum sem það hefur undirgengist, sama hvorn flokk réttinda þeir varða. Fara þarf með skipulögðum og heildstæðum hætti yfir mannréttindakaflann og tryggja að hann veiti öllum helstu mannréttindum nægilega skýra vernd.

Ef litið er til flokks borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda blasir við að brýnt er að bæta úr því að í stjórnarskránni er hvergi minnst á sjálfan réttinn til lífs. Einnig má benda á að hvergi er kveðið á um réttinn til að leita raunhæfs réttarúrræðis fyrir dómi eða sambærilegum úrlausnaraðila hafi mannréttindi verið brotin. Þegar litið er til flokks efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda eru úrlausnarefnin fleiri en svo að fjallað verði um þau öll í stuttri blaðagrein. Hér þarf að útfæra mun ítarlegri efnisákvæði um fjölda réttinda. Slík ítarlegri efnisákvæði hafa tvíþættan tilgang. Að því marki sem þau hafa í sér fólgnar neikvæðar skyldur eða þegar virkan lágmarkskjarna réttinda geta einstaklingar krafist þeirra fyrir dómi. En að því marki sem þau hafa í sér fólgin fyrirmæli um stefnumið og veitingu réttinda af fremsta megni ríkisins hverju sinni, þá setja þau ramma um löggjafarstarf, stefnumörkun og framkvæmd á viðkomandi sviði sem stjórnvöldum ber ávallt að hafa í huga og virða.

Þrátt fyrir tímabundna erfiðleika er Ísland velmegandi lýðræðisríki sem býr að traustum innviðum og ætti því ekki að óttast afleiðingar þess að veita efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum virka vernd í stjórnarskrá sinni. Nú þegar stjórnlagaráð hefur vinnu sína við að útfæra nýja stjórnarskrá fyrir Ísland gefst því einstakt tækifæri til að búa mannréttindakafla hennar þannig úr garði að sómi sé að.

*Lengri útgáfu er að finna á Vísi.*

> Engin efnisleg rök standa til þess að gera efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum ekki góð skil í íslensku stjórnarskránni.

# Landið mitt góða


Leikskólar

Haraldur F. Gíslason
leikskólakennari




Ég bý í stórkostlegu landi. Hér er hreint loft, drykkjarhæft vatn úr krananum, náttúruauðlindir sem fáar þjóðir geta státað sig af og frábært veður. Nei, glens í mér. Veðrið er ekkert frábært. Veður hefur samt aldrei haft mikil áhrif á mig. Veður er bara veður, þú breytir því ekkert. Vissulega er gaman að hafa sól og blíðu en samt ekki alltaf. Ég hef farið í sólarlandaferðir og alltaf finnst mér jafn óþægilegt að geta ekki opnað gluggann og fundið svalan vind leika um mig. Mér finnst gott að lenda í Keflavík í suðsuðaustan sódavatni og finna rigninguna berja andlitið. Þannig er Ísland, við breytum því ekki.

Það er samt fullt af hlutum á Íslandi sem við getum breytt. Þar er ekki allt í lagi hvernig við skiptum piztsunni. Mig langaði ekki að nota orðið „þjóðarkaka“, það er eitthvað svo mikil pólitík í því. Samt er pitsa ekki beint þjóðlegur matur en það er reyndar kaka ekki heldur.

Það er ekki í lagi að fiskiprinsar séu í skrúfusleik við sjálfan sig. Þeir ætla að ráða því áfram hvernig pitsunni er skipt. Fiskipitsa er ekki vinsæl á Íslandi í dag. Það eru ekki margir sem panta hana. Fiskiprinsar leita nú allra leiða til að halda sinni stóru sneið af pitsunni. Það er svo sem ekkert erfitt að setja sig í spor þeirra. Það langar engan að taka strætó þegar hann getur ferðast um á þyrlum, og þó. Margir segja að fiskiprinsar eigi allt áleggið á pitsunni og þess vegna fái þeir stærstu sneiðina. Samt sækja þeir ekki áleggið sjálfir heldur láta sæhetjur um áleggssöfnunina. Sæhetjur eru hörkunaglar, ég fíla sæhetjur.

Það er ekki í lagi að leikskólakennarar fái bara rétt að narta í skorpuna á pitsunni. Sumir segja að leikskólakennarar skapi engin verðmæti. Það er heimskulegt tal. Góður leikskólakennari getur skapað meiri verðmæti á starfsævi sinni en fiskiprins getur nokkurn tímann dreymt um. Leikskólakennari er með beinan aðgang að einstaklingi á mest mótandi tíma ævi hans. Það er mikil ábyrgð sem fylgir því.

Stundum hendir sæhetja litlum fiskum í sjóinn því að fiskiprinsar fá meiri pening fyrir stóra fiska. Það er kallað brottkast. Leikskólakennari fær jafn lítinn pening fyrir stóran einstakling og lítinn einstakling. Allir einstaklingar eru honum jafn verðmætir. Stundum neyðist góður leikskólakennari til að finna sér annan starfsvettvang vegna þess að hann getur ekki keypt fisk fyrir launin sem hann fær fyrir að kenna öllum jafn verðmætu einstaklingunum. Það er kallað brottfall.

Nú fer í hönd tími þar sem leikskólakennarar ætla að berjast með kjafti og klóm gegn brottfalli. Við erum búin að fá nóg af innihaldslausum upphrópunum um mikilvægi okkar. Við viljum að mikilvægi okkar verði metið eftir því hversu mikinn fisk við getum keypt um hver mánaðamót. Við erum mjög sanngjörn í okkar kröfum. Leikskólakennarar hafa dregist aftur úr öðrum stéttum með svipaða menntun. Það verðum við að laga og það strax, annars verður mikið brottfall úr stéttinni og því megum við alls ekki við.

Við biðjum um stuðning ykkar kæra þjóð. Hvernig landi viljum við búa í?

> Sumir segja að leikskólakennarar skapi engin verðmæti. Það er heimskulegt tal. Góður leikskólakennari getur skapað meiri verðmæti á starfsævi sinni en fiskiprins getur nokkurn tímann dreymt um.


FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...



Heilsurækt á 9 stöðum á höfuðborgarsvæðinu



SUMARTILBOÐ
Sölutímabil:1. maí - 15. ágúst

3 mánuðir í heilsurækt
Kr. 6.470 á mánuði

3 mánuðir í heilsurækt og Baðstofu
Kr. 18.700 á mánuði

Nánari upplýsingar á worldclass.is og í síma 553 0000

Korthafar fá aðgang að Laugardalslaug, Lágafellslaug og Sundlaug Seltjarnarness
Laugum Reykjavík • Kringlunni Reykjavík • Húsi Orkuveitunnar Reykjavík • Spönginni Grafarvogi
Lágafellslaug Mosfellsbæ • Ögurhvarfi Kópavogi • Turninum Kópavogi

World Class Iceland



**Augu** stækka ekkert frá fæðingu sem skýrir ef til vill hvers vegna þau virðast seins stór í litlum börnum og raun ber vitni. Nef og eyru stækka hins vegar umtalsvert um ævina.



Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

Eirberg



**Ferðanuddbekkur**
- Stillanlegur höfuðpúði
- Stuðningur fyrir handleggi
- Hæðarstilling 59-86 cm
- Burðargeta 250 kg
- Þyngd 16 kg

**Verð 59.890 kr.**

Opið virka daga kl. 9 -18, lokað á laugardögum 1. maí til 31. ágúst
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

**Tallinn Eistlandi**
**- miðaldaborg frá 11. öld,16.-24. júlí**

**Verð einungis 44. 900 kr.**
**(flug með skatti)**

Ein fallegasta borg Evrópu og á minjaskrá Unesco. Miðaldastemning í Tallinn er engu öðru lík. Söfn, dómkirkjur, borgarhlið, borgarveggir, klaustur, borgarturnar og stórfenglegur arkitektúr, allt á sama stað. Má nefna Torgið í gamla bænum, St Olav's kirkju, St. Catherine götu, Maiden turninn, Toompea kastalann, Saint Mary dómkirkjuna og Ráðhúsið. Spennandi skoðunarferðir innan borgar sem utan í boði.

**Verð 78.800 kr. á mann i 2ja manna herbergi.**
**Innifalið flug, skattar, hótel, fararstjóri, rúta til og frá flugvelli.**

**Eistland og Lettland**
**Miðaldir - 16.-24. júlí**

2ja landa sýn, ferðast er um bæði löndin. Við skoðum hinar fögru miðaldaborgir Tallinn og Riga, gistum m.a. á herrasetri. Skoðum hallir, kastala, markaði, söfn og keyrum i gegnum ægi fögur sveitahéruð svo eitthvað sé nefnt.

**Verð 148.900 kr. á mann i 2ja manna herbergi.**
**Innifalið; Fararstjóri, flug og skattar, hótel, allar skoðunarferðir**



Beint flug frá Keflavík

Trans - Atlantic
Sími 588 8900

Trans-Atlantic sérhæfir sig i ferðum til Eistrasaltslanda
www.transatlantic.is

**Ferðafélag Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins hefur farið árlega á Hvannadalshnúk í rúman áratug.**

# *Babú á hnúkinn í ellefta sinn*



MYND/JÓN HELGI GUÐMUNDSSON

Það er alltaf jafn frábært að komast á toppinn enda endurnýjast maður alveg við að ná takmarkinu," segir Valgarður Sæmundsson, slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, sem hefur ásamt vinnufélögum sínum farið á Hvannadalshnúk tíu ár í röð. „Fyrsta gangan árið 2000 varð kveikjan að því að við stofnuðum ferðafélagið Babú sem stendur árlega fyrir ýmsum uppákomum á borð við hjóla-, jeppa- og gönguferðir og útilegur," segir Valgarður.

Um miðjan maí stendur til að Babú fari á Hvannadalshnúk í ellefta sinn. „Við erum nú flest í góðu formi og undirbúum okkur með því að trítla á nærliggjandi fjöll, hver með sínu lagi," segir Valgarður glaðlega. Áhuginn fyrir hnúkagöngunni hefur aukist með ári hverju. Í fyrstu gönguna fóru átta saman en þegar mest lét fóru 65 á toppinn. Makar, vinir og vandamenn hafa bæst í hópinn auk þess sem lögreglunni og Landhelgisgæslunni var boðið með einhver árin. „Það hefur viðrað misjafnlega hjá okkur en ferðirnar hafa gengið stóráfallalaust. Þó er hver ganga heilmikil ögrun," segir Valgarður.

*solveig@frettabladid.is*

天味

Austurlenskt Hádegishlaðborð
Oriental Lunch Buffet
ALL-YOU-CAN-EAT
Kr. 1590

Tian
Grensásvegur 12
568 1919



Tian
Einstaklingstilboð nr.1
Steiktar eggjanúðlur með kjúklingi
1 stk. vorrúlla eða cokedós fylgir með tilboði
990 kr.-



Tian
Réttir nr.34
Sizzling
Beijing Beef
Spennandi og Topp nautakjötsréttir að hætti Tian.
1690 kr.-
Jamin hrísgrjón fylgi með



Alla virka daga í Hádeginu kl.11:30 - 13:30



**Stærsta fruma mannslíkamans** er egg konunnar en sú minnsta sæði mannsins. Eggfruman er sú eina sem sést með berum augum en hún er um 1 millimetri að stærð.

Ný námskeið eru að hefjast hjá Guðna Gunnarssyni í Rope Yoga-setrinu í Listhúsinu í Laugardal. Boðið er upp á Gló Motion og Rope Yoga-námskeið og einnig námskeiðið Máttur viljans – orku- og aðhaldsnámskeið sem hefst 12. maí. Fjöldi tíma er í boði.



Heimild/ ropeyogasetrid.is

# Lítil þekking á heilabilunum

**Heilabilun er oft afskrifuð sem eðlileg minnisglöp vegna vanþekkingar á heilabilunarsjúkdómum. Heilabilunarsjúkdómar hrjá um 20 prósent fólks, eldra en áttatíu ára. Þekking er afar mikilvæg til að sjúklingar fái hjálp og aðstandendur stuðning.**

Þrátt fyrir að heilabilunarsjúkdómar hrjái um tuttugu prósent fólks sem er yfir áttrætt er þekkingu á sjúkdómunum mjög ábótavant. María K. Jónsdóttir, sérfræðingur í klínískri taugasálfræði, fékk á dögunum styrk til að fara af stað með rannsókn á þekkingu almennings á Alzheimers-sjúkdómnum.

„Þekking fólks á Alzheimer er mikilvæg því aðstandendur gegna stóru hlutverki í greiningu á sjúkdómnum. Ef fólk hefur brenglaða mynd af því hvað er eðlileg öldrun og að heilabilunarsjúkdómar séu afskrifaðir sem eðlilegt minnistap er líklegt að sjúklingar með þá sjúkdóma fái ekki hjálp og stuðning," segir María. „Meirihluti aldraðra er virkur og með gott minni."

Erlendis hafa verið gerðar rannsóknir á þekkingu almennings og heilbrigðisstarfsfólks á Alzheimer-sjúkdómnum, sem hafa leitt í ljós að þekkingu er ábótavant. María segist ekki gera ráð fyrir að ástandið í þeim málum sé öðruvísi hérlendis. „Sjúklingar eru yfirleitt ófærir um að átta sig sjálfir á einkennunum og því skiptir miklu að aðstandendur geti borið kennsl á þau og leiti hjálpar, því sjúklingarnir gera það ekki sjálfir."



Heilabilun hrjáir um 20 prósent fólks eldra en 80 ára.



Svava Aradóttir, framkvæmdastjóri FAAS, bendir á að þjóðin sé að eldast og mikil fjölgun á eldra fólki næstu áratugi sé staðreynd.

Svava Aradóttir, framkvæmdastjóri FAAS, félags áhugafólks og aðstandenda Alzheimers-sjúklinga, segir ljóst að þrátt fyrir að almenn þekking á heilabilunarsjúkdómum hafi batnað á undanförnum árum sé langt í land.

Svava bendir á að þjóðin sé að eldast og mikil fjölgun á eldra fólki næstu áratugi sé staðreynd. „Það kom skýrt fram í mannfjöldaspá sem Hagstofan birti í lok síðasta árs. Þar af leiðandi mun hópur fólks með heilabilun stækka verulega á næstu áratugum og við verðum að undirbúa okkur fyrir þá fjölgun. Sárlega vantar heildræna stefnumótun í þessum málaflokki. Hún er ekki til hér á landi en mjög margar þjóðir sem við viljum bera okkur saman við eru búnar að vinna slíka stefnumótun eða eru með hana í vinnslu."

FAAS verður gestgjafi í júní á norrænum fundi Alzheimersfélaga þar sem fulltrúar allra félaga á Norðurlöndum mæta en aðalefni fundarins verður þekking fólks á heilabilun. „Það er oft ákveðið tabú í kringum það þegar sjúklingar með heilabilun sýna af sér óviðeigandi félagslega hegðun. Þegar þekkingin er ekki til staðar getur verið djúpt á skilningi gagnvart aðstæðum þessara einstaklinga og mikil hætta er á að fólk einangrist félagslega."

*juliam@frettabladid.is*


Námskeið í Rope Yoga & TRX hefjast 5. & 6. maí

4 & 8 vikna námskeið.

elin.is




"Ég finn fyrir mikilli aukningu á styrk eftir að ég byrjaði í TRX.
Æfingarnar eru fjölbreyttar og mér finnst ég vera að æfa alla vöðvahópana sem ég þarf til að synda hraðar."
Ragnheiður Ragnarsdóttir. sundkona

"Mér finnst Rope Yoga og TRX virkilega hjálpa mér í að ná auknum styrk og einbeitingu"
Hrafnhildur Lúthersdóttir. sundkona

Hvað er Rope yoga?
Yoga er fornt kerfi öndunaræfinga, líkamlegra æfinga og stellinga og hugleiðslu sem ætlað er að sameina huga, líkama og sál iðkandans.
Ropeyoga er m.a. byggt á kenningum og hugmyndafræði hatha yoga og raja yoga.

Hvað er TRX ?
TRX byggist upp á því að unnið er með eigin líkamsþyngd í böndum sem hanga neðan úr lofti.
TRX gefur möguleika á yfir 300 æfingum fyrir neðri eða efri búk.
Æfingarnar gefa lengri og fallegri vöðva og gefa góðan "core" styrk (kvið & bak).




Elín Sigurðardóttir, Bæjarhraun 2 Hafnarfirði sími: 696-4419 elin@elin.is

Kynning

# Frábært fyrir hjón að fara saman á Heilsuhótel Íslands í Reykjanesbæ

**Sigríður Árnadóttir og Gísli Felix Bjarnason dvöldu eina helgi á Heilsuhóteli Íslands í febrúar. Þau segja upplifunina einstaka og mæla sérstaklega með því að hjón fari saman. Þá eru þau ákveðin í að fara aftur.**

„Það er einhver ólýsanlegur andi á Heilsuhótelinu. Maður kom þar inn og fylltist strax orku, jákvæðni og gleði,“ segir Sigríður Árnadóttir sem í desember síðastliðnum var svo heppin að vinna helgardvöl á Heilsuhóteli Íslands fyrir tvo á Facebook. „Ég var þá vinur Heilsuhótelsins á Facebook enda finnst mér allt jákvætt sem snýr að því að láta manni líða betur,“ segir Sigríður en Gísli Felix, maður hennar, var ekki sannfærður. „Ég var fremur efins til að byrja með en eftir því sem ég las mér meira til um hótelið og fékk meiri upplýsingar varð ég opnari fyrir hugmyndinni,“ segir Gísli sem hefur átt við veikindi að stríða í nokkur ár. „Því þótti mér tilvalið að við færum saman,“ segir Sigríður og hvorugt sér eftir því.

„Mér fannst þetta dásamlegur staður. Bæði var vel tekið á móti manni og maður fann kyrrðina og róna sem umlukti mann. Maður slapp frá öllu áreiti og gat einbeitt sér algerlega að sjálfum sér,“ segir Sigríður ánægð. „Svo var boðið upp á fyrirlestra, gönguferðir, slökun og heita potta og við nýttum okkur þetta allt,“ segir Gísli og fannst til þess koma hve allir gestir voru á sömu línunni. „Fólk kemur hingað með það í huga að láta sér líða vel og slaka á og þetta var alveg rosalega skemmtilegt,“ segir hann.

Gísli og Sigríður mæla sérstaklega með því að hjón fari saman á Heilsuhótelið. „Fyrir utan að við eyddum miklum tíma saman þá skiljum við líka hvort annað betur því við upplifðum það sama og vitum út á hvað þetta gengur,“ segir Sigríður og telur að þau hafi lært mikið á dvöl sinni. „Við höfum reynt að tileinka okkur þann hugsunarhátt að láta okkur líða vel og þykja vænt um okkur,“ segir Sigríður og Gísli bætir við. „Svo höfum við líka tekið mataræðið í gegn. Vorum reyndar byrjuð á því fyrir ferðina en dvölin á Heilsuhótelinu hnykkti á þessu.“ Og ætlið þið að fara aftur? „Já, það er alveg hundrað prósent öruggt,“ segja þau bæði.


Sigríður og Gísli eru staðráðin í að fara aftur á Heilsuhótel Íslands en þar áttu þau saman yndislega helgi í febrúar.


Chad Keilen, nuddfræðingur og ráðgjafi á Heilsuhóteli Íslands.

# Dagleg þurrburstun örvar húðina



**Chad Keilen nuddfræðingur gefur góð ráð varðandi umhirðu húðarinnar.**

Húðin er stærsta líffæri líkamans og hlutverk hennar margþætt. Hún virkar sem hitastillir, gegnir mikilvægu hlutverki í hreinsun líkamans og er vörn gegn utanaðkomandi áhrifum. Dagleg þurrburstun er góð leið til að örva starfsemi húðarinnar, hreinsa burt dauðar húðfrumur, opna svitakirtlana, auka teygjanleika húðarinnar, örva náttúrulega olíuframleiðslu húðarinnar og gefa henni heilbrigðara útlit. Burstar úr náttúrulegum efnum eru æskilegastir og alltaf skal nuddað eða strokið í átt að hjartanu. Ávallt skal bursta húðina þurra. Best er að byrja á fótum, síðan handleggjum, baki og kvið. Til að auka virkni meðferðarinnnar er gott að fara í heita sturtu á eftir í 2-3 mínútur og síðan kalda sturtu í 30 sekúndur. Þetta örvar blóðflæðið um líkamann og er hressandi í morgunsárið og góður undirbúningur fyrir daginn.



Heilsuhótel Íslands stendur fyrir leik á Facebook. Í verðlaun er helgardvöl fyrir 2 á Heilsuhótelinu með öllu, allt frá nuddi og dekri til ferða í Bláa lónið. Verðmæti vinnings er 150 þúsund krónur.

Það eina sem þarf að gera til að komast í pottinn er að „líka við“ Heilsuhótelið á Facebook, deila með öllum vinum og kvitta á vegg hótelsins.

Dregið er úr nöfnum allra sem taka þátt og deila fyrir 02. júní 2011.

**www.heilsuhotel.is**


## Citrosept Bioflavinoid loksins á Íslandi

Efnið Bioflavinoid skortir í nútímafæði mannsins en er nauðsynlegt mannslíkamanum meðal annars til þess að vinna á og útrýma candida-sveppnum og sýkingum í líkamanum. Bioflavinoid er unnið úr hvítu himnunni sem umlykur greipaldinávöxtinn.

- Citroseptið dregur úr sykurlöngun.
- Gott fyrir alla sem sækja í sætindi.
- Citrosept er ríkt af andoxunarefnum og forvörn gegn krabbameini.
- Citrosept er frábært eftir sýklalyfjanotkun.

Pöntunarsími: 512 8040

www.heilsuhotel.is




heilsuhótel íslands

## Reykleysisnámskeið

**Helgina 3. – 5. júní 2011 verður haldið námskeið fyrir þá sem vilja hætta að reykja. Námskeiðið er sérhannað af tveimur þekktum einstaklingum sem oft hafa aðstoðað reykingarfólk.**

Aðferðin sem beitt er hefur skilað gríðarlegum árangri og flestir hætt fyrir lífstíð án þess að nýta nikótíntyggjó eða annað eftir námskeiðið.

**Leiðbeinendur**
Valgeir Skagfjörð, leikari og tónlistarmaður
Dr. Ásgeir Helgason dósent í sálfræði og lýðheilsufræðum

Fyrirtæki og einstaklingar geta staðfest þátttöku með því að senda tölvupóst á netfangið heilsa@heilsuhotel.is með helstu upplýsingum. Takmarkaður fjöldi og því nauðsynlegt að panta strax.

Verð 39.500 með gistingu, fæði og námskeiðsgjaldi. Flest stéttarfélög og fyrirtæki styrkja slík námskeið. Nánari upplýsingar á **www.heilsuhotel.is**

**Sími 512 8040**
















Heilsa er ekki eingungis fólgin í því að vera laus við sjúkdóma samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO). Heilsa er einnig fólgin í almennri velferð einstaklingsins, líkamlegri, andlegri og félagslegri.

**heimild: www. wikipedia.org**



Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á algengi langvinnra verkja á Íslandi. Rannsóknin sem nú stendur yfir er hluti af doktorsverkefni Þorbjargar. MYND/HEIDA.IS

# Kannar algengi langvinnra verkja

**Rannsókn á algengi langvinnra verkja stendur nú yfir en líklegt er talið að það sé verulegt og jafnvel í kringum þrjátíu prósent.**

Rannsókn á algengi langvinnra verkja á Íslandi stendur nú yfir en spurningalistar voru sendir út til slembiúrtaks 4.500 einstaklinga á aldrinum tuttugu til sjötíu ára fyrir helgi. Tilgangur rannsóknarinnar er tvíþættur: annars vegar að skoða heilsutengd lífsgæði og aðgengi að og notkun á heilbrigðisþjónustu meðal almennings á Íslandi. Hins vegar að skoða algengi langvinnra verkja og notkun á heilbrigðisþjónustu vegna þeirra ásamt reynslu einstaklinga með langvinna verki af samskiptum sínum við fagfólk í heilbrigðisþjónustu.

Þorbjörg Jónsdóttir, lektor við hjúkrunarfræðideild Háskólans á Akureyri, sem stýrir rannsókninni segir fáar rannsóknir hafa verið gerðar á algengi langvinnra verkja á Íslandi. „Það er til lítil rannsókn sem sýnir að hlutfallið sé í kringum þrjátíu prósent en þar var úrtakið einungis fimm hundruð manns. Hins vegar er til stór rannsókn á algengi langvinnra verkja í ýmsum Evrópulöndum frá árinu 2006 sem gefur til kynna að það sé allt frá 12 prósentum á Spáni og upp í 30 prósent í Noregi.“

Þorbjörg starfaði lengi sem hjúkrunarfræðingur og hefur mikla reynslu af vinnu með fólki með langvinna verki. Þessi rannsókn er hluti af doktorsverkefni hennar við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands en meðrannsakendur og leiðbeinendur eru dr. Sigríður Gunnarsdóttir og dr. Helga Jónsdóttir. Þorbjörg segir niðurskurð í heilbrigðiskerfinu koma illa niður á fólki með langvinna verki. „Vitað er að stór hluti þeirra sem leita til heilbrigðisþjónustunnar gerir það vegna ýmiss konar verkja. Misjafnt er hvernig gengur að finna orsök þeirra og hvernig gengur að meðhöndla þá á viðeigandi og árangursríkan hátt. Einnig er reynsla fólks af þjónustu heilbrigðiskerfisins misjöfn sem og gagnsemi þeirrar meðferðar sem í boði er. Ljóst er að niðurskurður getur jafnvel leitt til þess að vandamál sem hægt væri að leysa með réttum aðgerðum festast í sessi og verða langvinn með tilheyrandi skerðingu á lífsgæðum og kostnaði fyrir einstaklinga og samfélag.



Samkvæmt evrópskri rannsókn frá árinu 2006 er algengi langvinnra verkja á bilinu 12 til 30 prósent.

Aðgengi að og notkun á heilbrigðiskerfinu og reynsla þeirra sem þangað leita vegna langvinnra verkja hefur lítið sem ekkert verið rannsökuð á Íslandi en þekkt er að einstaklingar með langvinna verki hafi leitað til margra ólíkra meðferðaraðila án þess að meðferð hafi borið árangur. Við vonum að rannsóknin geri okkur kleift að meta þjónustuna og koma auga á það sem betur má fara.“

Þorbjörg vonast bæði eftir svörum frá fólki með langvinna verki og þeim sem eru verkjalausir. „Til þess að rannsóknin gefi sem bestar upplýsingar er mikilvægt að sem flestir taki þátt í henni, óháð því hvort þeir hafa reynslu af langvinnum verkjum eða ekki enda viljum við líka fá fram almenn viðhorf.“ Þorbjörg segir nauðsynlegt að fá að minnsta kosti fimmtíu prósenta svörun. Hún vonast til að geta byrjað að vinna úr niðurstöðunum í sumar og ættu þær að liggja fyrir með haustinu.

*vera@frettabladid.is*

## Vissir þú...

- að það er meiri ávaxtasykur í sítrónum en jarðarberjum
- að á einni mannævi borðar manneskjan í kringum 35 tonn af mat
- að ef mjólk stendur í dagsljósi í tvo tíma tapar hún um tveimur þriðju af B-vítamínum sínum
- að með því að borða C-vítamín (appelsínu, sítrónu, greip, jarðarber, tómata og kartöflur til dæmis) með kjöti eða baunum nýtist járnið og prótínið í matnum betur
- að fólk hefur borðað fisk með sítrónusneið allt frá því á miðöldum. Þá trúðu menn því að sítrónusafinn myndi leysa upp bein sem mögulega slæddust ofan í magann.



# Reiðhjól fyrir ömmur og STÖKKVANDI STRÁKA

**Markið Sportvöruverslun hefur selt reiðhjól í 30 ár en fyrirtækið var stofnað af Braga Jónssyni árið 1980. Verslunin er enn í eigu fjölskyldunnar og er sonur Braga, Brynjar Þór, verslunarstjóri í dag en Markið er ein af stærstu sérhæfðu reiðhjólaverslunum á landinu.**

„Við byrjuðum reksturinn við Suðurlandsbraut en fluttum svo í Ármúla 30 og stækkuðum þá búðina verulega. Með árunum hafa skíðavörur og þrektæki bæst við vöruflokkana hjá okkur en aðaláherslan er á reiðhjól og allan búnað sem þeim fylgir,“ segir Brynjar Þór. „Við bjóðum upp á allar tegundir hjóla fyrir alla hjólreiðamenn, allt frá eldri ömmum sem vilja þægileg hjól með körfu og upp í stráka sem vilja stökkva yfir bíla.“

Meðal vörumerkja sem fást í Markinu eru Scott, Giant og Norco en allir þessir framleiðendur eru þekktir fyrir gæðaframleiðslu. Eins býður verslunin upp á aukahluti fyrir hjólreiðamanninn, hjálma, fatnað og skó.

„Scott framleiðir til dæmis mikið af sérhönnuðum hjólreiðafatnaði sem gott er að hreyfa sig í. Við seljum fatnað bæði innan undir og utan yfir föt og allt sem þarf til að stunda hjólreiðar allan ársins hring. Starfsfólk verslunarinnar hefur áralanga reynslu og þekkingu og aðstoðar viðskiptavini við val á hjólum og búnaði sem hentar hverjum og einum.“

Brynjar segist finna fyrir talsverðri aukningu í sölu reiðhjóla. Nú séu einnig hin svokölluð „Comfort“ hjól að sækja í sig veðrið en á þeim situr hjólreiðamaðurinn beinn í baki með dempara undir hnakknum og hægt er að stilla stöðuna á stýrinu.

„Það er þægilegra að sitja á „Comfort“ hjólum en hefðbundnum fjallahjólum og þau kaupir hinn venjulegi hjólreiðamaður sem fer út í stutta hjólreiðatúra. Sá hópur er að stækka. Reyndar fer sá hópur líka stækkandi sem notar hjól sem samgöngutæki og hjólar á hverjum degi til vinnu. Fólk er að átta sig á að það er þægilegt að hjóla hérna og einnig spilar hátt eldsneytisverð inn í. Fólk talar jafnvel um að það taki einungis einn mánuð að spara upp í hjólið.“

Hverju hjóli sem keypt er í Markinu fylgir frí upphersla, sé komið með það innan tveggja mánaða frá kaupunum. Brynjar segir mikilvægt að láta yfirfara hjólið eftir nokkurra vikna notkun.

„Á fyrstu vikunum teygjast allir vírar. Það þarf að strekkja á bremsum, herða bolta og fara yfir gíra. Þetta eykur endinguna á hjólinu til muna. Eftir veturinn er líka gott að koma með hjólin og láta líta yfir þau, sérstaklega ef þau hafa staðið úti,“ segir Brynjar og hvetur fólk til að geyma hjól innandyra sé það hægt. Þá sé mikilvægt að halda reiðhjólum hreinum, smyrja keðjur og hjól reglulega og passa að nóg loft sé í dekkjum og að bremsupúðar séu ekki eyddir.

„Við erum einnig með verkstæði hér á staðnum og sinnum allri viðgerða- og varahlutaþjónustu á öllum hjólum, hvort sem þau hafa verið keypt hjá okkur eða ekki.“

Heimasíða verslunarinnar er www.markid.is



Brynjar Þór Bragason, verslunarstjóri hjá Markinu sportvöruverslun, hvetur fólk til að geyma reiðhjólin inni yfir veturinn sé hægt að koma því við. Einnig sé nauðsynlegt að halda hjólinu hreinu og smyrja reglulega keðjur og hjól. MYND/GVA



**SKIPTU UM DEKK** Slétt dekk gefa minna viðnám við götuna en mjög gróf dekk svo hjólið fer hraðar yfir.

Margir eiga nokkurra ára gömul fjallahjól á mjög grófum dekkjum en finnst leiðinlegt að hjóla á þeim á götum og stígum. Þeir þurfa þó ekki að fjárfesta í nýju hjóli heldur geta skipt út dekkjunum og endurnýjað hjólið.

**ALHLIÐA VIÐGERÐAÞJÓNUSTA** Hjá Markinu er rekið alhliða varahluta- og viðgerðaverkstæði. Tekið er við öllum hjólum af öllum gerðum, hvort sem þau hafa verið keypt hjá Markinu eður ei. Á vorin er gott að láta yfirfara reiðhjólin, sérstaklega ef þau hafa staðið úti yfir veturinn. Með öllum hjólum keyptum hjá Markinu fylgir frí upphersla innan tveggja mánaða eftir kaupin.

**ÚRVAL FYRIR ÞAU YNGSTU** Hjá Markinu er gott úrval af hjólum fyrir yngstu hjólreiðamennina. Ítalska hjólreiðamerkið Italtrike hefur fengist hjá Markinu í yfir 20 ár en Italtrike-hjólin eru létt, þægileg og stöðug. Öryggis- og aukahlutir svo sem hjálmar, bjöllur, körfur og fleira fást einnig í versluninni.







**● HJÓLAÐ Í VINNUNA Á NÝ**

Átakið Hjólað í vinnuna hefst á miðvikudaginn 4. maí og stendur til 24. maí. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands hefur staðið fyrir átakinu frá árinu 2003 en því er ætlað að efla hreyfingu og starfsanda á vinnustöðum auk þess sem markmiðið er að vekja athygli á hjólreiðum sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta.

Þátttaka í átakinu hefur margfaldast frá upphafi. Í upphafi stóð verkefnið yfir í eina viku en í ár í þrjár vikur. Á heimasíðunni www.hjoladivinnuna.is er hægt að fá allar upplýsingar um átakið auk þess sem hægt er að skrá vinnustaði til þátttöku og fá góð ráð um ýmislegt sem snýr að hjólreiðum.

# Lengri og styttri túrar

**Margar skemmtilegar hjólaleiðir er að finna á höfuðborgarsvæðinu. Fréttablaðið tók saman nokkra skemmtilega hringi til að hjóla með hækkandi sól.**



Margar skemmtilegar hjólaleiðir er að finna í borginni og heimasíður hjólareiðafélaga gefa oft góðar upplýsingar um leiðir.

● Einn fjölfarnasti útivistarstígur landsins er stígurinn sem liggur meðfram Sæbraut, Geirs- og Mýrargötu, Ánanaustum, Eiðisgranda og nær svo alla leið út í Fossvogsdal, meðfram Ægisíðu og Skerjafirði. Sé allur stígurinn hjólaður er leiðin meira en tuttugu kílómetra löng og er skemmtileg að því leyti að hún liggur að mestu meðfram sjónum.

● Mjög skemmtilegan höggmyndagarð Hallsteins Sigurðssonar er að finna í Gufunesi í Grafarvogi og tilvalið að skella sér í hjólatúr í Grafarvoginn og njóta listar um leið. Margar skemmtilegar hjólaleiðir er að finna í Grafarvogi, bæði meðfram strandlengjunni og svo er ein sem liggur í hlykkjum milli Grafarvogs og Grafarholts, einmitt nálægt höggmyndagarðinum.

● Seltjarnarnesið er stutt og góð hjólaleið sem er nokkuð aflíðandi. Stígurinn meðfram sjávarsíðunni er um fimm kílómetra langur og hentar því hjólreiðamönnum í nágrenninu vel sem vilja til dæmis fara í stuttan túr fyrir kvöldmat.

● Elliðaárdalurinn er ein af fjölsóttustu náttúruperlum höfuðborgarsvæðisins. Þar má finna stíga sem lagðir hafa verið um dalinn og ef hjólafólk er sérstaklega kraftmikið má lengja leiðina og hjóla sem leið liggur upp í Heiðmörk í gegnum dalinn. Styttri hjólahringi er einnig hægt að fara í dalnum og staldra við í Indíánagili og bregða á leik.

● Kópavogsbúar búa svo vel að geta hjólað strandstíg um Kársnes í Kópavogi og bruna stíga alla leið að álverinu í Hafnarfirði. Góðar leiðbeiningar um hjólaleiðir er að finna á vefsíðu Landssamtaka hjólreiðamanna, lhm.is, en þar má finna nákvæmar leiðbeiningar um hvaða götur má hjóla til að ná settu markmiði; göturnar Súlunes og Hegranes í Garðabæ, strandstíg um Arnarnesvog og stíginn meðfram Reykjavíkurvegi og Strandveg í Hafnarfirði. Jafnframt eru þar margar tillögur að ýmsum góðum hjólaleiðum.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462
og Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5429.






Vönduð götuhjól eru vinsælust meðal viðskiptavina Arnarins, að sögn Jóns Þórs Skaftasonar verslunarstjóra. MYND/VALLI

# Götuhjólin eru vinsælust

**Reiðhjólasala er með besta móti þessa dagana. Örninn í Skeifunni 11d býður upp á hjól frá gæðamerkinu Trek auk þess sem fyrirtækið rekur hjólreiðaverkstæði.**

„Reiðhjól hafa átt miklum vinsældum að fagna undanfarið. Við fundum fyrir söluaukningu síðasta sumar en síðan í mars á þessu ári hefur verið geysimikið að gera,“ segir Jón Þór Skaftason, verslunarstjóri Arnarins. Hann segir mestu aukninguna vera í fullorðinshjólum og fólk velji sér orðið dýrari og vandaðri hjól. „Það er greinilegt að fólk ætlar að kaupa hjól til að nota það,“ segir Jón Þór og telur ástæðuna helst mega rekja til hækkandi bensínverðs. „Fólk talar um að minnka notkun á bílnum og einhverjir ætla að selja annan bílinn ef tveir eru á heimilinu,“ segir hann. Þannig réttlæti fólk líka kaup á dýrara hjóli. „Slík hjól fara betur með fólk, endast lengur og fólk gefst síður upp á að nota þau.“

Jón Þór segir viðskiptavini Arnarins aðallega kaupa götuhjól eða blendinga en minna sé keypt af fjallahjólum. „Á götuhjólunum situr fólk beinna í baki og fær því minni verki, þá eru hjólin grennri og sléttari og renna þar af leiðandi betur á malbiki,“ segir Jón Þór.

Í Erninum er boðið upp á hjól frá merkinu Trek sem Jón Þór segir leiðandi í heiminum í flestum gerðum hjóla. Þá er í Erninum einnig boðið upp á fjölda aukahluta. „Fólk kaupir sérstaklega bögglabera, körfur og töskur á bögglaberana,“ segir Jón Þór en sala í fatnaði hefur einnig aukist mjög undanfarið. „Við seljum mikið af regn- og vindfatnaði sem er sérstaklega sniðinn að hjólreiðum,“ segir hann.

Örninn heldur einnig úti hjólreiðaverkstæði fyrir allar gerðir hjóla. „Þar vinna fimm menn og hafa vart undan,“ upplýsir Jón Þór en bendir á að öllum nýjum hjólum frá Erninum fylgi upphersla innan árs.

Jón Þór segir einnig algengt að fólk kaupi varahluti í Erninum til að gera upp gömul hjól. „Við höfum orðið varir við mikla viðhorfsbreytingu. Það er ekki lengur asnalegt að hjóla,“ segir Jón Þór glaðlega.



Strákarnir í hjólabúðinni GÁP stilltu sér upp fyrir ljósmyndarann. Þeir Arnar Gunnarsson, Mogens Markússon, Daniel Ostapiuk og Bjarki Gíslason. MYND/VALLI

# Strekkjum vírana og stillum gírana

**Mongoose er þekktasta merkið í hjólabúðinni GÁP í Faxafeni 7. Verslunarstjórinn Mogens L. Markússon segir sölu á götuhjólum alltaf að aukast.**

Við erum með hjól fyrir allan aldur, alveg frá tveggja ára og upp úr, og auðvitað alla flóruna, barnahjól, fjallahjól og götuhjól,“ segir Mogens Markússon, verslunarstjóri hjá GÁP, en hann finnur fyrir mikilli söluaukningu í götuhjólum eftir að bensínið hækkaði. „Fólk er líka að fatta að það þarf ekki fjallahjól í Reykjavík. Hér eru engin fjöll,“ bendir hann á.

Þótt fjallahjól séu góð til síns brúks segir Mogens léttara að hjóla á götuhjólum, þau séu á stærri og mjórri dekkjum, þannig að fólk komist hraðar og sitji meira upprétt. „Fullorðnir taka þessum hjólum fegins hendi og við erum með mikið úrval af þeim, bæði fyrir dömur og herra,“ tekur hann fram.

Stærsta merkið sem GÁP selur er Mongoose. „Svo erum við með hið heimsfræga merki Cannondale. Það eru amerísk hjól, handsmíðuð og gríðarlega vönduð,“ lýsir Mogens.

Að sjálfsögðu selur GÁP ekki bara hjólin sjálf heldur „allt sem við á að éta“, þar með talin bretti því flest hjól koma brettalaus að sögn Mogens. „Öll hjól eru með standara, bjöllu og glitaugu en fullorðið fólk vill helst fá bretti líka því það rignir svo mikið hjá okkur og það vill ekki hafa vatnsausturinn upp á haus,“ segir hann. Þegar haft er orð á að einkennilegt sé að brettin skuli ekki vera staðalbúnaður útskýrir hann það. „Það þykir ekki mjög töff að hafa bretti og krakkarnir vilja ekki bretti á fjallahjólin. Sumir vilja þau ekki heldur á götuhjólin og þá er verra að þurfa að rífa þau af. En við erum eldsnöggir að setja þau á því við erum með flott verkstæði og á meðan gengið er frá kaupum er búið að setja á bretti, bögglabera og lás, ef þess er óskað. Sem sagt allt klárt.“

Talandi um verkstæði. Tekur GÁP hjól í yfirhalningu eftir veturinn? „Já, já, við tökum hjól í upphersluog yfirhalningu og alltaf þegar við seljum nýtt hjól þá er frí upphersla innan þriggja mánaða frá kaupdegi. Þá herðum við upp hjólin, strekkjum vírana, stillum gírana og bremsurnar. Flestir nýta sér það.“

Spurður hvort fólk sé almennt með tuttugu gíra og þar yfir á hjólunum sínum svarar Mogens hæverskur. „Það er nú ein og ein sem vill bara þriggja til fimm gíra hjól og þegar kemur fram á sumar fáum við afskaplega skemmtileg frúarhjól og herrahjól sem koma með brettum, eru með fótbremsu og ljósum. Þau eru fyrir 101. Afar skemmtileg hjól en ekki til langferða.“



**Hjólavagnar fyrir krakkana eru vinsælir, enda þurfa krílin að komast á leikskólann. GÁP er með tvær gerðir af vögnum. Þessi er með álbotni og gjarðir og grind úr áli. Hann kostar 75.900 krónur.**

# Með aukaföt og nesti

Margir kaupa sér dýr hjól í dag að sögn Mogens, verslunarstjóra í GÁP. „Hjól fyrir hundrað þúsund krónur samsvarar því að fylla tankinn á meðalfólksbíl tíu sinnum. Þó að fólk kaupi sér hjól fyrir 100-150 þúsund, hjálm og galla og allan pakkann þá er það fljótt að borga sig ef það getur losað sig frá bílnum. Ég heyri það hér í búðinni að það er mikið um að fólk sé að losa sig við bílana og ætli bara að hjóla. Í kringum keppnina Hjólað í vinnuna, sem er að hefjast, hefur líka verið gríðarleg sala í hraðamælum því allir þurfa að safna kílómetrum,“ upplýsir hann.

Margir eru með töskur á bögglaberunum að sögn Mogens þar sem fólk geymir aukaföt, nesti og hvaðeina sem það þarfnast. Mikið úrval er af slíkum töskum í GÁP í Faxafeni 7.



**Fjallahjól með bretti og töskur hentar vel í sumarferðalögin.** MYND/GVA




## ● NOKKRAR MIKILVÆGAR STAÐREYNDIR UM KRÍU

- Kríu stofnaði David Robertson á annarri hæð lítils verkstæðishúsnæðis á Hólmaslóð 4 í mars 2009.
- Í ársbyrjun 2011 flutti Kría í 115 fermetra verslunarhúsnæði á Hólmaslóð 2, þar sem hún rekur einnig verkstæði.
- Kría hefur einkaleyfi á sölu Specialized Bicycles á Íslandi.
- Specialized var stofnað í Bandaríkjunum 1974. Það hóf framleiðslu á fyrsta markaðssetta fjallahjóli heimsins, Stumpjumper, árið 1981 en það er enn framleitt í dag.
- Specialized er eitt þriggja bestu hjólamerkja heims. Á þeim hafa hjólagarpar unnið fjölda heimsmeistaratitla í þríþraut, fjallabruni og hjólreiðakeppnum, en síðustu tveir sigurvegarar Tour de France hjóluðu einmitt á Specialized-hjólum.
- Kría býður frábæran afslátt á fyrirfram pöntuðum Specialized-reiðhjólum.
- Kría rekur hjólaleigur við farfuglaheimilin í Reykjavík.
- Kría stendur fyrir spennandi hjólreiðaferðum með leiðsögumönnum.



David Robertson og Emil Guðmundsson í verslun Kríu við Hólmaslóð. Báðir eru landskunnir hjólreiðamenn og miklir reynsluboltar sem keppt hafa á hjólum og eiga þau mörg til skiptanna í daglegum hjólaferðum.

# Hjól heimsmeistaranna

**Kría Hjól hefur stimplað sig inn sem paradís hjólreiðamannsins, en þar fást nú heimsverðlaunagripir frá Specialized.**

„Við erum stoltir yfir að geta boðið Íslendingum hjólin frá Specialized, en það er stærsti hjólaframleiðandi heims og á í sínum röðum heimsmeistara í öllum keppnum hjólreiða, eins og Tour de France síðastliðin tvö ár,“ segir Emil Guðmundsson, einn þriggja eigenda Kríu Hjóla, um heitustu hjólin í bænum.

„Hjá Specialized er mikið lagt í hvert einasta hjól og draumur að hjóla á þeim hvort sem það er innanbæjar eða yfir Fimmvörðuháls. Úrvalið er breitt og allir geta fundið hjól við hæfi, en markmið okkar eftir sem áður er að velja hjól sem samræmist útliti og stíl hvers og eins, rétt eins og þegar þeir velja sér flíkur,“ segir Emil.

Aðalsmerki Kríu frá upphafi hefur einmitt verið að sérsníða og sérsmíða reiðhjól eftir óskum, en einnig dubba þeir upp gömul hjól viðskiptavina.

„Flestir koma hingað með ákveðinn karakter af hjólum í huga og þá setjumst við niður með þeim og leiðbeinum í rétta átt. Möguleikarnir eru endalausir, hvort sem keðjan á að vera lituð eða hnakkurinn sérsmíðaður, en við flytjum einnig inn handsmíðaða leðurhnakka og fylgihluti sem ekki hafa áður boðist íslenskum hjólreiðamönnum,“ segir Emil en þess má geta að handsmíðuðu hnakkarnir hafa verið framleiddir frá árinu 1866.

„Hjól er ekki bara hjól heldur hlutur sem fær þig til að líta vel út. Þannig hjólabúð hefur alltaf vantað og við viljum veita persónulega þjónustu þannig að menn fari ánægðir út með háklassa gæði, eftirsóknarvert útlit og varanlega eign. Búðin er full af hjólanördafílingu þar sem hægt er að sjá hvernig hjólamennska er lífsstíll og hvað er kúl við hjólin, en sum hjól eru reyndar svo vel hönnuð og falleg að þau eru í raun eins og mublur.“








„Ég gef sjálf rosalega mikið fyrir nesti þegar ég fer eitthvert,“ segir Nanný Arna í Bolungarvík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vestfirskt, lífrænt og hollt

**Góður matur er gulls ígildi í fjallgöngum og öðrum krefjandi ferðum. Það veit Nanný Arna Guðmundsdóttir sem rekur fyrirtækið Veganesti.**

Heimabakaðar brauðbollur, múffur með aðalbláberjum og orkustykki eru meðal þess sem Nanný Arna, leikskólakennari í Bolungarvík, stingur í nestispakka ferðafólks sem verslar við fyrirtækið hennar, Veganesti. „Ég er sjálf rosalega mikið fyrir nesti þegar ég fer eitthvert í ferðalög,“ segir hún glaðlega. „Þegar maðurinn minn fór að reka skútusiglingafyrirtæki byrjaði ég á að útbúa kost fyrir farþegana hans. Svo hefur þetta undið upp á sig. Ég er komin í samstarf við Vesturferðir og hver sem er getur pantað hjá mér en það þarf að gerast með minnst dags fyrirvara.“


Bollur og orkustykki eru meðal þess sem Nanný útbýr sjálf.

Nanný kveðst reyna að hafa vistirnar sem mest vestfirskar, lífrænar og hollar. „Ég baka allt sjálf og tíni aðalbláberin í múffurnar og að sumrinu set ég heimaræktað grænmeti í pakkana líka. Ég á bara eftir að þróa umbúðirnar því ég vil ekki búa til rusl.“ *- gun*










# BÍLAR & FARATÆKI

bílaborg.is



ATVINNUHÚSNÆÐI Til sölu á Krókháls nr 10 c.a 120 fm . Verð 23.000.000. Húsnæðið er laust til afhendingar strax. Áhvílandi lán frá Íslandsbanka kr c.a 13.9 mill. Uppl síma 517-1111 eða 696-1001



VICTORY Vegas 8-ball v06ab26ca. Árgerð 2006, ekið 2.400 km, bensín, 6 gírar. Verð 2.490.000. Rnr.132798. Glæsilegt hjól Uppl síma 517-1111 eða 696-1001 www.bilaborg.is



LAND ROVER Range rover supercharged . Árgerð 2/2007, ekinn 87 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð stgr 8.190 þús. Ásett verð 9.9 millj. Umboðsbíll með DVD. Uppl síma 517-1111 www.bilaborg.is



BMW M6. Árgerð 2007, ekinn 39 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 14.900.000. Rnr.125316. Glæsilegur bíll með öllu. Uppl síma 517-1111 www.bilaborg.is. ath skipti.



M.BENZ E 200 cgi avantgarde 2010 . Árgerð 2010, ekinn 27 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 7.990.000. Rnr.132898. Ásett verð 8900 þús. Uppl síma 517-1111 og www.bilaborg.is Glæsilegur bíll á staðnum.



M.BENZ ML l500 . Árgerð 2006, ekinn 117 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.390.000. Rnr.132872. Uppl síma 517-1111 www.bilaborg.is Glæsilegur bíll.



LAND ROVER Range rover vouge diesel . Árgerð 10/2007, ekinn 88 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Tilboðsverð 8.9 millj stgr. Ásett Verð 10.900.000. Rnr.124470. Umboðsbíll. uppl síma 517-1111 og www.bilaborg.is

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

Bílabankinn

**Pylsuvagn óskast**
Erum með kaupanda af pylsuvagni. Vinasamlegasgt hafið samband halli@bilabankinn.is eða í síma 588-0700 Bílabankinn 588-0700.

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

bilfang.is S.567 2000



DIESEL DIESEL !!! VW TDI Trendline Touran (7 manna) 02/2007 ek 78 þ.km verð 2590 ákv bílasamningur kr 2250

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

HEIMSBÍLAR



POLARIS Sportsman 500cc x2 quad. Árgerð 2006, ekinn 5800 KM, bensín, sjálfskiptur. Hjólið er á staðnum. ásett Verð 1.150.000.(listaverð 1.350.000) Rnr.330711.Heimsbílar 567-4000

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**




Allir Suzuki utanborðsmótorar á lækkuðu verði og flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

HEIMSBÍLAR



LAND ROVER Freelander. Árgerð 2006, ekinn 46 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Bíllinn er á staðnum! Verð 3.590.000. Rnr.330967. Heimsbílar 567-4000

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

bilauppbod.is

**Þarftu að kaupa eða selja bíl?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**
**www.bilauppbod.is**

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



KAWASAKI KXF 450. Árgerð 2006, notað 60 tíma, bensín, 5 gírar, gullfallegt hjól. Tilboðsverð 480þús er í sal Höfðabílum Rnr. 152514.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.**
**www.hofdabilar.is**

TOPPBÍLAR bílasala



TOYOTA Land cruiser 100. Árgerð 1998, ekinn 281 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.390.000. Mjög fallegt eintak! Rnr.284617.

**Toppbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

100bilar.is bílasala



CHRYSLER PACIFICA TOURING, árg. 8/2007, ek.40þús.km, sjálfskiptur, loftkæling, 6 manna, leður, lúga omfl, Flottur, vel búinn og þægilegur bíll, Ásett verð 3790þús.kr, er í salnum hjá okkur,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**RR Supercharged '07**
Eins og nýr, með öllu, 30þ. km, 9,2m. stgr. S. 698 4316.



**800þ. í afsl!**
Audi A4 Avant 1,9 TDI árg.'04, ek. 115 þús. V. 1700 þús. Þarfnast smá lagfæringar. Uppl. í s. 896 4850.



Renault Megane Scenic árg.'99, 1,6. Ssk, mjög góður bíll. Ný vetrardekk og sumardekk. S. 616 2597.



Toyota Avensis w/s árg.'06 sjálfsk. ek.78 þ. Verð 2.300þús. Uppl. í s. 821 4812.



Bensín golfbíll til sölu. Verð: 250.000. Allar nánari upplýsingar í síma 895 8751, Ragnar.



Til sölu glæsilegur ssk Suzuki Grand Vitara. Ek aðeins 48þkm. Engin skipti. Verð 990þ. kr. stgr. Uppl. í s. 698 0588.



Til sölu Suzuki Grand Vitara árg.'05. Bsk., nýskoðaður, ath. skipti á ódýrari. Verð 1600þ. Uppl. í s. 896 1339.



Til sölu wv póló árg. '99 1,4 beinsk ek. 136 þús. sk. 2012 grá sans, spoilerkitt, topplúga lítið stýri. verð 290 þús. gsm 868 2352.




Græn verðlækkun: Jeppar, pallbílar, fólksbílar frá Ford, Jeep, Dodge, Toyota, Chevrolet og flestum öðrum bílaframleiðendum. Nýjir frá verksmiðju METAN & BENSÍN. Umhverfisvæn tollalækkun. Lægri bifreiðagjöld. Tugir þúsunda sparast mánaðarlega í eldsneyti. Fáðu kynningarbækling á islandus.com og reiknaðu dæmið til enda. Grænir leigubílstjórar spara yfir 100þús/kr á mánuði! Hundruð ánægðra viðskiptavina.www.islandus.com - Sími 5522000

## 1-2 milljónir

Pajero Sport 2002,ek 158þ. nýskoðaður. verðhugmynd 1.190.000. Uppl. 693-2486.

## Bílar óskast

Skoðaður bíll óskast fyrir allt að 150 þús. Uppl. í s. 693 9137

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

**Kaupi bilaða bíla**
Kaupi bíla sem þarnast viðgerðar á ca. 30 - 150 þús. S. 896 6744.

Óska eftir eyðslugrönnum bíl frá 50-100þús. Heavy 97 explorer tryggðartröll til sölu eða skiptanna. Uppl. í s. 845 0454.

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar



TIL SÖLU MAN H72 6X6 dráttarbíll árg 04. ek. 170 þ km Uppl. í s. 821 1125 Ásgeir

## Reiðhjól




**Kría Hjól**
Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól. Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.534 9164. kriacycles.com




## Vinnuvélar






Til sölu 28 tonna beltavél '97 ek. ca. 7400 tíma. Einnig furukafa fleygur, 2.3 tonn og montabert 501, ca. 1 tonn ca. 12-15 ára gamlir. Ýmis skipti koma til greina t.d. á bát. S. 892 5309.

## Bátar



**Handfærarúllur**
BJ5000 Handfærarúllur. Allt til handfæraveiða Sjóvélar ehf. 5533311 www.sjo.is

Góður strandveiðibátur til sölu tilboð óskast uppl. 893 2179.

## Bílaþjónusta




MOTHERS Bón & Bílhreinsivörurnar fást hjá WWW.MOTHERS.is og hjá Höfðabílum Fosshálsi 27 fyrir ofan Ölgerðina S.8982832 eða mothers@mothers.is

## Hjólbarðar

Óska eftir notuðum jeppadekkjum 38-40" fyrir 15" felgur. Uppl. 616 6368.

**!!!TIL SÖLU!!!**
Ný næstum ónotuð Firestone Dekk til sölu P 215/75 R15 Gerð winterforce. Uppl: 772-6238 /Einar b.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

## Viðgerðir



**Reiðhjóla og sláttuvélaþjónustan - enginn biðtími !**
Tek við öllum gerðum af reiðhjólum og sláttuvélum. Einnig aðrar smávéla viðgerðir. Vagnhöfða 6, S. 821 0040.

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

## Varahlutir




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 661 5270.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Fókus, M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 666 6555. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Baleno '97 , Primera '98, Elantra '98, Almera '98. S. 896 8568.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

## Garðyrkja




**Garðaþjónusta Reykjavíkur 20% afsláttur eldri borgara og húsfélög.**
Öll almenn garðvinna á einum stað fyrir garðinn þinn. Trjáklippingar Beðahreinsanir,Trjáfellingar, garðaúðanir, þökulagnir,sláttur, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur, S. 669 0011. Þórhallur S. 772 0864.




Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grisjun gróðurs ásamt því að fá tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar best ehf. Sími 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@ gardarbest.is Facebook: Garðar best.










**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

**Er mosinn að eyðileggja grasflötinn!**
Erum með góðar lausnir við því. Eiríkur S. 669 0011.

Tökum að okkur jarðvegsskipti og hellulagnir gerum föst verðtilboð S 7743900

## Bókhald

Framtöl - bókhald- ársreikningar. Mikil reynsla - sanngjarnt verð. www.fob.is s. 517-3977

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar




**20% afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara**
Fagleg vinnubrögð. Margra ára reynsla. Fáðu tilboð strax í dag, þér að kostnaðarlausu. Haukur, S. 777 2722.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

Gluggar, hurðir, sólpallar/þök og allt húsaviðhald. Parkek og smíðar, Uppl. í s. 896 9819

**SG Steingæði slf Alhliða húsaviðgerðir**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, pípulögn, múrverki, málingu, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum.**
**Uppl. í síma 899 2420.**










## Tölvur




Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Whole body massage. S. 849 5247.

New,New,New! TOP LUX MASSAGE IN DOWN TOWN ONLY FOR 1 WEEK,ANY TIME.s 899 5836 ALISIA

## Önnur þjónusta



**Green-house**
Svörtu buxurnar eru komnar og nýjar vörur. Fallegur danskur fatnaður á góðu verði. Velkomin og fáið bækling. Opið í dag 13-19. Green-house Rauðagerði 26

## Spádómar

**Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.**
**Einkatímar.**
**Tímapantanir í s. 587 4517 Erla.**




## Rafvirkjun




**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Hringlótt borðstofu/ eldhúsborð og 5 stólar til sölu Stærðin á borðinu er 130 cm í þvermál, með stækkun ca 170-180 cm Verðhugmynd 50 þús. Upplýsingar í skilaboðum eða í síma 863 1919.



Ertu að opna búð eigum til notaðar hillur selst á góð verði uppl. Síma 896 6551.

Til sölu flotbryggja 6 metra löng 2,5 á breidd uppl. S. 897 7662.

Verk eftir Margréti Reykdal, einnig málverk eftir Kedil Larsen og Sigurð Benediktsson. S. 773 0615.

Ísskápar, þvottavélar,eldavél á 20þ, stálvaskar á 5þ, uppþvottavélar, þurrkarar, barnaþríhjól, barnahjól, sjónvörp. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**Kaupum ýmislegt gamalt dót**
**30 ára og eldra, t.d. húsgögn, ljósakrónur, hansahillur, leirtau, veski, dúka, spegla, skartgripi, leikföng og fl. og fl. (óskum einnig eftir dánarbúum)**
**Fríða frænka, Vesturgata 3,**

**Opið mánud - föstudaga 12-18 og laugard 12-14.**
**S. 551 4730 & 864 2223.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Verslun



SUMARIÐ ER KOMIÐ! Fallegar sumarvörur. Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is







# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE næðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www. tantra-temple.com

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Ódýrir og vandaðir ferðanuddbekkir og ólettubekkir til sölu. S. 891 6447, Óli.

## Þjónusta



**Byrjendanámskeið 9. maí www. yogaheilsa.is Sími 588 5711 eða 691 8565**

# HEIMILIÐ

## Dýrahald




www.hundaskoli.net

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

Ert þú hestamaður og vilt skapa þér vinnu í Svíþjóð ? Sendu mér póst á johannes@islandshester.se

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir




## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Kristnibraut Grafarholti. Mjög góð 75 m2, 2. herbergja íbúð í lyftuhúsi með góðu þvottahúsi í íbúð, stórum svölum og stórri geymslu Sanngjörn leiga, 95þ+hússjóður, 2 mán fyrirfr. og trygging. Ekki leyfðar reykingar né gæludýr. Íbúðin er laus nú þegar. Vinsamlegast sendið fyrirspurn á ebdake@hotmail.com með upplýsingum um nafn, starf, kt. og annað sem kann að skipta máli.

LAUGARNESHVERFI- Sárvantar hús eða góða hæð til leigu í 105 Rvk. Erum reglusöm og ábyrg. Meðmæli ef óskað er. Get lagt fram tryggingu. uppl veitir Vilborg í S:8987611

Lækjargata 32, HFJ. 3 herb. 85fm. Leiga 120þ. trygging 3 mán. Laus 1 mai. áhugasamir hafa samband við bjorgvin@igl.is eða 892 4578

Til leigu 3ja herb. íbúð á 3ju hæð í fjölb. með lyftu ca 80 fm í 111. Íbúðin leigist með húsgögnum að hluta, laus strax. Verð 130 þús. á mánuði Uppl. í .s 898 1351.

ROOM f/RENT w/FURNITURE IN 108 RVK NEAR KRINGLA AND IN 111/109 BREIÐHOLT 8973611

Herbergi til leigu í 101, ca 25fm. Með eða án húsgagna. Laus 1. júní. Reyklaus. Uppl. í s. 618 2100.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Stutt í Iðnskólann og bónus S. 892 5309.

Herbergi til leigu með aðgang að eldhús, baðherbergi og þvottavél í miðbæ Reykjavíkur við Hlemm. Uppl. í s. 661 5219.

## Húsnæði óskast

Vantar ad leiga ibud fra 4 Juli til 8 Agust. Ma vera i Kopavogi, Reykjavik, Mosfellsbae. E-mail: afranklin12@cox.net

Óska eftir 2 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu, get borgað 75 þús. á mán. S. 863 2829 Erla.

Óska eftir húsnæði til leigu, 4.herbergja eða stærra í Grafarvogi, sem næst Foldaskóla. Hjón með tvo stálpaða krakka, erum með góðar tekjur og bankatryggingu. Góð umgengni. Erum handlagin og getum gert lagfæringar ef þarf. Endilega hafið samband, sími 8993615 eða sigga@netheimar.is

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

Bjóðum gistingu (bændagistingu) á vesturströnd Svíþjóðar. Golfvellir, strandlíf og fullt af menningu. Leitið tilboða johannes@islandshester.se

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Starfsfólk óskast til afgr.starfa í pylsuvagni. Upplýsingar í síma 896 0240.

Rizzo Pizzeria

**Rizzo Pizzeria Grensásvegi**
**Óskum eftir ábyrgu starfsfólki í fullt starf til afgreiðslustarfa á Rizzo Pizzeria Grensásvegi 10. Umsóknir skilist í afgreiðslu eða á rizzo@rizzo.is**

Tapas Barinn óskar eftir skemmtilegum Þjónum um helgar. Reynsla æskileg en ekki skylda, eingöngu er tekið á móti umsóknum á staðnum á milli 14:00 og 18:00 virka daga. Tapasbarinn Vesturgata 3b.

**Járniðnaðarmenn**
**Óskum eftir vélvirkja, járniðnaðarmanni, nema og aðstoðamanni. Umsóknir sendist á thjonusta@365.is Merkt: Járniðnaðarmenn**

**Vantar hressar og duglegar beðastelpur!**
Fyrir garðaþjónustu. Bíll æskilegur. Uppl. s. 772 0864 Þórhallur.

Beitningamenn óskast til starfa á Vestfjörðum. Upplýsingar í síma 895 2442 og 893 0295

**Stay Apartments**
STAY APARTMENTS is looking for maids to work at apartment hotels in Reykjavik. Experience, drivers license and recommendations necessary. Day and weekend job. Please write to stay@stay.is for more info.

## Atvinna óskast

**Skemmtilegt sumar**
Veitingastaður á Norðurlandi óskar eftir að ráða vant fólk í eldhús. Góð kjör og húsnæði í boði, unnið í vaktavinnu á skemmtilegum stað. Leggið inn nafn og síma á netfangið hér fyrir neðan og við höfum samband. Netfang: steinikross@gmail.com

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)

**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)

**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

## Nám

**Tónlistarskólinn í Reykjavík tekur nú á móti umsóknum nýnema. Umsóknarfrestur er til miðvikudagsins 4. maí.**

Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans **tono.is** og á skrifstofu skólans í síma 553-0625

## Fasteignir

# Við leitum að ...

**... stóru einbýli í 101, 108, 170 eða 210**
Leita að í það minnsta 400 m² góðu húsi í ofangreindum póstnúmerum. Skilyrði að í húsinu séu góðar stofur. Um er að ræða bein kaup og trausta greiðendur.
- Nánari upplýsingar veitir Ragna Óskarsdóttir í síma 892 3342.

**.. sérbýli rað, par eða einbýlishúsi í Linda eða Salahverfi**
- Nánari upplýsingar veitir Atli S. Sigvarðsson í síma 899 1178.

**... 4ra herbergja íbúð í Áslandi, Norðurbæ/Miðbæ Hafnarfirði**
- Nánari upplýsingar veitir Davíð Jónsson í síma 697 3080.

**MIKLABORG**
569-7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

**LEITUM AÐ**
# EINBÝLISHÚSI, PARHÚSI EÐA RAÐHÚSI

Erum með ákveðinn kaupanda að einbýlishúsi, parhúsi eða raðhúsi í póstnúmerum 201, 203 eða 210. Æskileg stærð 180-220 fm. Góðar greiðslur í boði.

**Upplýsingar veita Magnús Einarsson lgf. gsm: 897-8266 / magnus@landmark.is og Sveinn Eyland sölufulltrúi gsm: 6900-820**



**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
www.landmark.is - sími: 512 4900 - Bolholti 4

## Atvinna

Reykjavíkurborg
*Leikskólasvið*



# Stöður leikskólastjóra í ellefu leikskólum Reykjavíkurborgar

**Á fundi sínum þann 19. apríl s.l. samþykkti borgarstjórn að sameina yfirstjórn í neðangreindum leikskólum í Reykjavík frá 1. júlí 2011:**
**Drafnarborg/Dvergasteinn; Barónsborg/Lindarborg/Njálsborg; Hamraborg/Sólbakki; Hlíðaborg/Sólhlíð; Holtaborg/Sunnuborg; Hlíðarendi/Ásborg; Laugaborg/Lækjaborg; Furuborg/Skógarborg; Arnarborg/Fálkaborg; Hálsaborg/Hálsakot; Foldaborg/Foldakot/Funaborg.**

**Auglýst er eftir** leikskólastjórum við ellefu leikskóla Reykjavíkurborgar sem verða til eftir sameiningar. Þeir munu taka til starfa 1. júlí 2011.
Nánari upplýsingar um leikskólana er að finna á heimasíðu Leikskólasviðs, www.leikskolar.is

**Meginhlutverk leikskólastjóra er að:**
- Vera faglegur leiðtogi leikskóla og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Hafa yfirumsjón með daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Stýra rekstri leikskóla á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við aðila utan hans.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfisbréf sem leikskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun er æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri.
- Góð tölvukunnátta.
- Lipurð og sveigjanleiki í mannlegum samskiptum.

**Leitað er að** einstaklingum með leiðtogahæfileika sem eru reiðubúnir til að stýra stefnumótun og uppbyggingu á grunni sameinaðra leikskóla.

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn á starf í sameinuðum leikskóla, breytingarferlið og hvernig umsækjandi uppfyllir menntunar- og hæfniskröfur. Einnig fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf leikskólakennara og annað er málið varðar.

**Umsækjendur þurfa að geta hafið störf 14. júní n.k.**

**Umsóknarfrestur er til og með 15. maí n.k.**

**Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ vegna FL. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf, þar sem eru nánari upplýsingar um störfin. Einnig veitir Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu, frekari upplýsingar, sími 411 1111, netfang : stjornendastodur.leikskolar@reykjavik.is**

# VORTILBOÐ

LONDON / KØBEN / BERLÍN FRÁ:

# 11.900 KR.*

NEW YORK FRÁ:

# 22.900 KR.*

**FJÖLDI FLUGSÆTA**

TIL LONDON OG NEW YORK Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI!

Í dag býður Iceland Express fjölda flugsæta á frábæru tilboðsverði, frá 11.900 kr. til **London**, Køben og Berlínar og frá 22.900 kr. til **New York**, aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

**Bókunartímabil:** Í dag frá kl. 12.00-23.59
**Ferðatímabil:** 4.-31. maí 2011
**Áfangastaðir:** New York, London Gatwick, Køben og Berlín

Þú bókar á **www.icelandexpress.is**

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.

Iceland Express



AÐEINS Í DAG!

**HEFST Á HÁDEGI**

www.icelandexpress.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



*Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Gústafs Finnbogasonar**
Skjólbraut 11a, Kópavogi.

Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Helga Júlíusdóttir**
**Finnbogi Már Gústafsson** **Edda Hlín Hallsdóttir**
**Lena María Gústafsdóttir** **Guðmundur Guðfinnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Magnúsar Jóhannesar Stefánssonar**
frá Akureyri, ketil- og plötusmiðs, síðast til heimilis á Grænlandsleið 44, Reykjavík,

sem andaðist hinn 14. mars.

**Guðbjörg Reynisdóttir**
**Ólöf, Reynir, Stefán, Halldóra og fjölskyldur.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkæru frænku okkar,*

**Maju J. Berg Jónsson**
Hjúkrunarheimilinu Eir,
áður Skipasundi 75,

sem lést þriðjudaginn 19. apríl. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til starfsfólks á 2. hæð-norður á Hjúkrunarheimilinu Eir.

**Aðstandendur**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sjöfn Gestsdóttir**
áður til heimilis að Sólvallagötu 31,

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk 29. apríl. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 6. maí kl. 11.00.

**Gestur Þorsteinsson** **Gunnvör Braga Björnsdóttir**
**Svava Þorsteinsdóttir** **Sigurgeir Guðmundsson**
**Ragnar Þorsteinsson** **Hólmfríður Kristjánsdóttir**
**Ársæll Þorsteinsson** **Katla Steinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Birna Hallfreðsdóttir**
Norðurbrú 6, Garðabæ, áður til heimilis að Vallholti 19, Akranesi,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði laugardaginn 30. apríl. Útför auglýst síðar.

**Símon Símonarson**
**Bryndís Símonardóttir** **Ásgeir Guðnason**
**Hallfreður Óttar Símonarson** **Laufey Ófeigsdóttir**
**Edda Símonardóttir** **Vésteinn Benediktsson**
**Björn Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gísli Benóný Kristjánsson**
fyrrverandi skrifstofustjóri,
Gullsmára 9, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 1. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Sigurbjörg Jóhanna Þórðardóttir**
**Unnsteinn Þórður Gíslason**
**Magnús Gíslason**
**Kristján Gíslason** **Guðrún Benedikta Elíasdóttir**
**Gísli Örn Gíslason** **Birna Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ágústa Þórhildur Sigurðardóttir**
Dælengi 17, Selfossi,

lést föstudaginn 29. apríl sl. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 6. maí nk. kl. 15.00.

**Sigurður Guðmundsson**
**Guðmundur Sigurðsson**
**Ingvi Rafn Sigurðsson** **Laufey Kjartansdóttir**
**Sesselja Sigurðardóttir** **Örn Grétarsson**
**Sigurður Þór Sigurðsson** **Kristín Gunnarsdóttir**
**Óðinn Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Hugheilar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför eiginmanns míns, föður, fósturföður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Kristjáns Ágústs Flygenring**
verkfræðings, Reykjavíkurvegi 39 (Tungu), Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk lyflækningadeildar St. Jósefsspítala Hafnarfirði fyrir mjög góða umönnun.

**Margrét D. Bjarnadóttir**
**Birna G. Flygenring** **Albert Baldursson**
**Garðar Flygenring**
**Erna Flygenring** **Pétur Þór Gunnarsson**
**Bjarni Sigurðsson** **Helga B. Sveinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Valur Sigurðsson**
klæðskerameistari, áður til heimilis að Skúlagötu 40,

lést á Hjúkrunarheimilinu Grund mánudaginn 25. apríl. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík, fimmtudaginn 5. maí nk.

**Halldóra Ó. Guðlaugsdóttir**
**Arnbjörg Guðmundsdóttir** **Ólafur Jón Sigurðsson**
**Elín Guðmundsdóttir**
**Sigríður Guðmundsdóttir** **Finn Sörensen**
**Óli Valur Guðmundsson** **Jan-Ola Hjelte**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**SEXTÍU ÁRA Í DAG** Kristín Ástgeirsdóttir fluttist til Akureyrar þegar hún tók við stöðu framkvæmdastýru Jafnréttisstofu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KRISTÍN ÁSTGEIRSDÓTTIR: ER SEXTUG

## Er dálítið hissa

„Ég er dálítið hissa að vera orðin sextug, en finnst það bara fínt,“ segir Kristín sem í dag heldur utan til Brussel á fund jafnréttisnefndar EFTA og til að vera áheyrnarfulltrúi hjá jafnréttisnefnd Evrópusambandsins. „Það fer nú hljótt að ég eigi stórafmæli, en kannski ég fari út að borða í kvöld og ekki í kot vísað yfir besta mat heims í Brussel,“ segir Kristín sem fæddist í Vestmannaeyjum 3. maí 1951, dóttir Friðmeyjar Eyjólfsdóttur hjúkrunarfræðings og rithöfundarins Ása í Bæ. Þeim varð fjögurra barna auðið en yngri bróðir Kristínar lést í bílslysi 27 ára að aldri.

„Í minningunni er alltaf sól og blíða í Eyjum, og dásamlegt að alast upp við sjó og fugl. Þegar við eldri systkinin komumst á menntaskólaaldur flutti fjölskyldan til Reykjavíkur en við söknuðum alltaf Eyja þótt enginn væri meiri Eyjamaður en pabbi sem átti erfitt með þessa flutninga og fór öll sumur á trillu með frændum sínum í Eyjum,“ segir Kristín sem átti mörg góð afmæli í Vestmannaeyjum, ekki síst árið sem hennar árgangur tók landspróf.

„Þá tókum við upp á að mæta í afmæli hvert hjá öðru og halda veislur, sem varð til þess að styrkja vinaböndin enn meir. Annars var ég óheppin að alltaf var hafinn próflestur í kringum afmælið mitt og erfitt að slappa af yfir veisluhöldum og í seinni tíð hef ég verið mjög löt við afmælishald,“ segir Kristín sem fagnaði 50 árum sínum í Kosovo.

Eftir stúdentspróf lauk Kristín BA-prófi í bókmenntum og sagnfræði og byrjaði því næst í meistaranámi.

„En sú prófgráða var ekki í höfn fyrr en 2002 því ýmislegt tafði á árum áður eins og Kvennaframboðið og Kvennalistinn. Vitund mín um kvenréttindi vaknaði þegar mamma fór að vinna þegar ég var 13 ára og áttaði mig á hve menntun var mikilvæg og húsmæðralífið lítt eftirsóknarvert til lengdar, enda gjörbreyttist mamma við að vera innan um annað fólk en ekki sífellt bundin yfir börnum og búi,“ segir Kristín sem gerðist virk í Rauðsokkuhreyfingunni eftir kvennafrídaginn 1975.

„Kvennabaráttan blundaði alltaf í mér og síðan hef ég ekki snúið af þeirri braut. Skemmtilegustu æviárin voru í kringum Kvennalistaævintýrið sem var merkilegt frumkvæði og byltingartilraun, en saman ruddum við mörgum hindrunum úr vegi, breyttum hugarfari og unnum áfangasigra þótt margt sé eftir enn, en ég er stolt yfir að hafa tekið þátt í þeirri baráttu,“ segir Kristín sem einnig sat á Alþingi fyrir Kvennalistann á árunum 1991 til 1999.

„Það þótti mér góð reynsla, en í dag þykir mér sorglegt að horfa upp á stöðu Alþingis og hvernig virðingin er að engu orðin. Mér finnst þingmenn ekki taka nógu mikið mið af því í hegðun sinni og orðræðu, og á Alþingi ríkir einhver götustrákaháttur sem ég kann mjög illa við,“ segir Kristín sem sér ekki eftir neinu þegar hún lítur yfir farinn veg.

„Sumir halda að það hafi verið stefna hjá mér að vera ógift og barnlaus, en ég hef ekki enn fundið þann eina rétta. Til að fá það mesta út úr lífinu þarf maður að vera sáttur við sjálfan sig og starf sitt, og mest um vert að rækta sambandið við fjölskyldu og vini, sem eru það dýrmætasta í lífinu.“

**thordis@frettabladid.is**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Júlíus Reynir Ívarsson**
frá Móbergi á Rauðasandi,

til heimilis að Fálkagötu 6, Reykjavík, sem lést laugardaginn 23. apríl sl. verður jarðsunginn frá Neskirkju föstudaginn 6. maí kl. 15.00.

**Jóhanna Gunnlaugsdóttir**
**Haukur Júlíusson** **Ingibjörg Jónasdóttir**
**Gunnlaugur A. Júlíusson** **Sigrún Sveinsdóttir**
**Ingibjörg Júlíusdóttir** **Bragi Guðjónsson**
**Anna G. Júlíusdóttir** **Hjálmar Axelsson**
**afabörn og langafabörn.**

# Nýtt apótek í Borgartúni

Í tilefni af opnun LYFJABORGAR bjóðum við góð opnunartilboð í maí - **Kíktu við og sparaðu**








LYFJABORG

Borgartúni 28 - Sími: 553 8331 - Lyfjaborg.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** álits, **6.** kusk, **8.** tæki, **9.** atvikast, **11.** hef leyfi, **12.** sjúga, **14.** sáldur, **16.** tveir eins, **17.** blundur, **18.** eyrir, **20.** skóli, **21.** málmur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fyrst fædd, **3.** strit, **4.** lofttóm, **5.** slagbrandur, **7.** galli, **10.** skammstöfun, **13.** mál, **15.** íþróttafélag, **16.** verkur, **19.** holskrúfa.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** mats, **6.** ló, **8.** tól, **9.** ske, **11.** má, **12.** totta, **14.** svarf, **16.** tt, **17.** lúr, **18.** aur, **20.** ma, **21.** króm.
**LÓÐRÉTT: 1.** elst, **3.** at, **4.** tómarúm, **5.** slá, **7.** ókostur, **10.** etv, **13.** tal, **15.** fram, **16.** tak, **19.** ró.





**MEÐAL EFNIS Í BLAÐINU:**

NÓBELSVERÐLAUNAHAFINN STIEGLITZ RÝNIR Í ÁSTAND EFNAHAGSMÁLA HEIMSINS

ÍSLENSKI LJÓSLEIÐARINN VEKUR FORVITNI ERLENDIS

Í SÍMANUM MEÐ JÓNI AÐALSTEINI

**MARKAÐURINN KEMUR ÚT Á MORGUN!**




**Allt sem þú þarft**


# Engill í húsi

**BAKÞANKAR**
**sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar**



Ég á fimm börn og þau eru gimsteinar. Þegar yngstu drengir mínir, tvíburar sem nú eru fimm ára, fæddust hafði ég næði til að íhuga hvernig börn geta breytt heiminum. Fyrstu vikurnar hleyptum við, heimilisfólkið, ekki streitu að okkur. Váleg tíðindi og vondum fréttum var haldið utan húss. Löngun að kveikja á sjónvarpsfréttum þvarr og útvarpsfréttir hljómuðu lágstemmt. Það var helst að ég fletti netmiðlum á skjánum til að skima fréttayfirlitin, þó ekki væri nema til að fylgjast með gengi minna manna í enska og spænska boltanum!

**BÖRN** geta breytt heiminum, já – en hvernig? Litlum börnum fylgja vitaskuld álag og missvefn, en jafnframt kalla börn á afstöðubreytingu. Þau eru í altæku varnarleysi sínu brýning, að hindra að slæmt áreiti fái komist inn á heimilið og í fólk. Börn þarfnast að asa, óreiðu og stressi sé haldið utan dyra. Getur verið að þú þarfnist hins sama?

**MAGNEA** Þorkelsdóttir var helg kona. Hún kom í mitt hús og fagnaði nýfæddum drengjum og sagði þessa sláandi setningu: „Þar sem er engill í húsi er ekki hægt að hugsa neitt vont."

Spekin hefur lifað með mér. Hið vonda og skelfilega fær ekki sama aðgang að lífi manna þegar englar búa í húsi. Þau, sem eiga að vernda aðra, verða að hafa hlutverk sitt á hreinu og vera heil í afstöðu verndarinnar.

**Í ÆVINTÝRUM** er oft sagt frá álögum í tengslum við smábörn. Til að forðast ill álög þarf að rækta innri mann. Trú hefur um aldir verið besta heimavörnin í þeim efnum. Grikkir töluðu forðum um kaþarsis, sem varðar tæmingu eða hreinsun. Í trúræktarsamhengi er kaþarsis þegar einstaklingur losnar undan álögum, hinu illa. Tvíburarnir mínir urðu mér tilefni tæmingar og endurmats. Að baki var og er þrá að spilla í engu umönnun hins unga lífs, að leyfa ekki vonsku að seytla um sálir heimilisfólksins, síast í sængurföt barna og spilla frumbernsku englanna í vöggunum.

**BÖRN** koma og fara, en lífshvatar þeirra mega lifa í öllum húsum. Engilafstaðan þarf að búa með og í okkur. Tilveran með engil í húsi er afstaða þroskans. Vitundin um átök lífsins hverfur ekki, heldur aðeins streitan og váin. Álög falla. Það sem börn þarfnast er allra þörf. Engill í húsi er eftirsóknarverður og englar í húsum eru guðsgjöf. Býr í þér þörf fyrir kyrru, visku – engil?

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# WHIRLPOOL **DAGAR**

**FRÁBÆR TILBOÐ** í gangi á þvottavélum, þurrkurum, uppþvottavélum og öðrum heimilistækjum frá stærsta framleiðanda í heimi sem fagnar 100 ára afmæli á þessu ári.

# 10-60% AFSLÁTTUR




**KLÆLISKÁPAR, OFNAR, HÁFAR OG HELLUBORÐ Á FRÁBÆRU VERÐI!**

1911 100 2011



**FRYSTIKISTUR**
Verð frá kr. 49.995



**ÞVOTTAVÉLAR**
Verð frá kr. 74.995



**BARKALAUSIR ÞURRKARAR**
Verð frá kr. 69.995

Whirlpool

**Heimilistæki** ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

**HANDVERKSKAFFI Í GERÐUBERGI** Þórunn Elísabet Sveinsdóttir segir gestum söguna af því þegar karlinn hitti krókódílinn í handverkskaffi í Gerðubergi á morgun klukkan 20. Við frásögnina notast Þórunn við pappír sem hún brýtur, beyglar og rífur. Eftir því sem sögunni vindur fram kemur í ljós hvernig hafa má gleði af einföldum pappírsverkum. Gestum býðst síðan að reyna sig undir leiðsögn Þórunnar Elísabetar.

**Vélstjóri**

Vélstjóra vantar á Blíðu SH 277
sem gerður er út frá Grundarfirði.

Nánari upplýsingar í síma 892-9360
eða í tölvupósti garpur@vdsl.is

**Sýslumaðurinn á Húsavík**
**Útgarði 1, 460 Húsavík, s: 464 5000**

**UPPBOÐ**

**Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík mánudaginn 9. maí 2011 kl. 10:00 á eftirfarandi eignum:**

Aðalbraut 24, fnr. 216-7216, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Fasteignafélagið Bær ehf, gerðarbeiðandi Vörður tryggingar hf.

Austurvegur 2, fnr. 216-7702, 680 Þórshöfn, Langanesbyggð, þingl. eig. Margrét Anna Hjaltadóttir, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf.

Garðarsbraut 43, fnr. 215-2618, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Ævar Ákason, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður.

Helluhraun 14, fnr. 216-3379, 660 Mývatni, þingl. eig. Hermann Valsson, gerðarbeiðandi Tollstjóri.

Höfði 3, fnr. 215-3051, 640 Húsavík, þingl. eig. Norðurvík ehf, gerðarbeiðendur Byggðastofnun og Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Langanesvegur 9, fnr. 216-7848, 680 Þórshöfn, Langanesbyggð, þingl. eig. Hulda Ingibjörg Einarsdóttir, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf.

Laugasel, jörð 153788, Þingeyjarsveit, þingl. eig. Byggingarfélagið Óseyri 16 ehf, gerðarbeiðandi NBI hf.

Lyngholti 18, fnr. 230-9732, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Norðurvík ehf, gerðarbeiðandi Tryggingamiðstöðin hf.

Stórhóll 23, fnr. 215-3333, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Evelyn Otilia Foelsche Polo og Ólafur Þór Ólafsson, gerðarbeiðandi Íslandsbanki hf.

Vogsholt 11, fnr. 216-7178, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Sigurður Hreinn Eronsson, gerðarbeiðandi Vörður tryggingar hf.

Sýslumaðurinn á Húsavík
2. maí 2011.



**JÓHANNES B. SIGTRYGGSSON** Höfundar handbókarinnar lögðu sig fram við að finna dæmi sem margir hafa lent í vandræðum með, svo sem beygingar, rithátt og fornöfn, og safna þeim saman á einn stað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Góð vísa aldrei of oft kveðin

**Handbók um íslensku heitir nýtt uppsláttarrit um íslenskt mál. Jóhannes B. Sigtryggsson, ritstjóri bókarinnar, segir bókina einkum hugsaða sem hagnýtt rit fyrir þá sem fást við skriftir.**

Handbók um íslensku er uppsláttar- og yfirlitsrit sem geymir traustar leiðbeiningar um málnotkun, stafsetningu, ritun og ritgerðasmíð. Bókin er víðfeðmari og ítarlegri en margar sambærilegar bækur.

Jóhannes B. Sigtryggsson, ritstjóri bókarinnar og verkefnisstjóri hjá Árnastofnun, segir mikla vinnu hafa verið lagða í að safna saman á einn stað álitamálum um málnotkun sem erfitt geti verið að finna annars staðar.

„Það er gömul hugmynd að gefa út ítarlegra uppsláttarrit en gefið hefur verið út hingað til," segir Jóhannes. „Við leituðum víða fanga; efnið byggist meðal annars á ráðgjafarstarfi málræktarsviðs stofnunarinnar og ritreglum Íslenskrar málnefndar. En þetta er ekki heildarrit um málfræði heldur lögðum við okkur eftir því að safna saman dæmum sem við höfum rekist á að fólk hefur lent í vandræðum með."

Undirbúningur að ritinu hófst 2007 en það var skrifað að mestu leyti 2009 og 2010.

„Við vonuðumst jafnvel til að geta gefið bókina út síðastliðið haust, en það hljóp snurða á þráðinn eins og vill gerast með ný verk, þannig að það frestaðist."

Jóhannes segir margt það sama vefjast fyrir þeim sem tala íslensku nú og áður fyrr.

„Fólk flaskar í sjálfu sér á sömu hlutum og áður, beygingum ákveðinna orða, rithætti og þess háttar. Við erum til dæmis með langan kafla um fornöfn sem margir virðast eiga erfitt með að beygja. Þessi bók gegnir því eins konar stöðlunarhlutverki."

Meðal höfunda efnis í bókinni eru margir helstu fræðimenn Háskóla Íslands á sviði íslenskrar tungu, sem skrifa yfirlitskafla um ýmis svið íslenskunnar.

„Við reyndum að velja svið sem við teljum að fólk hafi hugsanlega áhuga á og horfðum vítt yfir sviðið. Það er til dæmis einn kafli um raddbeitingu, sem fer í sjálfu sér aðeins út fyrir grunnefnissvið bókarinnar, það er ritað mál, en okkur þótti engu að síður gagnlegt að hafa með."

Forlagið gefur Handbók um íslensku út en í ritnefnd voru Ari Páll Kristinsson, Guðrún Kvaran og Gunnlaugur Ingólfsson.

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Innsetning fyrir einn

Árni Guðjónsson er í hópi þeirra sem útskrifast úr tónsmíðadeild Listaháskólans í ár. Lokaverk hans er hljóð- og myndræn innsetning. „Áhorfendur leggjast einn í einu inn í tjald, horfa og hlusta á mynd- og hljóðverk," segir Árni sem hefur bæði fengist við myndlist og tónlist í sínu námi. „Ég var á myndlistarbraut í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ og er í námi í djasspíanóleik við Tónlistarskóla FÍH," segir Árni sem reyndar lauk einnig námi í klassískum píanóleik frá Tónlistarskóla Garðabæjar árið 2008, sama ár og hann útskrifaðist sem stúdent.



**ÁRNI GUÐJÓNSSON**

Árni segist hafa samið mynd- og hljóðhluta útskriftarverksins síns samhliða og hann hafi beitt aðferð tónsmíða er hann samdi myndhlutann. „Það er samið í formfræði tónlistar, það er í því ákveðinn kontrapunktur."

Verkið verður sýnt í Kaffistofunni á Hverfisgötu 42 á miðvikudag og fimmtudag frá 12 til 18. Listamaðurinn missir þó sjálfur af sýningunni því hann fór til New York í gær. „Ég er að spila með hljómsveitinni Of Monsters and Men á tónleikunum þarna úti. Það er allt að gerast í þessari viku, svo hef ég ekkert að gera í næstu viku," segir Árni hress.

Tilboðsdagar á SAMSUNG sjónvörpum



Hér býðst einstakt tækifæri að eignast hágæða SAMSUNG sjónvarp á frábæru verði.
ATH!! 20.000–50.000 kr. afsláttur á tækið!
SJÁ EINNIG NÁNAR Á:
www.samsungsetrid.is
Verslanir og umboðsmenn um land allt
SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM!

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is



# Fólk

folk@frettabladid.is



**83,6** *milljónir dala flugu í vasa framleiðenda fimmtu Fast and Furious-myndarinnar um helgina. Engin mynd frumsýnd í apríl hefur náð viðlíka árangri, en í íslenskum krónum eru þetta um níu milljarðar.*



**SPAUGARI** Justin Bieber þykir fátt jafn skemmtilegt og að hrekkja vini sína eins og vinur hans Wilson Warren fékk að kynnast.

## Bieber er prakkari

**Kanadíska ofurstirnið Justin Bieber hefur augljóslega gaman af prakkarastrikum. Hann setti nýlega símanúmerið sitt, að því er virtist, inn á Twitter-síðu sína nýlega og hvatti aðdáendur sína til að hringja í sig og spjalla. „Leyfið mér að heyra frá ykkur,“ voru skilaboðin frá táningsstjörnunni.**

**Seinna kom í ljós að þetta var hrekkur og hálfgerð afmælisgjöf Biebers til vinar síns Wilsons Warren en sá var svo óheppinn að eiga símanúmerið. Eins og gefur að skilja stoppaði síminn ekki og aumingja Wilson vissi vart hvaðan á sig stóð veðrið þegar móðursjúkar unglingsstúlkur fóru að láta í sér heyra. Wilson tók hins vegar gríninu vel og þeir tveir sömdu frið á Twitter-síðunni skömmu seinna.**

# BRÚÐARMÆRIN SEM STAL SENUNNI

Breska þjóðin má vart vatni halda yfir yngri systur Katrínar hertogaynju af Cambridge, Pippu Middleton, en hún lék lykilhlutverk sem fyrsta brúðarmær í konunglega brúðkaupinu og stóð sig með prýði. Partíljónið Pippa getur orðið næsta stjarna Bretlandseyja ef hún vill.

Pippu Middleton grunaði eflaust ekki að hún myndi hleypa af stað fjölmiðlasirkus þegar hún steig brosandi út úr brúðarbílnum til að hjálpa systur sinni að laga slóðann. Í þröngum kjól úr smiðju Söruh Burton hjá tískuhúsi Alexander McQueen og með breitt brosið að vopni heillaði hin 27 ára gamla Philippa Middleton, kölluð Pippa, alla upp úr skónum. Kjóllinn virtist beina athygli sumra að afturenda Pippu sem hefur einnig fengið sinn skerf af athyglinni og hafa meðal annars verið stofnaðar margar aðdáendasíður honum til heiðurs.

Sumir sérfræðingar vilja meina að klæðnaður brúðarmeyjarinnar hafi verið of þröngt sniðinn og flegið hálsmálið sæmi ekki konunglegu brúðkaupi. Aðrir telja að Katrín hertogaynja hafi gjarna viljað deila sviðsljósinu með litlu systur.

Daily Mail er með ýtarlega grein um litlu systurina og veltir því fyrir sér hvernig fröken Pippa ætli að fara með frægðina. Aðeins eitt ár er á milli systranna sem eru samkvæmt vinum og vandamönnum mjög ólíkar. Flestir vilja meina að partíljónið Pippa hafi frekar verið líkleg til að næla sér í frægan og ríkan mann en hin hljóðláta eldri systir. Pippa er vön að vera miðpunktur athyglinnar.

Pippa vinnur hjá veisluþjónustu en þar sameinar hún tvö af sínum helstu áhugamálum, partí og tengslamyndun. Sjónir manna beinast nú að einkalífi hennar, en hún er í sambandi með fyrrverandi krikketspilara og núverandi bankastarfsmanni Alex Loudon, en margir vona að hún hreinlega taki saman við yngri bróður Vilhjálms, Harrý Bretaprins en þau gengu saman út kirkjugólfið á föstudaginn. Samkvæmt breskum miðlum, sem bíða nú í ofvæni eftir næstu skrefum Pippu, hefur biðin í skugganum á stóru systur verið óþolandi. Nú gæti hennar tími verið kominn og nokkuð ljóst að við eigum eftir að heyra meira af fröken Pippu Middleton í framtíðinni.

alfrun@frettabladid.is



**PARTÍLJÓN** Pippa er ólík systur sinni að því leyti að hún er mikill partípinni og leiðist alls ekki sviðsljósið.



**GLÆSILEG** Philippa Middleton var glæsileg sem fyrsta brúðarmær í konunglega brúðkaupinu og vakti kjóll hennar athygli sem beindist einkum að afturhluta Pippu sem hefur eignast fjöldann allan af aðdáendum á internetinu.


# Lærðu að kenna börnum jóga



Námskeið sem er opið öllum og hentar sérstaklega leikskóla- og grunnskólakennurum, verður haldið helgina 7. og 8. maí í Jóga stúdíó.

Jóga er góð leið til þess að ná betri einbeitningu, auka liðleika og styrk, það eykur sjálfstraust, bætir skap og kætir. Börnin læra samvinnu og að bera virðingu fyrir sér og öðrum. Farið verður yfir æfingar og leiki sem henta börnum vel, hvernig gott er að byggja upp jógatíma og hvernig hægt er að færa jóga inn í skólastofuna og leikskólann

Laugardagur 7. maí. kl: 9 - 16
Sunnudagur 8. maí kl: 10 - 15

Verð 28.000 kr.
Skráning er hafin á www.jogastudio.is
og í síma: 772-1025 - Ágústa og 695-8464 - Drífa

JÓGA Stúdíó




**SÁ BESTI** Þegar Beardyman mætti í viðtal á BBC fyrir nokkrum misserum var hann titlaður konungur hljóða og takta.

## Besti taktkjaftur Breta á Nasa

Taktkjafturinn Beardyman kemur fram á tónleikum á Nasa næsta laugardag, 7. maí.

Beardyman vakti fyrst athygli þegar hann vann keppnina UK Beatbox Champion árin 2006 og 2007. Árið 2008 sat hann í dómnefnd. Hann hefur verið í fararbroddi taktkjafta og blandar saman nýjustu tækni og hæfileikum sínum til að skapa heilu tónverkin á sviði. Hann ku vera afar fjölhæfur og tónleikar hans þykja skemmtilegir, fyndnir og áhugaverðir.

Fjölmargir tónlistarmenn koma fram á Nasa á laugardaginn ásamt Beardyman: Mc Messiah, Mc Chiovas og Nasty Shit frá Litháen, Dj Mira Joo frá Ungverjalandi, íslensku hipphopp-hljómsveitirnar Forgotten Lores og 32C; Rappararnir Emmsjé Gauti og Dabbi T ásamt PLX, Gnúsa Yones, Marlon Pollock og 3. hæðinni.

Forsala fer fram í verslunum Skór.is í Kringlunni og Smáralind og í plötubúðinni Lucky Records á Hverfisgötu. Miðaverð er 3.000 krónur í forsölu og 3.500 við dyrnar. - afb

## Bannar meiri megrun

Unnusti söng- og leikkonunnar Jennifer Hudson, David Otunga, hefur bannað henni að grennast meira, en fjölmiðlar vestanhafs hafa einnig deilt áhyggjum hans af ört minnkandi umfangi líkama Óskarsverðlaunahafans.

Hudson hefur grennst um fjórar fatastærðir á síðustu tveimur árum og segist leikkonan einnig eiga erfitt með að venjast þessum hröðu breytingum á líkama sínum „Ég hef grennst mjög hratt enda fylgi ég ströngu mataræplani. Mér bregður stundum þegar ég lít í spegil en ég vil ekki grennast meira. Þetta er nóg,“ segir Hudson.



**MIKIL BREYTING** Söng- og leikkonan Jennifer Hudson hefur grennst um fjórar fatastærðir á síðustu tveimur árum en vill ekki grennast meira.

NORDICPHOTOS/GETTY

# GARÐHÚSGÖGNIN
# ERU KOMIN Í RÚMFATALAGERINN

ÁL Polyrattan STÁL Tekk HARÐVIÐUR
Plast ...ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR!




**VERMONT borð og**
**VERONA stillanlegir stólar**
Glæsilegt borð með harðviðarplötu og álgrind. Stærð á borði: B90 x L150 sm. Borð **29.990,-** Stóll **12.990,-**
*Tilboðið gildir 03.05. - 04.05.*




**CUBA plaststóll**
Góður staflanlegur armstóll úr plasti.




**IANO stillanlegur stóll**
Stillanlegur stóll með netáklæði.




**MONZA armstóll**
Flottur armstóll klæddur með sterku polyrattan efni.




**VERONA stillanlegur stóll**
Góður stillanlegur stóll með netáklæði.




**GENOVA armstóll**
Góðir armstólar klæddir með sterku polyrattan efni.




**SANTA FE garðborð**
Vandað átthyrnt borð úr gegnheilum harðviði. Stærð: B85 x L150 sm.




**ALGHERO garðborð**
Vandað borð með fæti úr áli og graníti.
Klætt með handfléttuðu, sterku polyester efni.
Borðplata úr viðhaldsfríu viðarlíki.
Stærð: B70 x L70 sm.




**ANDRIA garðborð**
Glæsilegt borð með svartri glerplötu og álgrind, klæddri með sterku polyrattan efni.
Stærð: Ø110 x H73 sm.




**PORTLAND**
**stillanlegur stóll**
Góður stillanlegur stóll úr harðviði.




**BRESCIA**
**stillanlegur sólstóll**
Góður, stillanlegur stólstóll með hauspúða.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

Birt með fyrirvara um prentvillur.

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




Þriðjudagur er tilboðsdagur.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THOR 3D | 5, 7.30 og 10 POWER |
| RIO - ISL TAL 3D | 6 |
| YOUR HIGHNESS | 8 og 10 |
| HOPP - ISL TAL | 6 |
| KURTEIST FÓLK | 8 |
| NO STRINGS ATTACHED | 10 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS

SAMBÍÓIN




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| THOR kl. 5:30 - 8 - 10:30 | POWERSÝNING | 12 |
| ARTHUR | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| ARTHUR Luxus VIP | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| DREKABANAR M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| CHALET GIRL | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| SOURCE CODE | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SUCKER PUNCH | kl. 5:50 | 12 |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ARTHUR | kl. 8 - 10:20 | 7 |

**SAMBÍÓIN SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| THOR | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DREKABANAR M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 8 | 10 |
| SOURCE CODE | kl. 10:30 | 12 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| THOR 3D | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| LINCOLN LAWYER | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| ARTHUR | kl. 8 - 10.30 | 7 |
| RIO 3D M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | L |
| SOURCE CODE | kl. 5.40 | 12 |
| CHALET GIRL | kl. 8 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 10.20 | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| ARTHUR | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| RED RIDING HOOD | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| DREKABANAR M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| BARNEY´S VERSION | kl. 5:30 | L |

tryggðu þér miða á www.SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THOR 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THOR 3D Í LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SCREAM 4 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| HANNA | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RIO 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RIO 3D ENSKT TAL ÓTEXTUÐ | KL. 3.30 | L |
| YOUR HIGHNESS | KL. 8 | 16 |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |
| LIMITLESS | KL. 10.20 | 14 |

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| HÆVNEN | KL. 5.25 – 8 – 10.35 | 12 |
| THOR 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| HANNA | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| KURTEIST FÓLK | KL. 5.45 | L |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 5.50 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 8 - 10.10 | L |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THOR 3D | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| SEASON OF THE WITCH | KL. 8 | 16 |
| HANNA | KL. 10 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI




RAUÐHÆRÐ Blake Lively ákvað að láta ljósu lokkana fjúka. NORDICPHOTOS/AFP

# Útlitið rautt í Hollywood

**Rauðhærðir þurfa ekki lengur að fara í felur með hárlit sinn því rauður virðist vera liturinn í ár.**

Fjölmiðlar vestanhafs ráku upp stór augu þegar leikkonan úr sjónvarpsþáttunum Gossip Girl, Blake Lively, mætti á rauða dregilinn með hár í stíl. Lively hefur skipt á ljósu lokkunum og er nú með rauðleita. Hún er ekki sú eina í Hollywood sem hefur ákveðið að breyta um háralit. Rautt hár er greinilega í tísku því fleiri leikkonur hafa fetað í hennar fótspor nýverið.

Sænska fegurðardísin og leikkonan Malin Åkerman sást einnig skarta rauðu hári og stallsystir hennar, Scarlett Johansson, leikkona mætti svo í veislu hjá forseta Bandaríkjanna, Barack Obama, með rauða lokka í stað þeirra ljósu. Leikkonan Drew Barrymore hefur líka sést með rauðleitt hár undanfarið og má því áætla að um tískubylgju sé að ræða.



**HVÍSLAÐ AÐ TRUMP** Scarlett Johansson er þekkt fyrir að skipta ört um háralit en skartaði rauðum lokkum í veislu Bandaríkjaforseta á dögunum. NORDICPHOTOS/AFP



**SÆNSKA FEGURÐARDÍSIN** Malin Åkerman, úr myndum á borð við 27 Dresses og The Heartbreak Kid, tekur sig vel út með rauðleitt hár. NORDICPHOTO/AFP


Hvers virði er þetta ?

Verið velkomin á Hótel Holt
5. maí kl. 14–18

Hópur reynslumikilla sérfræðinga frá einu elsta og virtasta uppboðshúsi Skandinavíu, BRUUN RASMUSSEN, meta gömul og ný málverk, bækur, silfur, hönnunar- og listmuni, einnig úr, skartgripi, vín og „design“-húsgögn. Matið er án endurgjalds og án skuldbindinga með hugsanlega sölu á uppboði í huga.

Við leitum sérstaklega að verkum eftir Jón Stefánsson, Kjarval, Ásgrím Jónsson, Þorvald Skúlason, Svavar Guðnason, Ólaf Elíasson og marga fleiri.

Ef um stóra hluti er að ræða, er best að koma með ljósmynd. Einnig er möguleiki á að fá okkur í heimahús þann 6. og 7. maí.

Nánari upplýsingar veita:
Nadia Gottlieb, 0045 8818 1183, nag@bruun-rasmussen.dk


Ólafur Elíasson: "Two hot air columns", 2005. Tvær höggmyndir úr ryðfríu stáli með rafmagnsperum. Hamarshögg: 210.000 dkr.



BR BRUUN RASMUSSEN KUNSTAUKTIONER
Bredgade 33
DK-1260 Kbh. K
Tel +45 8818 1111
bruun-rasmussen.dk



BÍÓ ★ PARADÍS BAR & CAFÉ

MÁNUDAGUR

| | |
|---|---|
| BOY | 18:00, 20:00, 22:00 |
| A WOMAN, A GUN AND A NOODLE SHOP | 18:00, 20:00, 22:00 |
| BLUE VALENTINE | 17:50, 20:00, 22:10 |
| FOUR LIONS | 18:00, 22:20 |




BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS


adidas® is all in

# sport

sport@frettabladid.is



**KÁRI ÁRNASON** og félagar í enska C-deildarliðinu Plymouth eru fallnir í D-deildina. Liðið tapaði fyrir Southampton í gær, 3-1, og lék Kári allan leikinn. Félagið er í greiðslustöðvun og voru tíu stig dregin af liðinu í byrjun mars. Síðan þá hefur staða liðsins verið vonlítil.

# Valur fyrstur til að leggja stein í götu Hafnfirðinga

**Valsmenn sýndu í gær að þeir ætla sér stóra hluti í sumar. Þeir lögðu meistaraefnin í FH, 1-0, með marki Guðjóns Péturs Lýðssonar úr vítaspyrnu. „Svona úrslit eiga að gefa öllum Valsmönnum byr undir báða vængi,“ sagði þjálfarinn.**

**FÓTBOLTI** Valsmenn byrja Íslandsmótið af miklum krafti en þeir gerðu sér lítið fyrir og unnu FH, 1-0, á Vodafone-vellinum í gærkvöldi, en FH-ingum hefur verið spáð Íslandsmeistaratitlinum af öllum helstu spámönnum landsins um knattspyrnu.

Guðjón Pétur Lýðsson, leikmaður Vals, skoraði eina mark leiksins úr vítaspyrnu, eftir að brotið var á Matthíasi Guðmundssyni inn í vítateig. FH-ingar fengu heilan helling af færum í síðari hálfleiknum en náðu ekki að færa sér það í nyt.

Virkilega mikil barátta einkenndi leik Vals í leiknum í gær og menn voru allir tilbúnir að berjast hver fyrir annan. Kristján Guðmundsson, þjálfari liðsins, hefur greinilega náð að koma ákveðnari sigurhugsun inn í sitt lið og allt annar bragur á liðinu í ár en á undanförnum árum. Frábær byrjun á mótinu fyrir Hlíðarendapilta og útlitið bjart fyrir Val.

Það vantaði aftur á móti aðeins herslumuninn hjá FH í leiknum í gær, en einhvern neista virtist vanta í leikmenn liðsins til að tækla verkefnið.

„Við byrjuðum þennan leik svo sem ágætlega, en síðan kemst Valur í takt við leikinn og eftir það sáum við ekki til sólar,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, eftir ósigurinn í gær.

„Við töluðum um það í hálfleik að bæta baráttuna í síðari hálfleik, en Valsmenn komu sterkir út í hálfleikinn og skoruðu fljótlega. Við vorum nokkuð vankaðir eftir markið og lengi aftur í gang. Síðasta hálftímann ætluðu menn síðan að reyna að redda málunum og það gekk bara ekki eftir í kvöld. Strákarnir spiluðu ágætlega í lokin og við vorum bara óheppnir að ná ekki að skora. Leikmenn mínir verða hreinlega að átta sig á því að við verðum að mæta grimmir í alla leiki en þá verðum við í lagi í sumar, ef ekki þá verður liðið í vandræðum,“ sagði Heimir Guðjónsson.

„Það er ekki hægt að kvarta undan því að vinna FH, margfalda Bikar-og Íslandsmeistara í fyrsta leik,“ sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Vals, eftir sigurinn í gær.

„Svona úrslit eiga að gefa öllum Valsmönnum byr undir báða vængi. Í byrjun leiksins var smá taugatitringur í liðinu sem skýrist af ákveðnu spennufalli í strákunum, en þeir voru í raun aðeins of tilbúnir í þennan leik. Við náðum síðan að vinna okkur út úr þeim vanda og byrjum að nálgast leikinn eins og lagt var upp með, þá fóru hlutirnir að ganga upp hjá okkur. Það er komin ákveðin sigurvegarahugsun í liðið og þegar það blandast saman við vinnusemi og dugnað þá eigum við eftir að standa okkur vel í sumar. Þetta er stór og breiður hópur og við í þjálfarateyminu erum virkilega ánægðir með leikmennina og treystum þeim öllum til þess að spila,“ sagði Kristján Guðmundsson, sáttur í leikslok.

**- sáp**



**ÖRUGGUR Á PUNKTINUM** Guðjón Pétur Lýðsson, til hægri, fagnar hér marki sínu með Hauki Páli Sigurðssyni, fyrirliða Vals. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Valur 1-0 FH

Vodafonevöllur, áhorf.: 1.767 — Þóroddur Hjaltalín (7)

*1-0 Guðjón Pétur Lýðsson, víti (54.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 8–10 (3–2) |
| Varin skot | Haraldur 2 – Gunnleifur 2 |
| Horn | 5–13 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9–6 |
| Rangstöður | 2–1 |

| VALUR 4–5–1 | | FH 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Haraldur Björnsson | 6 | Gunnleifur Gunnl. | 7 |
| Jónas Tór Næs | 7 | Guðm. Sævarsson | 6 |
| Halldór Kr. Halldórss. | 8 | (65. Ásgeir Gunnar | 5) |
| ***Atli Sveinn Þ.** | **8** | Freyr Bjarnason | 5 |
| Pól J. Justinussen | 8 | Pétur Viðarsson | 5 |
| Christian Mouritsen | 7 | Viktor Örn Guðm. | 7 |
| (78. Andri Fannar St. | -) | Björn Daníel Sverriss. | 6 |
| Haukur Páll Sigurðss. | 7 | (73. Hannes Þ. Sig. | -) |
| Guðjón Pétur Lýðss. | 8 | Hólmar Örn Rúnarss. | 7 |
| Matthías Guðm. | 7 | (78. Bjarki Gunnl. | -) |
| (76. Jón V. Ákason | -) | Ólafur Páll Snorrason | 7 |
| Arnar Sveinn Geirss. | 7 | Atli Guðnason | 7 |
| (84. Rúnar Már S. | -) | Matthías Vilhjálmss. | 8 |
| Hörður Sveinsson | 6 | Atli Viðar Björnsson | 6 |

**Maður leiksins*

## Fylkir 2-3 Grindavík

Kórinn, áhorf.: 876 — Gunnar Jarl Jónsson (x)

*1-0 Gylfi Einarsson (13.)*
*2-0 Ingimundur Níels Óskarsson (27.)*
*2-1 Orri Freyr Hjaltalín (45.)*
*2-2 Scott Ramsay (54.)*
*2-3 Magnús Björgvinsson (92.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10–4 (6–4) |
| Varin skot | Bjarni 1 – Óskar/Giddens 2 |
| Horn | 2–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–12 |
| Rangstöður | 2–1 |

| FYLKIR 4–3–3 | | GRINDAV. 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Bjarni Þórður Halld. | 5 | Óskar Pétursson | - |
| Andri Þór Jónsson | 6 | (17. Jack Giddens | 6) |
| Kristján Valdimarss. | 6 | Alexander Magnúss. | 6 |
| Þórir Hannesson | 6 | Ólafur Örn Bjarnas. | 6 |
| Kj. Ágúst Breiðdal | 6 | Bogi Rafn Einarsson | 6 |
| Baldur Bett | 6 | Ray Anthony Jónsson | 4 |
| Gylfi Einarsson | 7 | Jamie McCunnie | 6 |
| Andrés Már Jóh. | 6 | Jóhann Helgason | 6 |
| (84. Trausti B. Líkh. | -) | ***Orri Fr. Hjaltalín** | **7** |
| Ingimundur Níels Ó. | 7 | Yacine Si Salem | 6 |
| (79. Rúrik Andri Þ. | -) | (89. Paul McShane | -) |
| Tómas Þorsteinsson | 6 | Scott Ramsay | 7 |
| (56. Jóhann Þórh. | 5) | Michal Pospisil | 6 |
| Albert B. Ingason | 6 | (78. Magnús Björgv. | -) |

**Maður leiksins*

## Keflavík 4-2 Stjarnan

Nettó-völlurinn, áhorf.: 1.150 — Kristinn Jakobsson (7)

*0-1 Daníel Laxdal (29.)*
*1-1 Hilmar Geir Eiðsson (33.)*
*1-2 Halldór Orri Björnsson (61.)*
*2-2 Guðmundur Steinarss., víti (63.)*
*3-2 Jóhann Birnir Guðmundsson (74.)*
*4-2 Jóhann Birnir Guðmundsson (85.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–8 (5–6) |
| Varin skot | Ómar 3 – Magnús Karl 5 |
| Horn | 6–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–14 |
| Rangstöður | 7–4 |

| KEFLAVÍK 4–5–1 | | STJARNAN 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Ómar Jóhannsson | 5 | Magnús Karl Péturss. | 6 |
| Guðjón Á. Antoníuss. | 5 | Jóhann Laxdal | 6 |
| Haraldur Fr. Guðm. | 6 | Nikolaj Pedersen | 4 |
| Adam Larsson | 6 | Daníel Laxdal | 6 |
| Goran Jovanovki | 6 | Hafsteinn R. Helgas. | 4 |
| Hilmar Geir Eiðsson | 7 | Víðir Þorvarðarson | 6 |
| **(70. *Jóhann Birnir** | **8)** | (74. Aron Grétar J. | -) |
| Andri Steinn Birgiss. | 6 | Björn Pálsson | 4 |
| Einar Orri Einarsson | 5 | (84. Grétar Atli Gr. | -) |
| Arnór Ingvi Traustas. | 7 | Baldvin Sturluson | 3 |
| (64. Magnús Sverrir | 7) | (54. Þorvaldur Á. | 4) |
| Magnús Þ. Matthíass. | 7 | Hörður Árnason | 5 |
| (94. Magnús Þór | -) | Halldór Orri Björnss. | 5 |
| Guðm. Steinarsson | 7 | Garðar Jóhannsson | 5 |

**Maður leiksins*



**DÝRMÆTUR** Tryggvi tryggði Eyjamönnum þrjú stig í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÍBV lagði Fram:

# Tryggvi hetja Eyjamanna

**FÓTBOLTI** Tryggvi Guðmundsson skoraði dramatískt sigurmark gegn Fram í gær í opnunarleik Pepsi-deildarinnar. Þegar allt stefndi í markalaust jafntefli í rokleik í Eyjum steig Tryggvi upp og skoraði frábært sigurmark þegar aðeins nokkrar sekúndur voru eftir af leiknum.

„Var þetta ekki ekta mark þar sem markanefið er á sínum stað. Ég kom mér á rétta staðinn. Þetta var reyndar þröngt færi og ég þurfti að skjóta með hægri þannig að ég verð að klappa mér á bakið fyrir þetta,“ sagði Tryggvi kátur.

Veðrið stal annars senunni í leiknum en það var strekkingsvindur á annað markið allan leikinn. Eyjamenn kunnu þó betur á vindinn, léku betur í þessum leik og áttu skilið að taka öll stigin þrjú. Framarar fundu aldrei taktinn í rokinu.

**- hbg**

## ÍBV 1-0 Fram

Hásteinsvöllur, áhorf.: 715 — Þorvaldur Árnason (6)

*1-0 Tryggvi Guðmundsson (93.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 14–7 (6–3) |
| Varin skot | Albert 3 – Ögmundur 4 |
| Horn | 7–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–14 |
| Rangstöður | 1–0 |

| ÍBV 4–4–2 | | FRAM 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Albert Sævarsson | 6 | ***Ögmundur Krist.** | **7** |
| Arnór Eyvar Ólafsson | 6 | Jón Orri Ólafsson | 5 |
| (80. Kelvin Mellor | -) | Jón Guðni Fjóluson | 6 |
| Eiður Aron Sigurbj. | 6 | Kristján Hauksson | 5 |
| Rasmus Christansen | 6 | Sam Tillen | 4 |
| Matt Garner | 4 | Jón G. Eysteinsson | 5 |
| Þórarinn Ingi Vald. | 6 | Halldór H. Jónsson | 6 |
| Andri Ólafsson | 6 | Arnar Gunnlaugsson | 5 |
| Tony Mawejje | 5 | Kristinn Ingi Halld. | 5 |
| Ian David Jeffs | 3 | Almarr Ormarsson | 3 |
| (82. Guðm. Þórarins. | -) | (65. Hlynur Magn. | 4) |
| Tryggvi Guðmundss. | 6 | Hjálmar Þórarinsson | 4 |
| Denis Sytnik | 4 | (58. Guðm. Magn. | 3) |
| (69. J.Connerton | 4) | | |

**Maður leiksins*

Grindavík vann dramatískan sigur á Fylki á meðan Keflavík skoraði fjögur gegn Stjörnunni:

# Suðurnesjaseiglan skilaði góðum sigrum

**FÓTBOLTI** Suðurnesjaliðin Grindavík og Keflavík byrjuðu vel í Pepsi-deild karla í gær og unnu góða sigra. Grindavík vann 3-2 sigur á Fylki eftir að hafa lent 2-0 undir og Keflvíkingar fóru illa með Stjörnuna, 4-2, eftir að hafa lent tvívegis undir í leiknum.

Líkt og svo oft síðasta sumar voru Fylkismenn með öll tök á vellinum í fyrri hálfleik og skoruðu tvö fín mörk. Mark Grindvíkinga úr þeirra eina færi undir lok hálfleiksins gaf þeim von og staðan 2-1 í hálfleik. Leikurinn var mun jafnari í síðari hálfleik en Grindvíkingar nýttu færin. Þeir jöfnuðu metin snemma í hálfleiknum og eftir það var allt í járnum. Í viðbótartíma slapp varamaðurnn Magnús Björgvinsson einn í gegn og tryggði Grindavík stigin þrjú.

Scott Ramsey sagði liðið hafa gefið boltann of auðveldlega frá sér í fyrri hálfleik. „Það munaði öllu að vera bara einu marki undir í hálfleik. Maggi (Magnús Björgvinsson) er svo eldfljótur og allaf líklegur til þess að skora.“

Gylfi Einarsson leikmaður Fylkis var svekktur. „Það virðist vera einhver draugur í liðinu frá því á síðasta ári. Það er ekki nóg að vera yfir í hálfleik. Algjört einbeitingarleysi, við vorum betri í báðum hálfleikjum en þeir skapa sér þrjú færi og skora þrjú mörk. Flott hjá þeim.“

### Gull í Nettópoka

Keflvíkingar byrja Íslandsmótið 2011 af miklum krafti. 4-2 sigur á Garðbæingum í þó jöfnum leik sem hefði getað farið hvernig sem er.

Stjörnumenn komust tvisvar yfir en Keflvíkingar jöfnuðu jafnharðan og það voru síðan varamenn Keflavíkur sem gerðu út um leikinn. Magnús Þorsteinsson og Jóhann Birnir Guðmundsson hresstu upp á leik Keflavíkur og var Jóhann hetja Keflavíkur, skoraði í tvígang á lokakaflanum og gulltryggði sigurinn.

Guðmundur Steinarsson, fyrirliði Keflvíkinga, var kampakátur eftir leik. „Það er rosalega ljúft að byrja á sigri á heimavelli eftir að hafa lent tvívegis undir.“

Aðspurður um þann munað að geta geymt stórlaxa eins og Jóhann Birni á bekknum sagði Guðmundur: „Við köllum þetta gull í Nettópoka hérna í Keflavík enda ekki ónýtt að vera með Grétar Hjartars, Magga Þorsteins og Jóa B á bekknum.“

**- ktd, ae**



**SKORAÐI** Scott Ramsey, leikmaður Grindavíkur, hefur engu gleymt og skoraði í Kórnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Eirberg
TILBOÐSDAGAR
HOMEDICS
10% afsláttur af öðrum Homedics vörum
Nuddpúði 20% afsláttur
Nuddsæti 20% afsláttur
Tilboð Lyftistólar Verð frá: 89.900 kr.
Stafir 10% afsláttur
Bakbretti 30% afsláttur
FJÖLDI TILBOÐA
sissel
Nálastungudýna 30% afsláttur
Sissel þjálfunarvörur 10% kynningarafsláttur
Swopper 10% afsláttur
Ýmis smá hjálpartæki 10% afsláttur
Hnéhlíf 10% afsláttur
Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 -18 • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

## > Jennifer Connelly

„Ég bjóst aldrei við því að vinna Óskarsverðlaun. Maður elst upp við það að horfa á Óskarinn í sjónvarpinu og heldur að bara fína fólkið fái svoleiðis. Þetta var mjög súrrealískt.“

***Jennifer Connelly leikur í áhrifaríku verðlaunamyndinni Little Children sem fjallar um líf og raunir nokkurra einstaklinga í úthverfi einu í Bandaríkjunum og er myndin á dagskrá Stöðvar 2 Bíó kl. 20 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR FYLGIST MEÐ HJÚUM OG HÚSBÆNDUM

# *Uppskrúfað þjónustulið á sveitasetrinu*

Fátt sjónvarpsefni elska ég meira en búningaþætti, helst breska sem fjalla um yfirstéttina, lávarða og lafðir á stórum herragörðum í sveitum Englands. Þættirnir Downton Abbey eru því algerlega sniðnir að mínum þörfum en þeir eru sýndir í Sjónvarpinu á sunnudagskvöldum. Þeir fjalla um Crawley-fjölskylduna, jarlinn og greifynjuna af Grantham sem búa ásamt dætrum sínum á Downton Abbey.



Stór hluti þáttanna fjallar um þjónustufólkið á setrinu. Ekki veit ég hvort þættirnir endurspegla þann veruleika sem þjónustufólk lifði við í byrjun tuttugustu aldar en ef svo er finnst mér ægilega spennandi að fá að skyggnast á bak við glansmyndina og sjá hvað fólkið var að bralla sem hélt uppi lífsháttum yfirstéttarinnar.

Sagan hefst stuttu eftir Titanic-slysið árið 1912. Þar farast frændur jarlsins og erfingjar hans sem verður til þess að uppnám skapast í Downton Abbey. Þar sem þau hjónin eiga aðeins dætur mun setrið erfast til næsta karlkyns ættingja. Sá er ungur nýútskrifaður lögfræðingur, sonur læknis og hjúkrunarkonu. Alls ekki nógu fínn pappír til að ráða ríkjum í Downton Abbey.

Það sem kom mér kannski helst á óvart var að þrátt fyrir augljóst snobbið í hinum hærra settu, var helsta hrokann að finna í þjónustuliðinu. Koma hins unga erfingja vekur úlfúð meðal þjónanna enda kann hinn ungi Crawley ekki að meta þjónustu þeirra, vill helst klæða sig sjálfur og jafnvel hella sjálfur í tebollann líkt og sauðsvartur almúginn.

## RÚV

**15.25 Þýski boltinn** (e)
**16.25 Íslenski boltinn** (e)
**17.20 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Tóti og Patti** (4:52)
**18.11 Þakbúarnir** (3:52)
**18.23 Skúli skelfir** (39:52)
**18.34 Kobbi gegn kisa** (24:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Vormenn Íslands** Hitað upp fyrir Evrópumót landsliða leikmanna yngri en 21 árs sem fram fer í Danmörku í júní.
**20.40 Að duga eða drepast** (25:31) (Make It or Break It) Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum.
**21.25 Hugvit** Þáttur um Einar Þorstein Ásgeirsson arkitekt og hönnuð og eininguna Gullinfang.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Njósnadeildin** (8:8) (Spooks VIII) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Afarkostir** (2:2) (Hunter) (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.40 Fréttir** (e)
**00.50 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.15 Get Smart**
**10.05 Mostly Ghostly**
**12.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**
**14.00 Get Smart**
**16.00 Mostly Ghostly**
**18.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**
**20.00 Little Children**
**22.15 Lonely Hearts**
**00.00 The Baxter**
**02.00 District B13**
**04.00 Lonely Hearts**
**06.00 Hancock**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 The New Adventures of Old Christine** (16:22)
**10.35 Wonder Years** (9:17)
**11.00 American Dad** (1:20)
**11.20 The Office** (1:6)
**11.50 Burn Notice** (5:16)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (28:43)
**13.30 So You Think You Can Dance**
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (5:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (8:24)
**19.45 Modern Family** (2:24)
**20.10 The Big Bang Theory** (5:23)
**20.35 How I Met Your Mother** (6:24) Í þessari fimmtu seríu af gamanþáttunum How I Met Your Mother fáum við að kynnast enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin.
**21.00 Bones** (6:23) Sjötta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Bones Brennan réttarmeinafræðings.
**21.45 Ben Hur** (2:2) Seinni hluti magnaðrar sögu um hinn uppreisnagjarna Ben Hur sem er tekinn til fanga af rómverska hernum.
**23.15 Pretty Little Liars** (22:22)
**00.00 Ghost Whisperer** (7:22)
**00.45 The Ex List** (2:13)
**01.30 Eleventh Hour** (1:18)
**02.10 NCIS. Los Angeles** (1:24)
**02.55 Fearless**
**04.35 American Dad** (1:20)
**05.00 How I Met Your Mother** (6:24)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Valur - FH**
**13.40 Spænsku mörkin**
**14.30 Valur - FH**
**16.20 Pepsi-mörkin** Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp umferðirnar í Pepsi deildinni. Þeir fara ítarlega yfir allt það helsta sem gerist í hverjum leik. Öll mörkin eru skoðuð frá ólíkum sjónarhornum, farið í gegnum umdeildu atvikin, það sem vel er gert skoðað og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.
**17.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**18.00 Meistaradeildin - upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - Real Madrid**
**20.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**21.00 Pepsi-mörkin**
**22.10 Þýski handboltinn: RN - Löwen - Hamburg**
**23.30 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - Real Madrid**
**01.15 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**01.35 European Poker Tour 6**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**14.35 Leeds - Burnley**
**16.20 Wigan - Everton** Útsending frá leik Wigan og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
**18.05 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**19.00 Liverpool - Newcastle**
**20.45 Arsenal - Man. Utd.**
**22.30 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**23.00 Sunderland - Fulham**

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.20 Spjallið með Sölva** (11:16) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Spjallið með Sölva** (11:16) (e)
**12.40 Pepsi MAX tónlist**
**17.50 Dr. Phil**
**18.35 America's Funniest Home Videos**
**19.00 Being Erica** (12:13) (e)
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (3:39)
**20.10 Matarklúbburinn** (6:7) Hrefna Rósa Sætran meistarakokkur og veitingahúsaeigandi er umsjónarmaður þessa vinsæla þáttar.
**20.35 Innlit / útlit** (9:10) Vinsælir þættir um sniðugar lausnir fyrir heimilið með áherslu á notagildi í umsjón Sesselju Thorberg og Bergrúnar Sævarsdóttur. Kex Hostel er staðsett í gömlu húsnæði kexverksmiðjunnar Frón. Bergrún heimsækir eigendur á nýjan leik og skoðar afraksturinn.
**21.05 Dyngjan LOKAÞÁTTUR** (12:12) Konur kryfja málin til mergjar í Dyngjunni undir stjórn kjarnakvennanna Nadiu Katrínar Banine og Bjarkar Eiðsdóttur.
**21.55 The Good Wife** (15:23)
**22.45 Makalaus** (9:10) (e)
**23.15 Penn & Teller** (2:10)
**23.45 CSI** (16:22) (e)
**00.35 Heroes** (14:19) (e)
**01.15 The Good Wife** (15:23) (e)
**02.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 Zürich Classic** (1:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 Zürich Classic** (1:4)
**15.45 Ryder Cup Official Film 1997**
**18.00 Golfing World**
**18.50 PGA Tour - Highlights** (16:45)
**19.45 World Golf Championship** (5:5)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (10:45)
**23.45 ESPN America**

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 Grey's Anatomy** (1:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Jamie Oliver's Food Revolution** (6:6) Í þessari Emmy-verðlaunaþáttaröð ferðast sjónvarpskokkurinn geðþekki til Bandaríkjanna í þeim ásetningi að berjast gegn offitu, hjartasjúkdómum og sykursýki sem er sívaxandi vandamál.
**22.45 The Event** (18:23) Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem hafður er fyrir rangri sök.
**23.30 Ben Hur** (1:2) Fyrri hluti magnaðrar sögu um hinn uppreisnagjarna Ben Hur sem er tekinn til fanga af rómverska hernum. Það var vinur hans sem sveik hann og Ben Hur ákveður að gera allt til þess að sleppa úr prísundinni og leita hefnda.
**01.05 Grey's Anatomy** (1:24)
**01.50 The Doctors**
**02.30 Sjáðu**
**02.55 Fréttir Stöðvar 2**
**03.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jónu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Afmælisþáttur Bó endursýndur vegna fjölda áskorana.
**21.00 Græðlingur** Nú styttist í kartöfluniðursetningu.
**21.30 Svartar tungur** Þeim semur ótrúlega, þessum körlum.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 SPORT 18.30**

### Barcelona - Real Madrid

Bein útsending frá síðari viðureign Barcelona og Real Madrid í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu. Í húfi er sæti í úrslitaleiknum sem fram fer á Wembley laugardaginn 28. maí.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eyðieyjan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Stjórnarskrá að eigin vali **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Náðarkraftur **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**09.10** Dalziel and Pascoe **10.00** EastEnders **10.30** Fawlty Towers **11.00** ,Allo ,Allo! **11.35** ,Allo ,Allo! **12.10** Keeping Up Appearances **12.40** Fawlty Towers **13.10** ,Allo ,Allo! **13.45** ,Allo ,Allo! **14.20** The Weakest Link **15.10** The Weakest Link **15.55** Fawlty Towers **16.25** ,Allo ,Allo! **17.00** ,Allo ,Allo! **17.30** Inspector Lynley Mysteries **18.20** The Inspector Lynley Mysteries **19.05** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** The Office **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Live at the Apollo **23.00** Inspector Lynley Mysteries

## DR 1

**12.00** Smag på Norden **12.30** Kongehuset indefra **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Timmy-tid **14.10** Chiro **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Lille Nørd **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Hvad er det værd? **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Hammerslag **18.30** Sømanden & Juristen - historier fra et hospice **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Nedtælling **22.00** Optakt til det Europæiske Melodi Grand Prix

## NRK 1

**12.05** Tett på dyrene **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Nummer 1 **14.50** Filmavisen 1960 **15.00** NRK nyheter **15.10** Dyrisk **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Ut i naturen **18.15** Kjærlighetshagen **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Brennpunkt **20.30** Nurse Jackie **21.00** Kveldsnytt **21.15** Holby Blue **22.05** Norge i krig - oppdrag Afghanistan **22.35** Bakrommet: Fotballmagasin

## SVT 1

**10.00** Djursjukhuset **10.30** Det söta livet **11.05** Vägen till Klockrike **12.45** Flight of the Conchords **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hollywoodredaktionen **14.30** Så ska det låta **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Huset fullt av hundar **19.00** Inför Eurovision Song Contest 2010 **20.00** Dox **21.40** Brottet och straffet **23.10** Rapport **23.15** Lemming







**MORGUNMATURINN**



*„Hér úti í Bretlandi finnst mér gott að fá mér hefðbundinn enskan morgunmat en heima á Íslandi er það hafragrauturinn hennar mömmu sem er bestur.“*

Tinna Bergs fyrirsæta.

# Vinirnir negldu fyrstu æfinguna

„Núna er verið að skoða tæknilegar aðfinnslur og sviðsmyndina, hvaða litir og hvaða myndir eigi að birtast á meðan við spilum en fyrsta æfingin gekk vel og við negldum hana bara,“ segir Hreimur Örn Heimisson, einn meðlima Vina Sjonna. Þeir eru búnir að taka sína fyrstu æfingu í höllinni í Düsseldorf og líst ákaflega vel á alla umgjörð. Félagarnir voru í gráum vestum og gallabuxum en hægt er að sjá myndband frá æfingunni á vefsíðu esctoday.com.

Hópurinn kom til Düsseldorf á sjálfan verkalýðsdaginn og þótt Eurovision sé oftar en ekki kölluð glyshátíð þá er mikið rokk og ról í kringum íslenska hópinn. „Við vorum nokkrir sem vorum að spila til klukkan þrjú og fjögur aðfaranótt sunnudagsins,“ útskýrir Hreimur en hópurinn átti að vera mættur í Efstaleitið klukkan fimm þann morgun. „Benedikt var að spila með Todmobile og ég og Pálmi vorum með Pöpunum á Players.“

Í dag er síðan skipulagður frídagur og þá hyggjast nokkrir eyða þeim tíma í golf á nærliggjandi velli. „Við ætlum að fá okkur bjór og steik í kvöld [gærkvöld] og slaka aðeins á.“ Hópurinn er vel græjaður og fékk svokallaðan Jam Hub að láni frá Tónastöðinni. „Þetta gerir okkur kleift að æfa í fullkomnu sándi uppi á hótelherbergi,“ segir Hreimur en sjálf generalprufan verður á föstudaginn. „Hérna er allt eins og það á að vera og Þjóðverjinn stendur svo sannarlega undir nafni.“



**GEKK VEL** Fyrsta æfing hópsins í Düsseldorf gekk vel fyrir sig og þeir félagar eru ánægðir með umgjörðina í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

GRÓÐUR FYRIR FÓLK
Í LANDNÁMI INGÓLFS

**Aðalfundur GFF 2011**
verður haldinn í Norræna húsinu þriðjudaginn 10. maí
og hefst kl. 16.30.
Venjuleg aðalfundarstörf

***Allir áhugamenn um gróðurvernd og umhverfismál eru velkomnir***

**Barcelona**
**Frábær helgarferð**
**5 – 9. maí Ótrúlegt tilboð!**
Frá kr. 19.900

**Heimsferðir** bjóða ótrúlegt tilboð á allra síðustu flugsætunum í helgarferð til Barcelona. Gríptu þetta frábæra tækifæri og smelltu þér í einstaka helgarferð á frábærum kjörum!

**Aðeins 12 sæti í boði og mjög takmörkuð gisting. Fyrstur kemur - fyrstur fær!**

Verð kr. **19.900 -**
Netverð á mann, flugsæti til Barcelona 5. maí.

Verð kr. **44.900 -**
Netverð á mann, flugsæti báðar leiðir. Útflug 5. maí og heimflug 9. maí.

Verð kr. **79.900 -**
Verð á mann m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Ayre Gran Via **** með morgunverði.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

BYLGJAN 989
ALLIR ERU AÐ HLUSTA!
**BÍTIÐ**
**MEÐ HEIMI OG KOLLU**
**ALLA VIRKA DAGA KL. 6.50**





**Í HEIMILDARMYNDAGÍRINN** Inga Lind Karlsdóttir, fyrrverandi sjónvarpskona, hyggst gera heimildarmynd um of feit börn á Íslandi. Hún segir undirbúning þó skammt á veg kominn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

INGA LIND: HEILBRIGÐI SKIPTIR SAMFÉLAGIÐ MIKLU MÁLI

# GERIR HEIMILDARMYND UM OF FEIT BÖRN Á ÍSLANDI

„Þetta er orðið að vandamáli fyrir löngu,“ segir fyrrverandi sjónvarpskonan Inga Lind Karlsdóttir en hún er byrjuð að undirbúa heimildarmynd um of feit börn á Íslandi. Að sögn Ingu er undirbúningur myndarinnar þó skammt á veg kominn. „En ef Guð lofar þá gæti þetta gengið, þetta er nokkuð sem mig langar til að gera og ég er byrjuð að vinna í þessu,“ útskýrir Inga en henni til halds og trausts verður að öllum líkindum Einar Árnason tökumaður.

Umræðan um of feit börn hefur orðið háværari undanfarin ár og þá sérstaklega í Bandaríkjunum og Bretlandi. Nýlegar rannsóknir hér á landi benda til þess að vandamálið fari sífellt vaxandi hjá fólkinu sem á að erfa landið og er talið að um fimmtungur íslenskra barna á aldrinum sjö til níu ára sé of þungur. Er þar um kennt of lítilli hreyfingu og óhollum mat en athyglinni hefur þá aðallega verið beint að skólamáltíðunum. Inga Lind kveðst ekki reiðubúin til að skella skuldinni alfarið á þær. „Ég ætla líka að skoða hvað við erum að gefa börnunum okkar að borða heima fyrir.“ Hún segir þetta vera stórt mál fyrir allt samfélagið, þetta varði alla. „Og hingað til virðist of lítið hafa verið gert af hálfu hins opinbera, ekki fyrr en nú, að verið er að opna móttöku fyrir of feit börn á barnaspítalanum og ég vonast til að geta fylgt þeirri opnun eftir í myndinni.“

Fyrir utan sjónvarpsferil sinn hefur Inga verið dugmikil í opinberri umræðu, hún hlaut meðal annars kosningu til stjórnlagaþingsins en ákvað að þiggja ekki sæti í sjálfu stjórnlagaráðinu og þá hefur hún setið í stjórn Hjallastefnunnar á Íslandi. Hún segir ekkert eitt hafa orðið til þess að hún ákvað að athuga jarðveginn fyrir heimildarmynd eins og þessari. „Þetta verkefni á barnaspítalanum vakti áhuga minn og mig langar til að gefa fólki tækifæri til að fá að fræðast um vandann. Þetta er bara eitt vandamálið í þjóðfélaginu þar sem við getum gert betur og vonandi breytt einhverju.“

freyrgigja@frettabladid.is

# Hvítabjörninn hvetur Jón til dáða

„Þetta hvetur okkur til dáða að drífa í því að koma þessari aðstöðu upp. Við höfum verið að undirbúa alþjóðlega söfnunarsíðu sem er unnin af meðlimum Besta flokksins í sjálfboðavinnu, án nokkurra fjárframlaga og algerlega óháð borginni. Og þar hyggjumst safna fé fyrir svona aðstöðu og þekkingu til að fanga og hlúa að svona dýrum,“ segir Jón Gnarr, borgarstjóri í Reykjavík.

Hvítabjörn gekk á land á Hornströndum í gærmorgun en dýrið var fellt í Hornvík síðla dags. Eins og margoft hefur komið fram í fjölmiðlum var það eitt af kosningaloforðum Besta flokksins fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar að hafa hvítabjörn í Húsdýragarðinum. Jón sagðist í samtali við Fréttablaðið vonast til þess að umhverfisráðuneytið væri undirbúið undir heimsóknina á annan hátt en að drepa dýrið. Honum varð hins vegar ekki að ósk sinni. „Á Svalbarða, þar sem hvítabirnir eru algeng sjón, forðast menn að drepa hann heldur reyna frekar að hrekja hann á brott.“

Jón bendir á að hvítabjörninn sé talinn til íslenskra spendýra og því sé það vel þess virði að efla almenna meðvitund um dýrið og stöðu þess í dýraríkinu. „Og þau umhverfisáhrif sem ógna tilveru hvítabjarnarins, breyttu veðurfari og mengun – sem sagt mennirnir með okkar daglega vafstri,“ útskýrir borgarstjóri sem hefur augljóslega mikið dálæti á ísbjörnum. „Þetta er eitt harðgerðasta og stórfenglegasta dýr jarðar og það væri okkur til mikils sóma ef við værum með eitthvert gott kerfi sem tæki fagmannlega á þessu dýrum. Enda eru margir sem telja að með vaxandi ágangi á heimkynni þeirra muni þessum heimsóknum fjölga.“

\- fgg



**EKKI SÁ ÚTVALDI** Ísbjörnin á Hornströndum sem steig á land í gærmorgun er ekki hinn útvaldi hvítabjörn Besta flokksins enda var hann felldur í Hornvík. Heimsóknin hvetur Jón Gnarr og hans félaga til dáða.

# RÝMINGARSALA

40%

## RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM. 25 - 50% AFSLÁTTUR



**KAK 601 3+1+1 569.500,- nú 341.700,-**
Leður: Brúnt
3ja sæta sófi: 230 x 95 x 82 cm
Stóll: 110 x 95 x 82 cm

40%



**SIMONE 295.000,- nú 177.000,-**
Áklæði: Dökkbrúnt og beige
3ja sæta sófi: 230 x 90 cm

40%



**KD 6030 295.000,- nú 177.000,-**
Áklæði: Dökkbrúnt og beige
Tungusófi: 295 x 180 cm

40%



**COW WD5876 145.000,- nú 87.000,-**
Litur: Svart og hvítt
95 x 190 (270) cm

40%



**COW WD5848 98.900,- nú 64.285,-**
Litur: Svart
100 x 170 (270) cm

HEIMA HÚSIÐ
heima mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR

**Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.**

45%



Staflanlegur stóll 28.000,- nú 15.400

35%



Revir brúnn 128.000,- nú 83.200

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Þingmenn í Panama

**Einar K. Guðfinnsson,** Sigmundur Ernir Rúnarsson og Þuríður Backman, formaður Íslandsdeildar, voru þeir þrír fulltrúar Alþingis sem sátu árlegan fund Alþjóðaþingmannasambandsins (IPU) í síðasta mánuði. Var þetta þing sambandsins hið 124. í röðinni og stóð það yfir í fimm daga, frá 15. til 20. apríl. Að sögn Einars var fundurinn hinn besti, en honum líkaði svo vel í landinu við miðbaug að hann ákvað að eyða fimm dögum í frí í Panama að ráðstefnunni lokinni, ásamt konu sinni. Það gerði hann í ljósi þess að Alþingi var ekki að störfum á því tímabili og greiddi Einar sjálfur að fullu fyrir fríið.



### Ævintýrafrumskógur

Senn líður að opnun krakkalands **Hrefnu Bjarkar Sverrisdóttur**, framleiðanda annarrar þáttaraðar Steindans okkar, og gítarleikarans Bjarna M. Sigurðarsonar í Skútuvoginum. Krakkalandið hefur fengið nafnið Ævintýralandið og er stærsta hús sinnar tegundar á landinu, alls 1.200 fermetrar. Frumskógarþema verður í Ævintýralandinu og Bjarni vinnur nú hörðum höndum að því að finna alls kyns frumskógarhljóð sem krakkarnir heyra þegar þeir leika sér í risavöxnum leiktækjum sem kunnugir segja meira í ætt við tívolítæki en þau sem er að finna á leikvöllum.

**- sv, afb**



## Mest lesið vísir

1. Osama bjó í víggirtu stórhýsi – allt rusl var brennt
2. Ekki búið að taka ákvörðun um hvort björninn verði felldur
3. Danskar konur óánægðar með nekt kynsystra sinna
4. Ísbjörn á Hornströndum
5. Björninn felldur í Hornvík





